

GRIPLA



GRIPLA

RITSTJÓRAR

GUDVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON · MARGRÉT
EGGERTSDÓTTIR · SVERRIR TÓMASSON

IX



REYKJAVÍK
STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
1995

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

RIT 43

Prófarkalestur og skrár
HÖFUNDAR OG RITSTJÓRAR

© Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1995

Öll réttindi áskilin

Setning
HÖFUNDAR

Umbrot, filmuvinna, prentun og bókbönd
ODDI HF.


Meginmál bókar er sett með 10 punkta Times lettri á 12 punkta fæti
og bókin er prentuð á 115 gr. Partner Offset pappír

PRINTED IN ICELAND
PRENTSMÍÐJAN ODDI HF.

ISSN 1018-5011
ISBN 9979-819-59-6

EFNI

Guðrún Ása Grímsdóttir: Úr Tyrkjaveldi og bréfabókum	7
Jon Gunnar Jørgensen: „Snorre Sturlesøns Fortale paa sin Chrønicke“. Om kildene til opplysningen om Heims- kringlas forfatter	45
Margrét Eggertsdóttir: Þýskt gyllinistafróf í þremur íslenskum þýðingum	63
Guðrún Nordal: Trúskipti og písl í Hrafnkels sögu	97
Kari Ellen Gade: „1236: Órækja meiddr ok heill gørr“	115
Marianne E. Kalinke: Stefanus saga in Reykjahólabók	133
Gísli Sigurðsson: Kötludraumur. Flökkuminni eða þjóðfélags- umræða?	189
Ólafur Halldórsson: Christian Westergård-Nielsen, prófessor dr. phil. 24. 11. 1910 – 26. 8. 1994	219
<i>Leiðrétting</i>	228
<i>Handrit</i>	229
<i>Upphöf kvæða og vísna</i>	230
<i>Nafnaskrá</i>	231



GUÐRÚN ÁSA GRÍMSDÓTTIR

ÚR TYRKJAVELDI OG BRÉFABÓKUM

Ókennd þjóð úr öðrum löndum
útbúin með vopnin þrenn
grípa féð með grimmum höndum
og ganga yfir landsins menn
varnarlausir vér því stöndum
víst í fári allir senn.¹

I. Sögulegt ágríp

Á 16. ÖLD náði hið víðlenda ríki Tyrkjasoldáns, sem sat í Istanbúl, yfir Litlu-Asíu og Balkanskaga, löndin sunnan Dónár allt að Belgrad, ennfremur um stóran hluta Ungverjalands, Transilvaníu, Moldavíu og Valakíu og fleiri héruð við Svartahaf og á Krímskaga; ennfremur réði soldán fyrir löndum fyrir botni Miðjarðarhafs og við Rauðahaf og Persaflóa og héruð á norðurströnd Afríku allt að Marokkó voru á valdi hans. Ríki Tyrkjasoldáns var algert einveldi, grundvallað á vinnuafli ánauðugra og víðfeðmu skattgreiðslukerfi sem stóð undir herkostnaði sem leiddi af stöðugum landvinningum í heilögu stríði þar sem hið sigraða fólk var unnvörpum tekið til fanga og gert að ánauðugu vinnuafli væri það annarrar trúar en múhamedstrúar. Riddaraliði og sjóher var haldið uppi með því að hermönnum var úthlutað ákveðnum héruðum að léni í nýunnu landi sem bændur ræktuðu áfram, en ákveðinn hluti jarðarágóðans fór til upphalds hermönnum úr hverju héraði. Ánauðugum var haldið í hermannastétt, þeir sátu undir árum á galeiðum og sterkasta herlið soldáns voru janitsjarar, sem voru af kristnum uppruna, en hafði verið smalað saman ungum drengjum í Evrópu, Balkanlöndum, Grikklandi og Ungverjalandi af útsendurum úr soldáns höll, teknir frá foreldrum sínum og aldir upp og þjálfaðir til þess að verða fótgönguliðar í her hans.

¹ Úr kvæðinu: Árgalinn ortur af síra Ólafi Einarssyni 1627, prentað í: *Ein lítil Psalma og Visna Book*. [Útg. Hálfan Einarsson], Hólum 1757, II F⁷-G².

Verkafólk í Tyrkjaveldi var flest hertekið fólk í ánauð og vann einkum í borgum, til að mynda við vefnað í Bursa í Litlu-Asfu sem var mikilvægasta verslunarborg Tyrkjaveldis og hlið viðskipta milli austurs og vesturs. Lög múhamedstrúarmanna um þrælahald voru upphaflega sótt í Gamla Testamentið og fornlög Grikkja og Rómverja, en urðu að mörgu leyti sveigjanlegri en fyrirmyndirnar sem fram kemur í því að í hinum vestræna kristna heimi varð ekki undan þrældómi komist nema með flóttu, uppreisn eða sjálfstortfingu eins og skýr dæmi eru um af sykkurekrum Dana í Vestur-Indíum á 17. og 18. öld. Herteknu fólki í Tyrkjaveldi gafst hinsvegar kostur á að kaupa sig úr ánauð fyrir ákveðið vinnuframlag eða fé enda litið svo á samkvæmt lögum múhamedstrúarmanna að frelsi sé grundvallarþáttur mannlífs en ánauð hræranlegt ástand; hinir ánauðugu þar lifðu því ávallt í von um frelsi og fengu það stundum af réttlátum húsbændum óumbeðið.² Þar sem ein undirstaða Tyrkjaveldis var ánauðugt vinnuafli var þar tryggur markaður á lifandi fólki; ein heimild greinir að á seytjándu öld hafi 20.000 herteknir komið árlega til Istanbúl einnar.³

Veldi Tyrkja hnignaði eftir 1590, skipulagðar herbækistöðvar þeirra í borgum og þorpum féllu í niðurníðslu, aðalvopn þeirra voru þá enn bogi og örvar og bjúgsverð sem ekki stóðust gegn púðri óvina; efnahagskreppa steðjaði að ríki soldáns, óvinaherir sóttu að og í andlegri menningu var ekki leitað endurnýjunar eða útsjónar útfyrir landamæri soldáns, en hámenning Tyrkjaríkis var hallarmenning bundin við Istanbúl þar sem voru hópar skapandi lærdóms- og listamanna sem voru ánauðugir, en dreifðust að boði síns herra eftir hæfilega hallarvist um hið víðlenda ríki. Hersveitir janitsjara, sem upphaflega voru sendar til eftirlits í borgum í úthéruðum, tóku með tímanum völdin hver á sínum stað og gerðust yfirstétt í borgunum og rökuðu að sér auði með skattlagningu og fríðindum, en janitsjarar voru sjálfir skattfrjálsir. Miðstjórnarvaldið í höll soldáns í Istanbúl missti því tókin á úthéruðum og gilti það ekki síst um héruðin í Norður-Afríku.

Par, á útjaðri ríkisins í vestri, er Alsír þar sem grísku bræðurnir

² Halil Inalcik. *The Ottoman Empire. The Classical Age 1300–1600*. London 1973, 87–88, 121–125, 160; Christopher Lloyd. *English Corsairs on the Barbary Coast*. London 1981, 112; Murray Gordon. *Slavery in the Arab World*. New York 1989, 38–39, 41. Sbr. *The Quran*. Ensk þýð. Muhammad Zafrulla Khan. London 1981, 2: 178; 90: 14.

³ Halil Inalcik. *The Ottoman Empire*, 78.

Barbarossa, 'Aruj og Kheyr-ed-din frá Lesbos, settust að 1516 og komu undir vernd Tyrkjasoldáns 1518 og hélst svo fram um 1830 að Frakkar tóku þar ráðin. Kheyr-ed-din lét gera Alsírborg trausta höfn með hafnargarði og lagði með því grundvöll að alþjóðlegri hafnarborg sem síðan blómgaðist af löglegri verslun jafnt og ránsferðum víkinga. Eftir 1600 laut Alsír undir landstjórn janitsjara og var að miklu leyti óháð miðstjórnarvaldinu í Istanbúl. Meginuppistaða flota Tyrkjaveldis voru sjóræningjaskip frá norðurströndum Afríku allt frá því á tíð Barbarossa-bræðra, og í hvert sinn sem soldán lagði til orrustu í hafi sameinuðust þau flota hans; í sjóorrustunni miklu við Lepanto 1571 voru einu skipin úr tyrkneska flotanum sem komust undan sigurvegaranum, hinum kristna flota, fjörutfu skip landstjórans í Alsír.⁴ Fram undir 1600 voru skipin í flota Tyrkja galeiður sem róið var af þrælum aðallega um innhöf þar sem seglum var lítið beitt.

Sjórán voru stunduð frá alda öðli á Miðjarðarhafssvæðinu og koma fyrir í skáldskap þess, í kviðum Hómers, sögum Boccaccios og *Don Quixote* eftir Cervantes; andi sjóvíkinga lifir sannarlega enn á þessu svæði sem lesa má af æskuminningum Mohamed Choukri sem hann skrifaði árið 1972 undir heitinu *Le pain nu*.⁵ Á sextánda öld voru sjórán atvinnuvegur fjölda manna á þessu svæði sem voru af ólíku þjóðerni, stéttum og trúarbrögðum; þessi atvinnuvegur laut eigin lögmálum, skilmálum, síðum og venjum en þeir sem hann stunduðu voru á útjaðri mannlegs samfélags. Af borgum á kristnum svæðum þar sem sjórán voru atvinnuvegur má nefna Leghorn, Písa, Napolí, Messína, Palermo, Möltu, Palma de Mallorca; og á svæði múslima voru Valona, Trípolí, og Sale, en æðst og auðugust borga þar sem sjóræningjar áttu heimahöfn var Alsír í Norður-Afríku.⁶

Í upphafi sextánda aldar var Alsír borg Berba og Andalúsúmanna, en varð á tímabilinu 1560–1620 höfuðborg sjóræningja og íbúarnir af blendnu þjóðerni; þar voru kristnir, múslimar, Gyðingar og um og eftir 1600 fluttust þangað menn að norðan, Englendingar og Hollendingar, og fluttu með sér púður og byssur og nýja tækni í skipasmíðum og sigl-

⁴ Carl Brockelmann. *History of the Islamic Peoples*. London 1959, 328.

⁵ Halldór B. Runólfsson íslenskaði bókina og nefndi *Á brauði einu saman*, Rvk. 1983.

⁶ Fernand Braudel. *The Mediterranean and the Mediterranean World in the Age of Philip II*. London, New York 1973 II, 869–878.

ingum sem skipti sköpum fyrir velgengni Alsírborgar. Frá upphafi sey-tjándu aldar tileinkuðu sæfarar hennar sér nýja tækni þar sem megin-áhersla var lögð á sterkbyggð seglskip reiðubúin til úthafssiglinga; þessvegna gátu Alsírbúar nú siglt út og inn um Gíbraltarsund. Sagt er að Símon dansari (Simon Simonsen), sjóræningi frá Dordrecht sem sigldi gegnum Gíbraltarsund 1601 á sterkbyggðu skipi sínu, byggðu í Lübeck, hafi kennt Alsírbúum listina að sigla gegnum þetta sund og byggja skip sem fær voru til úthafssiglinga.⁷ Eftir 1600 tóku seglskip við af galeiðum frá Alsír og sjóvíkingum opnaðist leið útá Atlantshafið til fanga og gjörvallt borgarlífið hvíldi á herfangi sem sjóránin skiluðu. Borgin sjálf var vel skipulögð og umfram allt hreinleg, enda baðaði fólk sig reglulega. Hertekið fólk var selt á markaðstorgum og gert að mansfólki sem vann dagleg störf; hreinsaði strætin, spann, bar vatn í hús og þjónaði hinum frjálsu til borðs og sængur og baðs. Mansfólkið hafðist flest við í „bago“ eða húspörpum, sem gætt var af hermönnum, og hafði aðgang að kapellu og spítala, sérhver ánaudarmaður í húspörpunum var með járnhring um hægri ökla og fæddist við brauðhleif, krús af vínsýru og kúskús. Hið ánauduga fólk var af mörgum þjóðernum; flæmska sæfaranum Emanuel d'Aranda, sem var fangi í Alsír í þrjú ár, þótti vistin þar jafngilda háskólanámi í því að læra að lifa í veröldinni.⁸ Portúgalskur fangi hafði þá sögu að segja að 1621–1627 hafi verið tuttugu þúsund herteknir í Alsír, helmingur þeirra að uppruna kristnir menn; portúgalskir, flæmskir, skoskir, ungverskir, danskir, írskir, slavneskir, franskir, spænskir og ítalskir, hinn helmingurinn var af öðru þjóðerni og öðrum trúflokki, frá Sýrlandi, Egyptalandi, Eþíópíu og jafnvel einhverjir frá Japan og Kína, komnir frá Spáni úr nýja heiminum, og svipaða sögu um mannmergðina hafði Guttormur Hallsson frá Búlandsnesi að segja þegar hann skrifaði heim til Íslands í leyndum stað í Alsírborg í nóvember árið 1631.⁹ Um 1630 voru um 100.000 íbúar í Alsír og af þeim töldust 15.000 til hertekinna í ánaud.¹⁰

⁷ Fernand Braudel. *The Mediterranean* I, 19–20; II, 884–886; Lloyd. *English Corsairs on the Barbary Coast*. London 1981, 54.

⁸ Lloyd. *English Corsairs*, 115–116.

⁹ F. Braudel. *The Mediterranean* II, 885; *Tyrkjaránið á Íslandi 1627* (Sögurit IV). Útg. Jón Þorkelsson. Rvk. 1906–1909, 389.

¹⁰ Lloyd. *English Corsairs*, 30.

II. Sunnan úr Alsír til Íslands

Vani sjóvíkinga frá Alsír var að sigla í flotum og vorið 1627 komu að Íslandi fjögur skip þaðan að sunnan. Skipkoman er kölluð Tyrkjaránið í íslenskum heimildum. Eitt skipanna lagði að landi við Grindavík nærri Jónsmessu, önnur tvö sigldu til Austfjarða og þrjú skip komu til Vestmannaeyja um miðjan júlí. Sjóræningjarnir að sunnan gerðu strandhögg á þessum stöðum á Íslandi með líkum hætti og tíðkuð höfðu verið lengi í ránsferðum við Miðjarðarhaf. Þeir skemmdu og hertóku fólk og fé, nær 400 manns tóku þeir í skip sín, þar af 242 úr Vestmannaeyjum,¹¹ og sigldu burt með herfang sitt og seldu fólkíð í ánaud, flest í Alsír en einnig í Sale í Marokkó.¹² Flestir hinna herteknu voru Íslendingar, en einnig Danir sem teknir voru á kaupskipum og verslunarstöðum landsins.

Fáeinir hinna herteknu komu aftur til Íslands 1628 eða síðar, meðal þeirra var síra Ólafur Egilsson sem sendur var burt úr Barbarínu til þess að ná í fé af kóngi sínum, Kristjáni fjórða, til þess að borga út konu sína og börn, og hinir herteknu Íslendingar sem eftir sátu væntu þess að kóngurinn léti frelsa þá fyrir árnað síra Ólafs.¹³ Í kristnum ríkjum var þegar um 1200 starfað að endurlausn kristinna manna sem herteknir voru í ríkjum Tyrkjasoldáns og settar voru á fót stofnanir sem lögðu fram ráð og fé þeim til lausnar; á Ítalíu stofnsetti Gregoríus XIII páfi Opera Pia della Redenzione de' Schiavi árið 1581, aðrar slíkar stofnanir eða reglur voru t.d. á Spáni, í Frakklandi og í Hamborg.¹⁴ Ríkir menn keyptu sjálfir frelsi sitt,¹⁵ en safna varð fé til lausnar öðr-

¹¹ Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 366.

¹² Skipið sem rændi í Grindavík mun hafa selt afla sinn í Sale, reyndar nefna sumar íslenskar heimildir í hennar stað Chyle eða Kyle sem er óþekkt borgarnafn á þessum slóðum, en Sale var kunn sjóræningjaborg, sjá Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 374–375, sbr. 2, 223, 230, 231, 269; Braudel. *The Mediterranean* II, 860, 870, 971.

¹³ *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson sá um útgáfuna. Rvk. 1969, 72; Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 158, 374.

¹⁴ F. Braudel. *The Mediterranean* II, 887–888; Lloyd. *English Corsairs*, 120–124.

¹⁵ Einar Loftsson keypti sér frelsi fyrir eigið erfiði hjá Tyrkjum með því að brenna brennivín og gera þrjónahúfur, Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 286, en af Íslendingum sem keyptu sér frelsi fyrir eigið fé eða ættingja sinna á Íslandi er einungis vitað um Benedikt Pálsson bartskera í Hamborg, sonarson Guðbrands biskups Þorlákssonar, en hann var meðal þeirra sem herteknir voru þegar tekin voru þrjú Hamborgarskip 1633. Honum var sent fé af Íslandi til útlausnar og kom aftur 1636, sjá *Biskupa sögur* II. Kh. 1878, 701;

um, enn aðrir komust undan á flóttu, en margar þrautir varð að leysa áður en fangi eða hertekinn maður í Tyrkjaveldi varð frjáls.¹⁶ Árið 1636 voru um 37 Íslendingar keyptir úr ánauð fyrir fé sem hafði safnast að boði Kristjáns konungs fjórða með tillögum almúga á Íslandi í fiskvirði og vettlingavirði. Lausnargjaldið jafngildi um 4.000 kyrverðum og komust 27 Íslendingar heilu og höldnu til Íslands 1637.¹⁷ Þá voru margir hinna eldri af þeim herteknu dánir, en yngra fólkið sem eftir varð hefir líklega flest látið turnast og tekið upp nýja lífshætti í Tyrkjaveldi og horfið með því nafnlaust úr íslenskum ættartölum.¹⁸ Í minnisgrein í handritinu Sth. papp. 25 8vo, bl. 124v, sem skrifuð er af eyfirskum manni, Halldóri Guðmundssyni, um miðja 17. öld, er eftirfarandi yfirlit yfir hve mörgum var rænt, hve margir drepnir, hve margir létu turnast og hve margir komu aftur, en greinin hefir eflaust orðið til upphaflega þegar safnað var fé hérlendis til endurlausnar hinum herteknu.¹⁹

Tyrkjaránið á Íslandi 1627, 288; *Sýslumannaæfir* eptir Boga Benediktsson með skýring- og viðaukum eptir Jón Pétursson. I Rvk. 1881-1884, 536-537.

¹⁶ Á 17. öld voru gefnar út á prenti lýsingar hertekinna manna sem losnuðu úr fangelsi eða ánauð í Tyrkjaveldi; nefna má Johann Wild frá Nürnberg sem skrifaði *Neue Reysbeschreibung eines Gefangenen Christen... Anno 1604 angefangen und 1611 ihr end genommen...*, Nürnberg 1613, önnur útg. kom 1623. (Eftir frumútg. er útg. Karl Teply, Stuttgart 1964 í ritröðinni Bibliothek Klassischer Reiseberichte.) Eftir J. B. Gramaye sem haldinn var fangi í Alsír í sex mánuði er ritið *Africae illustratae libri decem in quibus Barbaria gentesque ejus ut olim et nunc describuntur etc.* Tournoi 1622. Klerkurinn Pierre Dan fór í leiðangur til Alsír 1634 til þess að leysa hertekið fólk úr ánauð og skrifaði *Histoire de Barbarie et de ses Corsaires (1637)*. Önnur útg. París 1649. Einnig má hér nefna rit eftir William Okeley, enskan sæfara sem var þrjú ár fangi í Alsír en flúði og skráði *Ebenezer, or a small Monument of great Mercy appearing in the deliverance of William Okeley, William Adams, John Anthony, John Jeps and John the Carpenter*. Útg. 1671. Hinn flæmski Emanuel d'Aranda sem fór frá Alsír 1642 skrifaði síðar *Relation de la Captivité et Liberté du Sieur d'Aranda*. Fyrst útg. 1656. Úr síðastnefnda ritinu er prentaður kafli í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 349-355. Síra Ólafur Egilsson eða þeir sem studdu við bakið á honum hafa eflaust þekkt einhver rit af þessu tagi og það orðið hvatning til þess að hann samdi sína Reisubók.

¹⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 410-411, 412-415, 416-418, 423-428, 431-451; sbr. einnig Sverrir Kristjánsson. Formáli. *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Rvk. 1969, 45 og tilvísanir þar.

¹⁸ Um þá Íslendinga sem létu turnast, sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, bls. 5, 285, 291, 293-294, 299, 318, 353-355, 376, 387.

¹⁹ Grein þessi hefir ekki verið prentuð áður. Um handritið, sjá Jón Helgason og Anne Holtmark. *Háttalykill enn forni* (Bibliotheca Arnarnagæana Vol. I), Kh. 1941, 7-

Til Mjinniz

War suo margt foolk fängad og hertekid ä Jslande ä þuj Aare: 1627 af tjrkiu huorier komu vr Barbarieno. I Vestmanneyar: Djupa vog og Grijnda Vijk

Ad tólu: iiij hundrad hálf²⁰: kallfölk: kuennmenn: og vngmenne: Hier ad auk: 15 sem i Grijndavijk tekner vóru: Ejrinn Altafjirde Berufjirde og Reijdarfyrdi: fyrer austann hafa nu suo göder og skilvijser menn fra sagt af þeim sem aptur komu vr Barbarienu Ad J [Acier] af fyrskrifudu folki hafe turnast: 26: þeir sem fullordner voru kallmenn og konur: Par ad aukj Bórn og vngmenne: 64: sem voru fyrer Jnnann 12 ár: til. ij ára: og ad aukj þau iij sem ä framm reýsunne fæddust: og ij sem þar J sialfu landino til komu: enn J Jslande gjetinn

Enn J Vestmanneyum lijflätner: 21 med j Barne

Hafdi af austann fölkino turnast: 18 Vngmenne fyrer Jnnann: 12 är enn fullordner vj: med eirne konu: Suo og ondudust ij konur ä reijsunne: huórium vt var kastad: vard ónnur eckj vidskila vid sitt foostur: enn ónnur Bräddaud.²¹

Frásagnir urðu fljótt til um Tyrkjaránið, en mestöllu skrifuðu efni um atburðina safnaði Jón Porkelsson saman og gaf út í ritinu *Tyrkjaránið á Íslandi 1627* (Sögurit IV), Rvk. 1906–1909. Kláus Eyjólfsson lögréttumaður á Hólum í Rangárþingi skrifaði samsumars um ránið í Vestmannaeyjum.²² Skólapiltar að austan sem voru í Skálholti 1628 tóku þá saman frásögn um atburðina fyrir austan.²³ Síra Ólafur Egilsson á Ofanleiti í Vestmannaeyjum, sem hertekinn var skrifaði Reisu-

12. Um skrifarann, sjá Stefán Karlsson. Halldór Guðmundsson, norðlenzkur maður. *Opuscula* Vol. IV (Bibliotheca Arnarnagnaana Vol. XXX). Kh. 1970, 83–107.

²⁰ hundrad hálf: í handriti er hundradstákn skrifað ofan línu og lóðrétt strik í.

²¹ Í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá, sem síðar verður vikið að, er áþekkt yfirlit, ugglaut byggt á sömu heimild, en í því er ekki getið þeirra tveggja barna sem fædd voru í Barbaríinu en getin á Íslandi, þar er talið að 99 hafi turnast og ekki tilferð tala þeirra sem drepnir voru í Vestmannaeyjum, en heildartala þeirra sem drepnir voru á Íslandi sögð 40, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 299.

²² *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 18–90.

²³ Sama rit, 6–17.

bók og segir frá ráninu í Vestmannaeyjum, siglingunni til Alsírborgar, veru sinni þar og afturför til Íslands.²⁴ Björn Jónsson á Skarðsá skrifaði Tyrkjaránssögu árið 1643²⁵, að vísu að áeggjan Þorláks biskups Skúla-sonar.²⁶ Á undan Tyrkjaránssögunni sjálfri gerir Björn grein fyrir heimildum sínum; hann fór eftir fyrrnefndum ritum og að auki týndum ritum eftir tvo hertekna menn, þá Halldór Jónsson úr Grindavík og Einar Loptsson úr Vestmannaeyjum, og eftir glötuðu sendibréfi Jóns Jónssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.²⁷ Enn er að nefna stuttan annál sem skrifaður er eftir 1637, en líklega ekki löngu seinna.²⁸ Talsvert er til af bréfum, skjölum og kveðskap og bönnum varðandi Tyrkjaránið auk styttri frásagna, örnefna og þjóðsagna sem minna á það og er flest prentað í fyrrnefndu safnríti.²⁹ Í formála þess segir Jón Porkels-

²⁴ Sama rit, 91–203; Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaáldarinnar á Íslandi* IV. Rvk. 1926, 294–303; *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson sá um útgáfuna. Rvk. 1969.

²⁵ Alrangt er það sem segir í *Íslenskri bókmenntasögu* II, Rvk. 1993, 499, að rit Björns á Skarðsá sé elsta rit „um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum“, það á hinsvegar við um áðurnefnt rit Kláusar á Hólum.

²⁶ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 218. Þorlákur hafði verið staddur hjá Holger Rosenkrantz höfuðsmanni á Bessastöðum þegar sjóræningjaskip steytti á skeri þar undan landi 1627 og ári síðar hitti hann í Kaupmannahöfn hjá doktor Hans Resen sfra Ólaf Egilsson nýsloppinn undan ánaud í Alsír, sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, VI, 130. Vera má að þessi atvik hafi átt sinn þátt í að biskup hvatti Björn til að skrá söguna.

²⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 204–299. – Í registri við bréfabók Gísla biskups Oddssonar, AM 246 4to, stendur að á bl. 285 sé bréf Jóns Ásbjarnarsonar úr Tyrkiríinu til föður síns og á bl. 293 sé bréf þeirra bræðra úr Tyrkiríinu, Jóns og Helga Jónssona, en hvorugt bréfið er nú í bókinni en eyða milli bl. 284–301. Úr bréfi Jóns Jónssonar 1633 og bréfi Jóns Ásbjörnssonar er efni í sjötta parti Tyrkjaránssögu eftir Björn á Skarðsá, ef til vill hefir hann fengið bréfin úr bókinni léð til nota við Tyrkjaránssöguna, en á undan sögunni segir hann að efni hafi til sín borist skriflega „eða skynsamlega flutzt“, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 218. Fleiri bréf varðandi Tyrkjaránið eru nefnd í registrum en eru ekki lengur í bréfabókum Gísla (sjá hér á eftir) en erfitt að giska á hvar hafi lent – nema þau hafi brunnið með gögnum sem Árni Magnússon hafði safnað um Tyrkjaránið, sjá Kr. Kálund. *Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling* II. Kh. 1894, XV.

²⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 1–5.

²⁹ Í *Blöndu* II, Rvk. 1921–1923, 350–352 birti Hannes Þorsteinsson að auki bréf Benedikts Halldórssonar til Jóns Arasonar, skrifað á Möðruvöllum 24. ágúst 1627, í því eru tíðindi af Tyrkjaráninu í Vestmannaeyjum og fyrir austan. Sagnalitur um Tyrkjaránið eru í ritinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* IX, safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon. Útg. Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson. Rvk. 1988, 149–152. Um aðrar þjóðsögur um Tyrkjaránið, sjá tilvísanir í inngangi Jóns Porkelssonar í ofanefndu safnríti, bls. XXVI, einnig Porkell Jóhannesson. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. 1938, 37.

son að ekkert sé „undanfelt sem til fróðleiks þótti horfa og fyrir manni hefir orðið af því sem nokkur frásögn eða tíðindi eru í.“³⁰ Jón kembdi handritasöfn, en hefir sneitt hjá bréfum í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar sem varða hjúskaparmál þeirra í Vestmannaeyjum sem misstu maka sinn í herleiðingu suður til Alsír en fram kemur að svo hafi verið um 24 konur og 16 karlmenn.³¹

Hér fer á eftir skrá yfir bréf sem fyrir mér urðu í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar sem snerta að einhverju eftirmál í Vestmannaeyjum eftir Tyrkjaránið. Fyrirsagnir eru að mestu eftir registrum bréfabókanna, en tímasetningum bætt við eftir því sem segir í bréfunum. Stafsetning er samræmd og blaðatölur miðaðar við eldri merkingar í handritunum hér í skránni sem og í tilvísanagreinum:

AM 244 4to

Jaspar Kristjánssons bréf um sín efni 13. júní 1635, bl. 14v–15r. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 421–423.

Vitnisburður Halls Þorsteinssonar og Þorsteins Ormssonar um Önnu Jasparsdóttur í Tyrkirínu 18. júní 1636, bl. 162r. (Prentað hér aftar.)

Meðkenning Erlends Ásmundssonar um gifting Jóns Oddssonar í Vestmannaeyjum 20. júní 1636, bl. 162v–163r. (Prentað hér aftar.)

Opið bréf til Vestmannaeyja 16. okt 1636, bl. 217v–218v.

AM 245 4to

Prestastefna á Þjóðólshaga 17. júní 1631, bl. 69r–70r. Fjórða grein, bl. 69v nefnir vandræðin í Vestmannaeyjum.

Um stórmæli á Vestmannaeyjum. 3. júlí 1632, bl. 101r.

Til prestanna á Vestmannaeyjum 23. október 1632, bl. 142v–143r.

Anno 1631. Memoriale. 9. grein, bl. 186v fjallar um þá sem misstu maka í hendur Tyrkjum. (Prentuð hér aftar.)

AM 246 4to

Kláus Eyjólfssyni. Um sakafólk á Vestmannaeyjum, bl. 3r.

Árna lögmanni tilskrifað um toll í Tyrkiríu 22. febrúar 1633, bl. 3v–4v. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 412–415.

³⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, II.

³¹ Sama rit, 337.

- Síra Einari Gvöndssyni um hálfkirkju kúgildi. Tyrkjatoll, bl. 5v–6r.
- Síra Gísla [Bjarnasyni] á Stað. Um hlut að gefa þeim herteknu. Skv. registri bl. 9, en vantar í bókina.
- Til síra Ólafs Egilssonar og Kláusar Eyjólfssonar. Um sakafólk á Vestmannaeyjum anno 1633, bl. 34r–v.
- Kláusi Eyjólfssyni. Um giftingar á Vestmannaeyjum, 9. nóvember 1634, bl. 87r–v.
- Til Erlends Ásmundssonar. Um aflausnarlausu sakamenn 22. apríl 1634, bl. 153r–v.
- Síra Snæbirni Stefánssyni um nauðsynjar í Vestmannaeyjum 25. apríl 1634, bl. 154r.
- Bréf til Vestmannaeyja 25. apríl 1634, bl. 155v–157r.
- Vestmannaeyja dómur. Um málaferli á Vestmannaeyjum. Skv. registri á bl. 209 en vantar í bókina.
- Herra Þorláki tilskrifað. Um fólkið á Vestmannaeyjum 10. nóvember 1634, bl. 232v–233v.
- Síra Snæbirni [Stefánssyni]. Um Dals kirkju. Um giftingar í Vestmannaeyjum, vantar framanaft, bl. 256r.
- Bréf skrifað í Vestmannaeyjar 19. janúar 1635, bl. 282r–284r.
- Bréf Jóns Ásbjarnarsonar úr Tyrkiríinu til síns föðurs. Skv. registri bl. 285 en vantar í bókina. Sbr. *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, XLV, 236, 293.
- Bréf þeirra bræðra úr Tyrkiríinu, Jóns og Helga Jónssona. Skv. registri bl. 293 en vantar í bókina. Sbr. *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 208, 220, 289–293.

AM 247 4to

- Kláusi Eyjólfssyni tilskrifað um Vestmannaeyjafólk 3. maí 1635, bl. 66r–v.
- Bréf til prestanna á Vestmannaeyjum, bl. 70v–71r.
- Dómur í Vestmannaeyjum um hreppskil, bl. 72r. (Prentað hér aftar.)
- Vitnisburður um einn hertekinn andaðan, bl. 76r. Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 418–419.
- Bréf um þá sem fara úr sókninni um lýsingartímann 6. apríl 1635, bl. 76r–v.
- Vitnisburður síra Ólafs Egilssonar gefinn fátækri konu [Sigríði Sigurðardóttur] 9. apríl 1635, bl. 76v–77r.
- Annar [vitnisburður] síra Gísla Þorvarðssonar [gefinn Sigríði Sigurðardóttur] 9. apríl 1635, bl. 77r.

Opið bréf til Vestmannaeyja 31. maí 1635, bl. 101r–103v.
 Opið bréf til Vestmannaeyja 12. júlí 1635, bl. 138v–140r.
 Bréf Guðríðar Símonardóttur úr Tyrkiríinu bl. 143r–v, vantar aftaná.
 Prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 419–421.
 Bréf Þorsteins Sveinssonar úr Barbaría. Skv. registri bl. 145a en vantar í bókina.

Nú verður stiklað á fáeinum atriðum sem fram koma í ofanskráðum bréfum, en birtir í heild vitnisburðir sem skera sig úr að heimildargildi, því að í þeim kemur fram hver urðu afdrif nafngreindrar konu úr Vestmannaeyjum, Önnu Jasparsdóttur, en ekki er betur vitað um örlög annarra kvenna sem herteknar voru og komu aldrei aftur.³²

III. Bréf og persónur

Erlendur Ásmundsson var auðmaður, bóndi á Stórólshvoli, hafði um tíma sýsluvöld í Rangárfingi í umboði Gísla Hákonarsonar og í Árnessþingi í umboði tengdasonar síns, Vigfúsar Gíslasonar.³³ Erlendur þingaði í umboði Gísla lögmanns Hákonarsonar þegar gekk dómur um „það fólk, sem lifir í hneykslanlegum lifnaði og sérdeilis um þá sem hafa orðið að skilja við sínar ektapersónur sem herteknar voru Anno 1627 ... og lízt mönnum það horfa til vandræða, helzt um það, sem ungt og hraust er, en fær ekki að giptast fyrr en það vij ára frest er úti,

³² Sigfús M. Johnsen getur um efni bréfa og vitnisburða um þessi mál í fyrirlestri sem hann flutti í Vestmannaeyjum í júlí 1927 og prentaður var í Reykjavík sama ár undir heitinu *Kláus Eyjólfsson lögsagnari og Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum 300 ára minning*, og fer um þessar heimildir líkum orðum í bók sinni *Saga Vestmannaeyja I*, Rvk. 1946, og birtir þar hrafl úr þeim, 266–268; sbr. Jón Helgason. *Tyrkjaránið*, Rvk. 1983, t.d. 122, 167, 183–184, 215, 225. Báðir þessir höfundar fóru eftir uppskrift Páls Eggerts Ólasonar á bréfabókum Gísla biskups í Lbs. 1645–1646 4to. Sigfús las „höfðingja“ í stað „heiðingja“ (sjá hér aftar s. 24 og 26) og tengdi Önnu Jasparsdóttur við sögn um drottninguna í Algeirsborg. Sú sögn er mér ókunn. Undir heitinu „Drotningin í Algeirsborg“ orti Sigfús Blöndal kvæði og lætur drottninguna tala, nefnir hana Ástu Eiríksdóttur, konu Hússein Khodja Dey, sjá Sigfús Blöndal. *Drotningin í Algeirsborg og önnur kvæði*, Rvk. 1917, 7–40.

³³ *Sýslumannaæfir* eptir Boga Benediktsson. Með skýringum og viðaukum eptir Hannes Þorsteinsson. IV Rvk. 1909–1915, 298–299, 526; Einar Bjarnason. *Lögréttumannatal*. Rvk. 1952–1955, 132–133.

sem tilsett er í kongsins Articulis, eða aldrei, þeir, sem allareidu eru brotlegir orðnir“ segir í minnisbók Odds biskups Einarssonar 1630.³⁴

Hér er vísað til þess sem segir í hjónabandsreglum sem konungurinn, Friðrik II, bauð 1587 að haldast skyldu á Íslandi. Í kafla, sem tilgreinir orsakir þess að ektafólk megi skiljast að, eru ákvæði þess efnis að ef maður fer í stríð eða kaupferðir og verður af þeim sökum lengi í burtu skal húsfreyja bíða hans í að minnsta kosti sjö ár, og ef trygg vitneskja er um að hann hafi verið tekinn til fanga eða för hans hindruð á annan hátt gegn vilja hans, skal húsfreyja bíða hans og ekki gifta sig, en ef vitnisburðir liggja fyrir um að maðurinn sé dauður, annaðhvort í stríði eða hafi andast með öðrum hætti, skuli vitnisburðir þess efnis koma fyrir löglega dómara sem ákveði hvort vitnisburðirnir séu gildir, og jafnframt skal sú persóna sem vill gifta sig á nýjaleik færa fram vitnisburði um að hún hafi hegðað sér vel; að þessu loknu leyfist annar ektaskapur. En sá sem hefir sængað með öðrum skal straffast tilhlýðilega að undangenginni réttarrannsókn í málum sínum.³⁵

Dómurinn sem gekk þegar Erlendur Ásmundsson þingaði og getið er hér að ofan eftir minnisbók Odds biskups Einarssonar er ef til vill sá dómur um hreppskil sem varðveittur er í bréfabók Gísla biskups Oddssonar og er á þessa leið:³⁶

5. júní 1630. Á Vestmannaeyjum að Hvítungum.

Dómur um aðskilnað þeirra sem halda ógiftir saman heimili og fallið hafa í opinberan hórdóm saman.

Anno 1630 þann 5 dag Junij A Uestmanna eyum ad Huijtingum a þingstad riettum uoru þesser menn ærliger til döms nefnder af Ellende Asmundssini er þa þinggadi efter fouitans Sacharias Gottfredsonar bön og brekan; Oláfur Helgason; Claus Eiolfsson; s: I: Einar; B: Hækonarson; Jaspas Christiansson; Jön Stullason; og Jön Sijgurdsson;

³⁴ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 335. – Erlendur dæmði einnig í umboði Gísla lögmans Hákonarsonar Lambeyjardóm 1627 um arfa og umboðstökur eftir þá menn sem líflátirnir voru í Vestmannaeyjum eða burt rændir af Tyrkjum, *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 360–366.

³⁵ *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve som til Island ere udgivne af De Høist=priselige Konger af den Oldenborgiske Stamme*. 2. Deel. [Útg. Magnús Kettilsson], Hrapsey 1778, 120.

³⁶ Í athugasemd við *Sýslumannaæfir* IV, 526 er bent á að þetta sé ef til vill sami dómur og nefndur er í minnisbók Odds biskups.

um þessar efterfilgiandi greiner er prestar æ Uestmanna eyum döms æ beiddust; sem er J firstu; huert oss uirdist leifilegt eda lijdanlegt ad þeir menn sem fallid hafa i opinberann hördöm halldi sijnar hördöms konur æ sijnu heimili og hafi þær firer sijnar büstjrirur og giori það J forbodi og J möti uilia kennemannanna oc sijns iferuallds huad uier alldeilis afdæmum; enn huer þar æ möti girir J trassi eda forbodi sinna sælusorgara; þa sie kennemennerner skillder ad giora þeim aminningar efter sijnu prestligu embætti ad minsta kosti first einusinni heimugliga þar efter under ij^a ærligra manna uitni; seinast opinberliga af predicunar stölnum enn uilie þau þa ecke adskilia þa sieu þau sett J kirkiunnar bann og afsett sijnum frijheitum; enn það köngdöminum uiduijkur og þeim ueralldlega rette þa sie efter þui sem lange dömur hliödar um þa sem opinberer hafa ordid ad frillu lijfi og hallda sig saman i forbodi; Nu enn frammar bædust þeir döms æ huort oss uirtist það fullkominn og næanligur skilnadur slijkra manna æ mille ad þaug eru bædi hier a Uestmannaeyum þar hier er huort heimili odru suo nælæggt og oll sueitin so sem ein kirkiu sokn huad oss uirtist möti ordinantiunne, helldur muni annadhuert hliöta til lands ad rijma so framt sem þaug bædi eru ogipt edur þar af stendur nockur hneixlun kristiligre kirkiu.³⁷

Ekki er efamál að það hefir hvatt yfirvöld til þess að gangast fyrir endurlausn hinna herteknu, að einhverjir þeirra sem eftir sátu sviptir maka sínum í Tyrkjans vald leituðu forboðins samliffs; við það mátti ekki una eftir þeim ströngu reglum sem hér réðu í siðferðilegum efnum og voru samofnar kristnum lífsviðhorfum. Dómurinn sem birtur var hér að ofan hefir verið sprottinn af vanda þeirra sem misstu maka sína í hendur Tyrkjum, og af sama vanda mun sprottið kóngsbréf sem lesið var upp á alþingi 1634 þar sem boðin er linun á straffi fyrir leg-orðssakir fyrir þá sem misstu maka á Tyrkjans vald, en engum sem hafði misstigið sig leyfðist að giftast aftur.³⁸ Andleg og veraldleg yfirvöld landsins voru í vafa um hvernig fara átti með mál af þessu tagi;

³⁷ AM 247 4to, bl. 72r. Ólafur Halldórsson benti mér á, að þessi dómur og nokkur önnur bréf í bréfabókum Gísla biskups Oddssonar, kynnu að vera með hendi Sigurðar Jónssonar sem var fimm ár í þjónustu Gísla biskups Oddssonar, síðar sýslumaður og lögmáður, bjó lengstum í Einarsnesi. Sigurður Jónsson skrifar með eigin hendi undir bréf í AM 247 4to, bl. 91r (84r skv. nýrri blaðtölum) og sjást viss líkindi í stafagerð undirskriftarinnar og þessa bréfs og nokkurra annarra í bréfabókum Gísla biskups.

³⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 415–416.

hvort fara skyldi eftir kónsbréfi þessu, Stóradómi eða hjónabandsreglunum frá 1587, sést það glögg af bréfum Gísla Oddssonar biskups, til að mynda minnisgreinum hans frá 1631 þar sem segir m.a.:

Um þá sem eru i Vestmanna eýjum eða ä lannde hvorra make eða ecktapersona hafa vered hertekenn aff Tyrkjanum og menn vita eckj sónn tydende hvórt þeir sieu þar ä lijffe edur ecke, hvórsu leinge þeir hliöta ögipter ad vera? Jtem þar sem soddan persönur finnaz brotlegar einu sinne edur optar ä medan hvort þær skule straffazt summo jure so sem fyrrer fullnadar hördöm lýka vppä lijfid, eff það skal gillda. Pui þar um þikiaz vorer ýfervalldzmenn mióg övisser, Enn þeir anndlegu kunna þar aungvu ódru til ad svara, helldr enn þui sem Ordinantian og Hiönabandz Articulaner uppä hliöda utann þar fäest önnur naadarleg dispensatio um aff voru ädsta yffervallde.³⁹

Gíslir biskup skrifar Kláusi Eyjólfssyni, líklega 1633, og hefir Kláus þá líklega haldið Vestmannaeyjasýslu, en Kláus hefir áður spurt biskup hvort ákveðnar persónur megi binda hjónaband, en biskup segist sjálfur ekki vita hvort svo megi verða fyrr en mál þeirra sé innilega rannsókuð á báðar síður.⁴⁰ Árið 1633 höfðu Kláus og síra Ólafur Egilsson skrifað biskupi um þann vanda sem stóð til í Vestmannaeyjum vegna ektafólksins sem misst hafði „sijna stallbrædur fyrir Tyrkianna äras, sierdeilis ä Eyölf Sölmundsson“ og hafa þeir spurt hvort þeir sem hafa misséð sig á umliðnum sjö árum að sumri og fengið kvittun skuli njóta „kongsens Articula frijheita“. Vísað er hér til ofangreindra ákvæða í hjónabandsreglu frá 1587, en svar biskups er í þá átt að einungis guðhræddar og ærlegar persónur og þeir sem minnst hafi brotið megi eiga von í vægð og náð.⁴¹

9. nóvember 1634 hefir biskup enn svarað Kláusi Eyjólfssyni um málefni Jóns Oddssonar og skrifar:

Ecke veyt eg huort þeir eiga jaffnrar nädar ad niöta til giptijnga sem

³⁹ AM 245 4to, bl. 186v.

⁴⁰ AM 246 4to, bl. 3r.

⁴¹ AM 246 4to, bl. 34r-v. Í bréfi til prestanna í Vestmanneyjum um veturinn 1634 minnir biskup þá á að gera mismun á milli hneykslenda safnaðarins og kristilegrar kirkju sem í hördómi eða annarri lausung eru sakaðir og hinna „sem i ollum frijheitum kristinnar eru“ AM 247 4to, bl. 70v.

brotleger hafa orded sem hiner þeir sig hafa hallded ærlega og vel, effterdæmed er Jon Oddsson (umm huorn þier skriffed) ad jaffna saman vid Eyolff Sólmundsson eda fyrr skriffada Þorgierde þui honum Jone vyrdest til vorkunnar og stórnaudsynia hanns maleffne. Enn umm hina veyt eg ecke, þier lated mig vita huort suar þier faed aff umbodsmannenum med tydenne. Umm hage Eyolfs Sólmundssonar skyldest mier i sumar aff kongsbrefenu ad vægia munde meiga lyffenu i Guds trauste effter atuíkum, þo vænte eg þar heyre til bestu manna räd. Vid Logmann heff eg þar um talad og hygg eg hann sie samrar meynijngar um þetta suo sem fleyre. Jeg heffe radlagdt fyrer laungu ad prestarner skyldu fyrerbioda slykum personum samvÿster i tijma.⁴²

Gísli biskup hefir skrifað Þorláki Skúlasyni Hólabiskupi 10. nóvember 1634, segist vera ónáðaður daglega af sumum þeim ektapersónum sem eftirlátnar voru um árið af Tyrkjanna ómildum yfirgangi og biður ráða um hvernig fara skuli með straff og vægð í þessu máli, og tiltekur fimm dæmi um hvernig málum sé komið:

1. Fyrst finnast þær persónur aff huorra maka engen veyt lyffz i Barbarienu og hafa hallded sier meinlaust og vel ad mannanna dome þennann tijma. Þeim skilst mier heyra til än motmælis nadar Articule hionabandsens.
2. Adrir hafa i sama mata hallded sig vel enn þeirra make bevijsast giptur fyrer laungu J Tyrkerienu og vona ei affturkomu þess vegna.
3. Maskie finnest þeir sem enn nu haffa hallded sig vel. Enn þeirra make lifer under Tyrkianna þrældome ogiptur. Hic prima oritur qvæstio.
4. Enn þeir sem brotleger eru fundner 1: 2 eda 3: a þessum tyma. Eiga þeir jafnrar nädar ad niöta. (Þo ecke vitest huort makenn lifi eda ecke) sem þeir fyrrskrifudu oseker?
5. Finnst sa sem brotlegur heffur orded fiorum sinnum a nefndum

⁴² AM 246 4to, bl. 87r. Þorgerdur er óþekkt, en Eyjólfur Sólmundsson mun vera fyrri maður Guðríðar Símonardóttur er síðar átti síra Hallgrím Pétursson. Kláus hefir skrifað biskupi aftur um vonarhjonaband Jóns Oddssonar og biskup svarað 3. maí 1635 og segist ekki annað segja en hann hefir áður skrifað, AM 247 4to, bl. 66r-v.

tijma. Enn hefur nu feinged hugarlatlegt breff aff sinne ekta kinnu. Jtem annar tuisuar brotlegur fundenn heffur og so breff feinged nögu äminnelegt umm frelsunar vonena. Mun slijkum meiga leyffast hionabanded?⁴³

Svar Þorláks er ekki varðveitt. Í öðru bréfi, líklega frá 1634, til síra Snæbjarnar Stefánssonar í Odda, prófasts í Rangárþingi, kemur fram að Gísli biskup hefir skrifað um málið umboðsmanni konungsvaldsins og lögmanni og biskupi og líka haft það á prestasamfund, en kennimönnum sýndist sitt hverjum; sumir vildu leyfa giftingu en aðeins með kóngsleyfi, aðrir vildu láta dæma málið til alþingis og enn aðrir vildu fara eftir Ordinanzíunni.⁴⁴

Gísli biskup skrifaði áminningarbréf til Vestmannaeyja 19. janúar 1635; án þess að nefna nöfn ráðleggur biskup í löngu máli og guðrækn-um anda með tilvísunum í Biblíuna þeim sem eiga maka í Tyrkjans valdi að girnast ekki annan ektaskap meðan ekki berist tíðindi af her-teknum maka í Tyrkjarínu.⁴⁵ Í opnu bréfi sem Gísli biskup skrifaði til Vestmannaeyja 31. maí 1635 segir hann að ekki sé á sínu valdi að leysa þennan vanda, en leggja verði hann undir bestu manna ráð á alþingi. Biskup segir:

J fiorda mæta hefur eirnen fyrer mig komid ad nockrar personur huorra ecktamake hefur uered herleiddur aff tirkiunum nu fyrer viij ærum ad reikna uilie giptast aptur audrum persönum so sem uonar-lauser um hinna apturkomu og þar um hafa nockrer lætid leyta mijns samþyckis þa hina somu læt eg uita ad slijkt stendur ecke i mijnu ualldo og þo eg mætte nætturlega uor=kynna þeim gödu og frömu sem J so længann tijma haffa halldid sig ærlega og uel og eg heffe þar um rædgast uid byskupinn fyrer nordan og bestu menn þessa lands þa synist flestum ad soddan tilfelle sie huorge eigenlega underskiled J uorre ordinantiu; articulum; eda statutum; (þo þar um meigi finnast J

⁴³ AM 246 4to, bl. 232v–233v. Hugarlátlega bréfið mun vera frá Guðríði Símonardóttur til manns hennar, Eyjólfis Sölmundssonar, sem varðveitt er úr í bréfabók Gísla biskups, AM 247 4to og prentað í *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 419–421.

⁴⁴ AM 246 4to, bl. 256r. Fyrri partur bréfsins er týndur úr bréfabókinni, en af registri sést hverjum bréfið er skrifað.

⁴⁵ AM 246 4to, bl. 282r–284r.

odrum gödum bökkum) heldur að þetta sé nytt og annarlegt efne og þurfe þess uegna nýja næð og ný úrræðe yferualldsens so sem eirnen er að merkia að þú kongliga may: næðar brieffe sem hijngad til landsins uar suo milldelega sendt J fyrra sumar og uier heyrum nu að fräsogn sannast mune J þú ad kristner herrar og pötentætar take sig saman i trauste drottens að möte tyrkiunum: þad gieffi gud til lucku:

Minnisstæð mættu oss ollum uera þau minnilegu ord sem standa i brieffum þeim sem komu úr tyrkerijinu J fyrra frá æstmonnum uorum og ofdauf er þad hiarta sem ecke uiknar þar uid: einkum ef þad snert-er nockud hans persönu slijkt mætte uera að auk nöglegra guds orða uor dagleg uppuaknijng ef þeir minnast uor so natturlega þar i þreijngijngunne þú skilddum uir þa ecke minnast þeirra hier J þessu litla og næduga frelsi; sem gud heffur oss miskunsamlega effterlatid að medan þad uarer; Enn ef nockrer eru enn nu so öþolenmöðer J þessum uanda og ueijkleika að þeir gieta ecke fyrer utan hiönaband hneixlunar laust lifað samuiskunnar uegna þa ræðlegg eg þeim að supplicera þann Articula til alþijngis með fæstum ordum so að landid eða bestu menn landsins innsetie þann Articula i landsens supplicatiu under landsens innsigle þeirra uegna so sem eirn þann sem ecke er minst nauðsijnlegur. Sama alit er um þa sem þijkiast hafa spurt að sijner ecktamakar sieu alla reidu J gude sofnader: utann þad sie með uissum brieffum og sonnum uitnisburdum beuijsað:

Enn þeir sem að þessum uandræða tijma haffa mikilega forsied sig og brotleger orðed þrælega ueit eg ecke huort nockurn tijma uerða slijkrar uægðar og næðar niötande eða ecke: uandi þike mier þeirra uegna að supplicera; gud giefte oss ollum sijna næð og bestu ræð; þeir sem ecke betur kunna meiga draga ord og meijning sinnar supplicatiu af þessu ædur skrifudu ef þeir uilia þú eg kann ecke liösara nie sannara um slijkt efne að samsetia.⁴⁶

Árið eftir að þetta bréf var skrifað tóku yfirvöld Vestmannaeyja vitnisburði um hjónabandsmál Jóns Oddssonar og fara þeir hér á eftir allir í röð eftir bréfabók Gísla biskups Oddssonar í AM 244 4to á bl. 162r–163r.

⁴⁶ AM 247 4to, bl. 102v–103r. Á þessu bréfi er sama hönd og er á dóminum úr Vestmannaeyjum um hreppskil, sjá hér framar bls. 19 og athugasgrein nr. 37.

1. 18. júní 1636. Í Vestmannaeyjum.

Vitnisburður Halls Þorsteinssonar um að Anna Jasparsdóttir, sem var kona Jóns Oddssonar, er vistföst í Tyrkjaríinu og samþykk og í félagskap við tyrkneskan heiðingja sem hún hefir alið börn við og er hennar ekki aftur von til Íslands.

Það kiennunst eg Hallur Þorsteinsson (nu kominn firer guds störu näd lijk og þolinmæde vr minne EimdarReijsu og herleidingar veru vr tyrkia velldinu hingad J mitt Elskulega oc lofliga christna mödurland) ad fyrer grenslun spurn og efterleijtne Jóns Oddssonar vm sijna Quinnu Önnu Jasparsdóttir huor herleidd var äsamt audrum christnum uorum meðbræðrum ä því herleidingar ärinu :1627: huad eg framast vm hennar hag efne / veru edur aftur komu seigia kunne med sannendum og gödre samuitsku / og er eg J þann mäta það augliöst giorandi ad fyrrnefnd Anna Jasparsdóttir huor ed nefnd uar quinna Jons Oddssonar Er þar vistföst J tyrkjarijenu med fullkomnum samfielagskap uid eirn tyrkneskiann heidingia og honum samþykk med sonnu hatre og ouilld uid þa christnu / so hennar er ei J neirn mäta aftur von hingad til landsins fyrer mijnum skylninge / þui hün heffur alid born vid sama manne er hun vid helldur og hier er änefndur og er ad merkia og reina sem hans eigin kona sie: vissa eg til hennar seinast: 1632 / og villdi hün þä ei siä Jslenska kristna menn / þess helldur vmgeingne med þeim ad haffa : var þesse vitnisburdur vtgiefin J vestmannaEyum þann : 18 : Junij : 1636 : hier hafa vnderskrifad

Ellendur Äsmundsson
med E: h:

Claus Eiolfsson
m: E h:

Amunde Thormödsson
med E: H:

2. [18. júní 1636. Í Vestmannaeyjum]

Þorsteinn Ormsson ber vitni um að vitnisburður Halls Þorsteinssonar sé réttur.

Med sama hætte ber Þorsteinn Ormsson vm veru og hättalag Aunnu Jasparsdóttir þar J tyrkjarijnu og visse hann til hennar fiogur Är ä medan hann var þar J sinne tüleijdar herleijdingu / ad það hafe ä þenn-

an hatt verid sem Hallur hefur vitnad hinu meiginn ä bladinu og er hier til vitnis þeir þjngmenn sem sijn nofn hier vnderskriffa :

Hier hafa vnderskriffad :

Oläfur Eigelsson
med E:H:

Ellendur Asmundsson
med Eigin hendi :
Cläus Eiolfsson
med Eigin hendi s

3. 20. júní 1636. Í Vestmannaeyjum.

Erlendur Ásmundsson vitnar að Anna Jasparsdóttir heldur við heiðingja sem hún hefir alið við börn og að sá maður hafi leyst Jaspas, föður Önnu, en Jaspas tekið heimanfylgju hennar af Jóni Oddssyni og að Anna gangi um í pelli og purpura og vilji ekki sjá kristna menn íslenska.

Þad medkiennist eg Ellendur Ásmundsson med þessare minne vnderskriffadre handskrifftt efter hreinne samuitsku minna oneidra giedsmuna : (Asamt þeim sem somu giedlundar eru og einnrar meiningar til huorar þeir og eirnin med sinne vnderskriffadre handskrifftt þat leggja er þeim hentast þyker) ad eg veit ei betur enn Jön Oddsson J VestmannaEium huor suiptur var sinne kuinnu fyrer : 9 : ärum og nu fyrer nockru sogd þar lifa gipt einum tyrkneskium heidingia : sama är og hün þar kanskie med øllu leijte nadandis / til ad byria sitt hiönaband / nu hier vid huoria Ærliga kuennpersönu sem hann þar vm tilleijtar / og honum þar J samþyckist fyrer vtan allar adrar hyndraner : hafandi fyrer mier vppa sagtt effne slijkar kryngumstædur og adhnygandi mälsstyrck : sem er J fyrstu : Ad sama quinna sem fyrr er vm gietid Anna Jasparsdötter keiptist sama ärs er hün J tyrkiarjed kom : sem fyrr er ährært / og helldur þar vid sama heidingia / og alid born vid honum : Leiste hann hennar fodur Jaspas þanninn og er Jaspas hier kom tök hann hennar heimanfylgiu af Jöne til vitnis vppa aungua von til hennar afturkomu : huar vppa hann hefur og vtgieffid sinn vitnisburd : sem hann hier þar vm liösast hermer.

Annad er þad hun geingur þar framm J mesta medlæte : klædd J pelle og gullefum purpura / Ei viliandi sia Jslenska kristna menn Enn sydur vid þä ad tala : huar vppa ad vppskrifader ero tueggia Ærligra manna vitnisburder sem halda ad þad sie eingin von til hennar apturkomu ; og visse annar til hennar : 4 : är / Enn annar leingur : Pridia er sä : 7 : ära frestur er bid sem Ordinantian til seyger med ødru sem hier ad

hnygur : og vpa oll ädur sogd efne hef eg lofad ad vera J suare vid uortt göda yfervalld : þo Jön giptast vilie : so hann þar vti öhyndradur vera mætte : huoria eg nu þennan 20 Junij vtgefande er : 1636 : hier hefur vndirskriffad :

Ellendur Äsmundsson : med E h

4. [20. júní 1636]

Kláus Eyjólfsson lýsir því að Jón Oddsson sé í réttu náð til að gíftast.

Ekke helldur veit eg betur enn Jön Oddsson sie rett nädandis til ad gyptast efter allre Reinslu sem ad hans mälefne hnygur hier hefur vnderskriffad :

Cläus Eiölfsson :
med E hende s

Fólkið sem nefnt er í vitnisburðunum hér að framan kemur allt fram í safnritinu *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*. Erlendur Ásmundsson var hér fyrir nefndur til sögu. Ámundi Þormóðsson (d. 1675) var lögréttumaður í Rangárþingi, bjó í Skógum undir Eyjafjöllum.⁴⁷ Ólafur Egilsson (1564–1639) er presturinn á Ofanleiti og Reisubókarhöfundur.

Þorsteinn Ormsson og Hallur Þorsteinsson voru meðal hinna hersteknu sem komust aftur til föðurlandsins og báðir gáfu þeir til endurbyggingar Landakirkju.⁴⁸ Þorsteinn bar vitni um lát og greftran Vigfúsar Hannessonar, eins hinna hersteknu.⁴⁹ Kona Vigfúsar var Sigríður Sigurðardóttir. Vitni um meinlauslega og ávítunarlauslega hegðan hennar, giftrar sem ógiftrar, báru prestarnir síra Ólafur Egilsson og Gísli Þorvarðsson 9. apríl 1635, líklega sökum þess að Sigríði hefir boðist annar maður.⁵⁰

Kláus Eyjólfsson (1584–1674) er lögréttumaðurinn sem skrifaði frásögn af Tyrkjaráninu og fyrir var getið. Hann var bróðursonur síra Ólafs Egilssonar og hefir líklega haldið Vestmannaeyjasýslu um og eftir Tyrkjaránið og jafnvel lengur.⁵¹ Kláus hefir tekið vitni í málum Björns

⁴⁷ Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*. Rvk. 1952–1955, 3–4.

⁴⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 401, 403, 405, 407.

⁴⁹ Sama rit, 418–419.

⁵⁰ Vitnisburðirnir eru í AM 247 4to, bl. 76v–77r.

⁵¹ *Sýslumannaæfir* IV, 527–528; Sigfús M. Johnsen. *Kláus Eyjólfsson*, Rvk. 1927; Einar Bjarnason. *Lögréttumannatal*, 353–354.

Þorsteinssonar og Guðrúnar Brandsdóttur, sem átt höfðu saman barn og vildu giftast, en maður Guðrúnar, Brandur Jónsson, hafði verið hertekinn og látist í ánaud. Um lát Brands bar vitni Jaspar Kristjánsson,⁵² faðir Önnu sem um getur í vitnisburðunum hér framar.

Jaspar var danskur maður en hafði mörg ár verið búsettur í Vestmannaeyjum áður en hann var hertekinn.⁵³ Hann kemur nokkrum sinnum við Reisubók síra Ólafs Egilssonar, en síra Ólafur og Jaspar voru keyptir af sama manni og deildu saman húsi og kjörum.⁵⁴ Í bréfi Jaspars til Gísla biskups Oddssonar 13. júní 1635 kemur fram að Jaspar keypti aftur sá maður er keypt hafði Önnu dóttur hans og gaf hann Jaspar lausan til þess að fara í næsta kaþólska land hvað hann og gerði og komst til Vestmannaeyja aftur og lagði sitt af mörkum til þess að Landakirkja mætti aftur upp rísa eftir Tyrkjabrunann.⁵⁵ Jón Jónsson úr Grindavík skrifaði foreldrum sínum úr Barbaríinu 1630 og kemur þar fram að Jaspar fór þaðan snögglega burt.⁵⁶ Anna, dóttir Jaspars, er ekki nefnd annarstaðar svo vitað sé en í fyrirnefndu bréfi föður hennar til Gísla biskups og í vitnisburðunum sem hér eru prentaðir. Systir Önnu, dóttir Jaspars, var Þóra, sem giftist Jóni Sturlusyni af ættbálki Odds biskups Einarssonar og bróðir þeirra systra var Kristján.⁵⁷

Jón Oddsson hefir verið einn ungra hraustra manna sem eftir sat rændur konu sinni, henni Önnu Jasparsdóttur og hafa vitnisburðirnir orðið til við að hann langaði til þess að kvænast aftur. Jón Oddsson kemur nokkrum sinnum fram í reikningabók Landakirkju, oftast sem gjafari til endurreisnar kirkjunnar eftir Tyrkjabrunann.⁵⁸ Líklega hefir hann fengið að gifta sig aftur, því að á alþingi 1636 ályktaðist að dómur Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns í Vestmannaeyjum um sekt þeirra persóna sem brotlegar urðu í hórdómsluglæpum í Vestmannaeyjum og

⁵² *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 333–336.

⁵³ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 267. Jaspar hefir verið kominn til Vestmannaeyja 1606, því að Gísli Árnason tilnefndi Jaspar Kristjánsson tvívegis í dóm ásamt öðrum 21. maí 1606 í Vestmannaeyjum, sjá dómabók Gísla Árnasonar, AM 249 a II 4to, bl. 51v, 55r. Gísli Árnason hélt Rangárþing 1592–1608 og hefir þá líklega jafntímis haft sýsluvöld í Vestmannaeyjum, sjá *Sýslumannaæfir* IV, 456–463, 523–524; Guðrún Ása Grímsdóttir, Hugsáðu til mín um grös og sól. *Dagamunur gerður Árna Björnssyni*, Rvk. 1992, 55–59.

⁵⁴ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 105, 106, 108, 109, 158, 161, 163.

⁵⁵ Sama rit, 401–404, 407, 421–423.

⁵⁶ Sama rit, 374, 382.

⁵⁷ *Biskupa sögur* II. Kh. 1878, 673–674; *Skjöl um hylling Íslendinga 1649*. Rvk. 1914, 14.

⁵⁸ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 398, 401, 403, 405, 408, 409; sbr. 556, nmgr. 1.

misst höfðu sínar ektapersónur í herleiðingu skyldi haldast í tveimur fyrstu greinunum, en í þriðju grein dómsins sem fjallar um hórdómsbrot þeirra sem eftir sátu í Eyjum, en áttu ektastallbræður sem sannspurt var að gengnir væru af trúnni eða giftir í herleiðingunni, var ákveðin linun á sektagjaldi og að því luktu hefir þessu fólki leyfst annað hjónaband.⁵⁹

En Gísli biskup notaði áfram minninguna um Tyrkjaránið sem hrís-vönd á þá sem féllu; í bréfi sem ber yfirskriftina „Til Vestmannaeyja enn einu sinni í Jesú nafni“ og skrifað er í Skálholti 16. október 1636 segir hann m.a.:

Heyre eg enn að þar sieu nockrar manneskiur: sem almügenn hneixlist æ: annað huort fyrer það þær giefte tilefne til Jlls ordRöms og umlesturs: ellegar syne ecke æ sier tilheyrelegt Jdranar mercke þo brotlegar finnist: huad einn gud mæ næða; mun þeim þa ur minni fallinn sæ minnilege mannskade sem hefur skied fyrer nockrum ærum aff hrædelegum Tyrckianna umgange: eða það merckelega manntiön sem nylegast er skied med skiptopum að auke annara dagligra ögnana aff ælffu guds Jfer vorum höfðum J kringum oss og under oss: Eg vil hier ecke tala um særa skielffing samviskunnar sem sumar manneskiur (mest frömar) fæ af Jmsum og alllitlum tileffnum: þar um eru efterdæmin liös bædi forn og ny: þar fyrer: ef sæ Rietlati hialpast valla huad vill þa verda af þeim ögudlega?⁶⁰

IV. Um siði Tyrkja í íslenskum handritum

Í stöku íslenskum handritum frá seinni öldum eru þættir sem yfirleitt eru þýðingar eða útlekkingar úr erlendum tungum og lýsa siðum og háttum ýmissa þjóða. Meðal slíkra þjóðalýsinga eru nokkrar gerðir af þáttum um Tyrki. Yfirleitt hafa kristnir lærdómsmenn borið Tyrkjum illa sögu í skrifum sínum og fordæmt trúarbrögð þeirra, en kristin siðmenning hefir varist íslamskri menningu og landvinningum múhameðs-trúarmanna allar götur frá því á 7. öld eftir Krist. Á miðöldum dæmdu

⁵⁹ *Alþingisbækur Íslands* V (1620–1639), 430–431; *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 415–416.

⁶⁰ AM 244 4to, bl. 218. – Frá skipskaða í Vestmannaeyjum 1636 þegar fórust þrjú skip og á þeim 45 menn segir í Skarðsárannál, *Annálar 1400–1800* I. Rvk. 1922–1927, 245–246.

kristnar þjóðir múhameðstrú út frá þeim grundvallarsjónarmiðum að hún væri falstrú er spillti sannleikanum, væri trú ofbeldis og sverðsins og sjálfsþægingar, og Múhameð var af kristnum talinn antikristur. Gagnvert múhameðstrú álitu kristnir sína eigin trú hina sönnu trú sem höfðaði til skynsemi mannsins, trú friðar, fullnægju og hreinleika sem slökkti allan losta.⁶¹ Á tímum lúthersks rétttrúnaðar þrútnaði enn trúarhatur kristinna manna í garð múhameðstrúarmanna sem litið var á sem heiðingja og erkióvini kristinnar og múhameðstrúarmönnum sem heyrdu undir Tyrkjaveldi var niðrað með því að kalla þá „hundtyrkja“. Glöggrýnir fræðimenn hafa á síðustu tímum bent á að of mikið hefir verið gert úr hervirkjum múhameðstrúarmanna, t.d. á Miðjarðarhafssvæðinu, sem Tyrkjaránið á Íslandi 1627 var angi af, og benda enn fremur á að kristin menning hafi vanmetið áhrif úr heimi islamskrar menningar á Evrópu sem voru drjúg, til að mynda í framleiðslu iðnaðarvarnings, tækninýjunga, vísinda og heimspeki; minna má á að fjölmörg orð af arabískum uppruna um þessi efni hafa verið tekin upp í evrópsk mál og sum komin í íslensku eftir krókaleiðum tíma og rúms eins og aðmírall, algebra, alkóhól, blússa, gammosía, kaffi, kapall (þ.e. reipi), lúta (þ.e. strengjahljóðfæri), magasín, maski, satín.⁶²

Þrátt fyrir hnýfilyrði kristinna í garð múhameðstrúarmanna er óvíst að kristin alþýða manna hafi ávallt fylgt yfirvöldum og lærðra manna skrifum í Tyrkjahatri. Á erfiðum tímum á Íslandi hafa lærðir menn til að mynda óttast að bágstödd alþýða félli í þá freistni að láta hertaka sig uppá von og ævintýr til þess að fá að vera til friðs undan þyngslum og ánauðgun í sínu eigin föðurlandi. Þetta kemur fram í ályktun Brynjólfs biskups Sveinssonar og fjölmargra kennimanna á prestastefnu á Þingvöllum árið 1663 um það erindi Henrik Bjelke höfuðsmanns hvort landsmenn geti kostað varnarskip sem flakki kringum landið. Erindið var sprottið af þeim fregnum að Englendingar og Hollendingar höfðu gert sáttmála við Tyrkjann „að hann fyrer þeim fry og friálslega meige passera, huar af stór hættuvon sie þessu landi, huórt hann veyt varnarlaust vera. Meige þui alldrei vita nær hann falle hier vppa, og jafnvel

⁶¹ W. Montgomery Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*. Edinburgh 1972, 73–77.

⁶² F. Braudel. *The Mediterranean*, 886; Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*, 84–92; sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Rvk. 1989 á viðeigandi stöðum.

adrer ræningjar j hanns nafne, til ad taka folk og fie og flitia vt til sølu j þrældóm j Tyrkery ...“ – Í ályktun sinni lögðu kennimennirnir áherslu á að landsmenn væru ekki færir um að kaupa né kosta varnarskipið, eignamenn hafi nóg með uppheldi sitt, kvenna sinna og barna, að kosta þau til skóla svo að ekki skuli „allt nidur j barbarisku detta“ en hvað viðvíkur alþýðu segir: „Enn vppa fátækann almvga höfum vier ei samvisku meire þyngsl ad leggja enn a honum liggja, so honum ei leydest ofmiög syn fátækt og anaudgun, og mætte falla j þá freystni ad vera til frids ad vera hertekenn, vppa von og æfinntyr, þui margt er hier vti ad varast.“⁶³

Verður nú snúið að stöku ritum um Tyrki í íslenskum handritum.

Fyrst ber að nefna íslenska þýðingu á riti eftir Hans Hansen Skonning (eða Skaaning). Hann var uppi 1579–1651, prentari, rithöfundur og hringjari við dómkirkjuna í Árósum. Í riti þessu segir Skonning frá Tyrkjum og finnur þeim margt til lasts. Þýðandi er enn óþekktur, en þess ber að geta að í bókmenntasöguriti sínu, *Specimen Islandiæ non-barbaræ*, segir Jón Thorchillius skólameistari (d. 1759) í þætti um Odd Eiríksson á Fitjum (d. 1719): „Hvort hann þýddi á íslensku úr dönsku *Geographia Orientalis* eftir Hans Skaaning prentara í Árósum mundi ég varla þora að fullyrða neitt um, þó svo að ég hafi oft bæði séð og flett bók sem rituð er með hans hendi.“⁶⁴ Þessi þýðing er í eftirtöldum handritum: AM 243 8vo, Lbs. 43 4to, Lbs. 320 8vo, ÍB 776 8vo og Acc. 39, í því síðasttalda er einungis upphaf sem ég hefi ekki séð.

Í fyrirsögn er JS 43 4to sagt samantekið af Magnúsi Jónssyni í Vigur.⁶⁵ Handritið geymir margskyns sögur og er þátturinn um Tyrki á bl. 121r–150v. Fyrirsögn er: „Vmm Týrkiaríjed edur Týrkianna Truar-

⁶³ *Úr Bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar.* (Safn Fræðafélagsins XII.) Útg. Jón Helgason. Kh. 1942, 155–159. Bretar og Hollendingar gerðu um þetta leyti samninga við Alsír um frjálsari siglingar um höfin á báða bóga, á móti kom að fjölmargir breskir og hollenskir fangar voru leystir úr ánaud í Alsír, sjá Sir Godfrey Fisher. *Barbary Legend, Trade and Piracy in North Africa 1415–1830.* Oxford 1957, 232–248.

⁶⁴ Með góðfúsu leyfi er hér farið eftir þýðingu Sigurðar Péturssonar á *Specimen Islandiæ non-barbaræ*, eiginhandarriti höfundar í GKS 2872 4to, skrifað um 1750, sem Sigurður hefir þýtt og undirbúið til prentunar á vegum Árnastofnunar. Hannes Þorsteinson segir frá klausunni í inngangi fyrir annál Odds á Fitjum, sjá *Annálar 1400–1800 II.* Rvk. 1927–1932, 4.

⁶⁵ Um handritið, sjá *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku.* Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Rvk. 1976, xxix–xxxiv.

brógd, Løgmäl og ýmeslegar undarligar og sierligar Ceremoniur, kyrkiuside og annad fleýra þess hættar.“ Í 43 vantar þrjú blöð úr þættinum. Undir lokin, á bl. 150v, má lesa að útlagt sé úr dönsku eftir riti Hans Hanssøn Skonning, *Geographia Historica Orientalis* (Aarhus 1641), og hefir Agnete Loth staðfest það og bent á að skrifari þessa hluta handritsins sé Magnús Ketilsson sem þjónaði Magnúsi í Vigur og skrifaði fyrir hann á árunum 1696–1700.⁶⁶

Í Lbs. 320 8vo er samtíningur og kvæði, þátturinn um Tyrki er á bl. 72r–90v og virðist textinn fyllri en er í 43. Fyrirsögn er: „Vmm Tirkianna lög Religionem og lands Sidu“. Í *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II er 320 talið með hendi Gríms Pálssonar á Sleggjulæk í Stafholtstungum, skrifað um 1790. Í *Tyrkjarárinu á Íslandi 1627* prentaði Jón Þorkelsson búið úr þessum þætti eftir Lbs. 320 8vo.⁶⁷

ÍB 776 8vo er talið í *Skrám Landsbókasafnsins* III skrifað um 1740–50, og er í því samtíningur en vantar framan og aftan af. Fremst er þýðingin á riti Skonning um Tyrki og vantar fyrirsögn og framan á fyrsta kafla.

AM 243 8vo virðist skrifað seinast á 17. öld eða snemma á 18. öld. Þýðingin eftir riti Skonning um Tyrki er þar á bl. 1r–40v, fyrirsögn fyrsta kapitula er: „Umm Tyrkiana og þeirra Truarbrogd“. Við lauslegan samanburð kom í ljós að þýðingin í 243 er nokkru orðfleiri en í 320 og heldur heilar málsgreinar sem ekki eru þar.⁶⁸

Ritkorn um Tyrki, annarrar gerðar en nú var frá sagt, er í AM 555 b 4to, sem var hluti af bók er síra Jón Torfason á Breiðabólstað léði Árna Magnússyni, en Árni spretti bókinni sundur, og er nú sumt týnt úr henni, en annað í Árnasafni sitt með hverju marki og hefir Stefán

⁶⁶ Agnete Loth. Om håndskrifter fra Vigur i Magnús Jónssons tid. *Opuscula* Vol. III (Bibliotheca Arnamagnæana Vol XXIX), Kh. 1967, 95–99; Agnete Loth. Magnús Ketilsson og håndskriftet JS 43 4°. *Opuscula* Vol. IV. (Bibliotheca Arnamagnæana Vol. XXX). Kh. 1970, 257–258; Mariane Overgaard. AM 124 8vo: En islandsk schwank-samling. *Opuscula* Vol. VII (Bibliotheca Arnamagnæana Vol. XXXIV), Kh. 1979, 288–289 og tilvísanir þar.

⁶⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, XXIII–XXVI.

⁶⁸ Í þessu efni var ekki gerður nema lítilsháttar samanburður á texta handritanna fjögurra innbyrðis, og texti þeirra ekki borinn saman við hið prentaða rit sem þýðingin mun gerð eftir. – Mariane Overgaard mag. art. á Árnasafni í Kaupmannahöfn þakka ég fyrir útvegum eftirmynda úr AM 243 8vo og af AM 555 b 4to.

Karlsson sýnt að allt það, utan ritkornið um Tyrki í 555 b, er skrifað af Halldóri Guðmundssyni, hinum sama og skrifaði lungann úr Sth. papp. 25 8vo og minnisgrein er prentuð úr hér framar.⁶⁹ 555 b er skrifað æfðri hendi, víst á seinni hluta 17. aldar, og er ritkornið þýðing á einhverri sögulegri samantekt sem rekur í tímaröð atburði og stjórnarár soldána Tyrkjaveldis og vitnar til annálabóka Tyrkja og skrifa nafngreindra fræðimanna, t.d. Strabo (bl. 4v), Christianus Masseus (bl. 7r) og Paulus Jonius (bl. 7r, 9r). Ekki hafði ég uppá fyrirmynd ritsins, þótti enda eftir lítilli visku að slægjast. Fyrirsögn á bl. 1r er: „Wm Saracenos og Tyrkia sem aa worum Dogum bua til Jherusalem so wm þeirra Tru stuttliga“. Segir þar frá upphafi Serkja úr grýttri Arabíu, afkomendum Ísmaels, sonar Abrahams og Agar þjónustustúlku Söru, og reynt er að skýra uppruna þjóðarheitisins „saracenos“ (serkir). Neðar á bl. 1r hefst kafli undir fyrirsögninni: „Wm þann boluada willumann oc gudlastara Mahomet Tyrkia propheta“, og nær út á bl. 4v. Segir þar með fúkyrðum af uppruna, uppvexti og ævistarfi og ævilokum Múhameðs spámanns og af inntaki Kórans. Á bl. 4v hefst nýr kapítuli með fyrirsögninni: „Nafna Tala Tyrkia keisara þangat Til Reisubookinn war skriiffut oc samsett“. Hér er ljóslega vísað til Reisubókar síra Ólafs Egilssonar en í kaflanum er rakið með hrakyrðum atferli Tyrkjasoldána frá Osman I (d. 1326), en frásögnin endar í miðjum klíðum um 1535 á bl. 10v um landvinninga Súlemans I (1520–66); hefði líklega átt eftir fyrirsögninni að enda á stjórnárum Murads IV (1623–40).

Þriðja gerð lýsingar á Tyrkjum er þáttur í AM 124 8vo bl. 26r–31r um siði þeirra og venjur varðandi hjúskap, máltíðir, trú, dómsrétt og hegningu. Sami þáttur er í AM 583 c 4to á bl. 8v–11r, líklega yngri uppskrift sem síðar verður á vikið. Þátturinn í 124 er óskyldur Tyrkjalýsingum í tveimur ofanefndum gerðum og frábrugðinn þeim að því leyti að sagt er frá Tyrkjum á hlutlægari hátt, án fordóma og stundum líkt og af reynslu, þátturinn vitnar því líklega um hvað Íslendingar gátu gert ráð fyrir að tæki við hjá þeim löndum sínum sem lifðu af og staðfestust í Tyrkjaveldi eftir 1627.

Í 124 er margbrotið efni sem Mariane Overgaard hefir gert skil í

⁶⁹ Stefán Karlsson. Halldór Guðmundsson, *Opuscula IV*, 83–87; *Guðmundar sögur biskups I* (Editiones Arnarnagæne Series B, vol. 6). Stefán Karlsson bjó til prentunar. Kh. 1983, XV–XVI.

merkri grein.⁷⁰ Hún sýnir fram á að skrifari handritsins er Grímur Bergsveinsson (f. um 1597, d. 1669) prestur í Görðum á Akranesi, og bendir á að handritið hafi orðið til á tímabilinu 1635–1669.⁷¹ Mariane Overgaard fann danskar heimildir fyrir nokkrum sögum í 124, en ekki þó fyrirmynd þáttarins um siði Tyrkja.⁷² Fyrri hluti þess tíma sem hún ætlar að 124 hafi orðið til á er sú hin sama tíð og flestar ritaðar heimildir um Tyrkjaránið á Íslandi urðu til á. Efni þáttarins er trúlega að einhverju fengið úr erlendu landlýsingariti,⁷³ en ekki er þó útilokað að eitthvað efni í þættinum af Tyrkjum í 124 sé dregið úr íslenskum frásögnum og að hann eigi því heima meðal íslenskra heimilda er snerta Tyrkjaránið 1627. Skal nú vikið að þessu nánar.

Í næstsíðasta kapítula Tyrkjaránssögu segir Björn á Skarðsá að hver sem vill heyra af Tyrkjum „um þeirra fatnað, hegðan, athafnir, siði, trúarbrögð, kirkjugaungu, dómahátt, kvonbænir, brullaupshátt og annað fleira“ megi skoða bæklinga „síra Ólafs og Einars.“⁷⁴ Í lok kapítul-

⁷⁰ Mariane Overgaard. AM 124 8vo: En islandsk schwank-samling. *Opuscula* Vol. VII (Bibliotheca Arnarnagana Vol. XXXIV), Kh. 1979, 268–317.

⁷¹ Ívitnuð ritgerð, 268–269. – Þess má geta að Grímur Bergsveinsson er sjöundi í röðinni af sautján kenningum, næstur á eftir síra Hallgrími Péturssyni, meðal kenningmannanna sem ályktuðu með Brynjólfi biskupi Sveinssyni á prestastefnu á alþingi 1663 um skip landinu til varnar gegn Tyrkjum og getið var hér frammar, s. 30.

⁷² Ívitnuð ritgerð, 288. – Overgaard tekur fram að rannsókn sín nái ekki út fyrir prentaðar danskar bækur og sé því ekki tæmandi, s.r., 283.

⁷³ Fjölmörg merkileg landfræðirit og ferðasögur eru til útgefin og í handritum frá 17. öld sem fjalla um Tyrkjaveldi og eru sum fróðlega búin samfámamyndum. Fyrir góðfúst liðsinni Háskólabókasafns (millisafnalán) fékk ég léð örfá slík til landsins til þess að leita fyrirmynda Tyrkjaþáttanna. Benda má hér á að í riti Sir Godfrey Fisher: *Barbary Legend. War, Trade and Piracy in North Africa 1415–1830*. Oxford 1957, er vönduð ritaskrá og sagt ögn frá inntaki sumra ritanna sem þar eru talin, ennfremur er yfirlit um áþekk rit í bók Harold Bowen: *British Contributions to Turkish Studies*. London 1945, sjá ennfremur ritaskrá í riti Halil Inalcik: *The Ottoman Empire*. London 1973. Fróðlegar myndir sem Vera Zimányi valdi margar úr handritum er lýsa síðum og venjum í Tyrkjaveldi á fyrri öldum og voru sumar áður óbirtar eru prentaðar í: Klára Hegyi. *The Ottoman Empire in Europe*. Budapest 1986. Af einstökum gömlum ritum má nefna hér til dæmis: Diego Haëdo. *Topographia e Historia General de Argel*. Valladolid 1612; *Hans Dernschwam's Tagebuch einer Reise nach Konstantinopel und Kleinasien (1553–1555)*, ed. F. Babinger, München 1923; M. Merian. *Neuwe Archontologia cosmica...* Frankfurt a.M. 1638; E.W. Happel. *Thesaurus exoticorum oder... Beschreibung von Turkey*. Hamburg 1688.

⁷⁴ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 294–295.

ans tekur Björn upp atriði um landsins gæði úr Reisubók síra Ólafs Egilssonar,⁷⁵ en vandi er að sjá hvort annað efni í þessum kapitula Tyrkjaránssögu muni vera úr hinu glataða riti Einars Loptssonar. Efnisupptalning Björns kemur að nokkru heim við þáttinn um siði Tyrkja í AM 124 8vo, en engar orðalagslíkingar er að sjá með Tyrkjaránssögu og þættinum.

Minnast má þess að í fyrrnefndu bréfi Jóns Jónssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík óskar hann mörgu nafngreindu fólki allrar góðrar lukku og fararheilla og þar á meðal „síra Grími“ sem Jón Þorkelsson taldi líklega vera Grím Bergsveinsson.⁷⁶ Jón frá Járngerðarstöðum kom ekki aftur, en Helgi bróðir hans sem einnig var hertekinn kom aftur og ennfremur Halldór, móðurbróðir þeirra.⁷⁷ Í bréfinu segir Jón meðal annars að húsbændur þeirra bræðra hafi batnað við þá „síðan við lærðum málið að skilja.“⁷⁸ Sumt í þættinum í 124 bendir til þess að hann sé saminn eftir orðum þess sem þekkti siði og mál Tyrkja af eigin raun og enda segir í lokaorðum þáttarins „hér með endast siðvenja þeirra Tyrkjanna svo mikið sem eg hefi heyrt og lesið.“ Eftir þessum orðum hefir þátturinn verið saminn eftir sögnum og riti.⁷⁹ Ekki er loku fyrir það skotið að hann eigi að einhverju upptök í týndu riti Einars Loptssonar og má hér nefna eitt atriði sem kynni að benda til Einars, það er setningin „Sá sem ei hlýðir yfirvaldinu missir nasirnar“ (sjá hér á eftir, s. 41) en í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá segir frá raunum sem Einar lenti í þegar hann fylgdi ekki boði yfirvalda um vatnssókn í brunn; fyrir það missti hann framan af nefi og eyrum.⁸⁰ Frásagnir Halldórs Jónssonar hertekna úr Grindavík, sem Björn á Skarðsá vísar til, eru óþekktar, en eftir kveðjunum sem Jón Jónsson, systursonur Halldórs, sendi heim í bréfi sínu kann síra Grímur Bergsveinsson að hafa verið meðal kunningja Halldórs. Heimkomnir úr Barbarínu gætu þeir frændur, Helgi og Halldór, hafa sagt eða skrifað Grími sitthvað um siðvenjur og mál þarlandra, en vitaskuld koma fleiri sögumenn til greina;

⁷⁵ Sama rit, 296; *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*, 74.

⁷⁶ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 383, 545; sbr. *Reisubók*, 164.

⁷⁷ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 232–233, 294.

⁷⁸ Sama rit, 373.

⁷⁹ Mariane Overgaard telur að 124 sé ekki uppskrift þeirra heimilda sem að baki efninu liggja, heldur hafi síra Grímur valið einstakar sögur úr ýmsum heimildum, skrifað þær upp, þýtt þær eða endurgert, tilv. ritgerð, 269, 310.

⁸⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 279–280.

í næsta nágreanni við síra Grím í Görðum var Guðríður Símonardóttir, prestskonan í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, hún sem var tæpan áratug í ánað í Tyrkjaveldi.

Sem fyrr segir er þátturinn í 124 einnig í AM 583 c 4to. Fyrirsögn þar er: „DE ÆCONOMICIS. Vm Buandi folk og þeirra Sidueniu J Tirkia-rykinu“. Í fyrri hluta 583 c er Rauðúlfs þáttur, sem lokið er við að skrifa 7. desember 1662 eftir því sem stendur bl. 8r, og má gera ráð fyrir að síðari hlutinn sé skrifaður um líkt leyti.⁸¹ Ein hönd, smáger og finleg, virðist á öllu handritinu. Á neðra helming bl. 8r er ýmislegt skrifað, m.a. virðist Eyjólfur Hallgrímsson skrifa sjálfur nafn sitt og Ólafur Jónsson skrifar með eigin hendi að Eyjólfur Hallgrímsson eigi kverið til áhalds og þakkar bókarlánið með þessum orðum: „Pundur Gullz Eg þacka þier med þyðlegt Gied bokar laned og blijdu med – Inveni portum spes et fortuna valetio nihil (?orðið er torlesið í hdr.) mihi vobiscum“. Mariane Overgaard gat þess til í fyrrnefndri ritgerð að Eyjólfur sem hér er nefndur gæti verið sonur Guðríðar og Hallgríms skáldprests í Saurbæ. Á bl. 8r má enn fremur lesa nafnið Guðni Hróbjartsson sem líklega hefir verið sonur Hróbjarts Jónssonar ábúanda á Kalastöðum 1703, og neðst á bl. 14v er meðal annarra nafna skrifað Sæmundur Narfason sem gæti átt við Sæmund Narfason sem var búandi á Neðra-Hálsi í Kjós 1703.⁸² Hallfríður, dóttir síra Gríms Berg-

⁸¹ Sbr. orð Mariane Overgaard í ofanefndri ritgerð: „583c, der er skrevet 1662, kan meget vel være en afskrift af 124, der sikkert er ældre“, 289. Hún bendir einnig á að handritin séu líklega úr sama héraði. Ótvírátt er þó ekki að 583 c fari beint eftir 124. Í flestum tilvikum þar sem er munur á lesháttum hefir 583 c færri orð, en í örfáum tilvikum hefir 583 c orð framyfir 124 sem sjá má í lesbrigðum hér á eftir. – Í 583 c stendur um þann sem ekki hlýðir yfirvaldinu að hann missi nasirnar og sín eyru og kemur sú lýsing heim við meðferðina á Einari Loptssyni sem fyrr er getið og frá segir í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá (sjá hér að ofan). 124 nefnir hinsvegar aðeins nasamissi. Hugsanlegt er því að 124 og 583 c séu sjálfstæðar uppskriftir eftir sama forriti, en hitt þó eins víst að 583 c sé skrifað eftir 124 og skrifari 583 c hafi bætt við eyrnamissi eftir Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá, sem aftur notaði frásögn Einars Loptssonar.

⁸² *Mannal á Íslandi árið 1703*. Rvk 1924–47, 41, 44. – Á bl. 14v er bókin lofuð fyrir fróðleik og lesa má nöfnin Vigdís Er., Guðmundur, Bjarni Ólafsson, Bjarni Guðm[unds]son, Ólafur. Dregin er lína þversum yfir síðuna þar sem meginmál endar og skrifað neðan línu óæfðri hendi: „Sogubok Jons Halldorssonar hvoria hann hefer feijngid af (?) Sigvrd S“ og neðst á síðuna með sömu hendi: „Sögyþattur af Þorsteini Vxafot“. Sá þáttur er ekki í þessu handriti, en í AM 583 d 4to eru tveir þættir: bl. 1–8 Orms þáttur Stórolfssonar, skrifaður eftir því sem segir bl. 8v 4. desember 1662 og bl. 9–17r er Þorsteins þáttur uxafóts skrifaður með skyndi á Púfu í Kjós 1663 ný ár(sdag) eftir því sem

sveinssonar í Görðum, var gift Jóni, syni Guðmundar Narfasonar á Hálsi í Kjós, og Þóra, systir Jóns, var gift Eyjólfu, syni Guðríðar og séra Hallgríms í Saurbæ, en Eyjólfur bjó á Ferstiklu. Sæmundur Narfason var bróðursonur Jóns og Þóru.⁸³ Ekki hefir verið löng leið að fara með ritverk milli skyldmenna og granna af Akranesi um Hvalfjarðarströnd og ofaní Kjós.

Þátturinn um siði Tyrkja er prentaður hér eftir 124. Athugasemda-laust er leyst upp úr böndum sem öll sýnast auðskilin. Tekið skal fram að skrifað er „þeyr“ fullum stöfum sjö sinnum og „þeyrra“ tvívegis og er þeirri stafsetningu haldið hér þegar leyst er úr böndum. Sýnt er neð-anmáls hverju helst munar í orðum á milli 124 og 583 en ekki hirt um mun í stafsetningu.

V. Úr AM 124 8vo

De Æconomicis: – Umm Buande fólk og þeyrra sidveniu j TyrkiaRijkenu: –

Þetta er Sidvenia þeyrra j Slávonía, þeyr hallda meir af hiönabandz-lifnadenum, og þeim sem hann hallda,⁸⁴ enn þeim sem eru fyrer vtann hann, og bua sig með það fyrsta til þess, og láta kennemenn samteyngia sig við 'sitt' konuefne j kyrkiunne: Þegar kuinnur gypttast þar, þá fylger þeym eingenn heimannfylgia, með þui madurenn hann⁸⁵

segir bl. 17r. Þátturinn af Ormi er ótvírætt með sömu hendi og AM 583 c 4to en varla er sama hönd á Þorsteins þætti uxafóts, en þátturinn virðist skrifaður í fjórum atrennum og skiptir um blek í hvert sinn. Á ytri spássú á bl. 3v í 583 d stendur „Jon Halldorzson a kverid“ en ekki er það sama hönd og skrifar um Jón á bl. 14v í 583 c, en líklegast er þó að 583 c og 583 d hafi upphaflega tilheyrt sömu bók. Neðst á bl. 17r og á 17v í 583 d er ýmislegt skrifað og kemur þar fram að Bergsveinn Sölmundsson léði öðrum bókina, Bergsveinn var hreppstjóri og bjó á Hrafnkelstöðum í Garði árið 1703, sjá *Manntal á Íslandi*, 6.

⁸³ *Sýslumannaefir*, IV 43–44; Jón Samsonarson. *Æviágrip Hallgríms Péturssonar* eftir Jón Halldórsson. *Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar*. Rvk. 1971, 79, 88.

⁸⁴ og þeim – hallda] + 583.

⁸⁵ hann] + 583.

verður að kaupa þær af þeyrra foreldrum: – Brudernar leida þeyr j kyrkiu með vndarlegum hliöðum og háreyste og⁸⁶ hröpe, og allz kynz hliödfæra saunglyst: – Slykt hid sama giøra þeyr nær Brudernar eru vtleyddar j hionabandz veytzlunne⁸⁷ (vijgslunne) gænga hellst fyrer að þrijda þær, fycktarar: – giøglarar: – missijningamenn, og adrer þui-lijker: – þeyr gypttast so mörgum Eigennkuinum, sem þeyr geta forsorgað, enn þá þeyr huxa eptter fleyrum og fleyrum, þá leggja þeyr litla Rækt vid hinar fyrre: – og verda so sialfar konurnar optt ösamþyckar sýn ä mille: – huar af eptter fylger ötelianlega margur hiðna-skylnadur: – Su sem frá sijnum manne er skylenn og yfergefenn, hun gengur j krýng hijngad og þängad, þrijdd sijnum Buninge og skartte: – og fylger henne eptter hennar ambätt til þess að einhuor tekur hana apttur sier til eckta: – Þær öhljidugu konur slä þeyr og beria, hardlega, ädur enn skylnadurenn verður: – Sierhuor kona föstrar sitt eigned Barn, til þess þui er komit j skola: – Marger af þeim þeckia ecke sijnar mædur, með þui mædur var vtskufast optt: – þá þeyr eiga adra þungada: – Börnenn kalla hynar kuinnur þeyrra fedra: Beymutter: – huad ey er annad enn Stiupmöder, enn hinar⁸⁸ sýnar eigenn mædur kalla þeyr mædur: – Eptter sýna jatning ä þeyrra helgedögum giøra þeyr sig glada og lystuga, enn ä ödrum dögum giøra þeyr sig so druckna, að þeyr geta ecke funded sitt hus opttsinnis: – þeyr eta ey vtann suartta braud, enn sier til heilsu vardveytingar, drecka þeyr suartt vathn, huortt þeyr kalla Chaube: – Suartt að lit, enn þö að smack best⁸⁹: – Ädur enn þeyr eta riette, edur annann mat þá taka þeyr sier fyrst nockud af ävexte jardar og eyka: – Bord, becker, og skarer, hafa þeyr ecke: – helldur hafa þeyr j stadenn þess, skinn og ledur j hardara læge: – og breyda það vnder sig, þar fyrer er og j þeyrra giesta herberge ecke vtann kolberer vegger og gölfed: – þegar þeyr sitia nu so ä gölfenu: – með vtbreyddum skinnum, þá suelgia þeyr og gleypa strax matenn og druckenn,⁹⁰ að ädur giørdre stuttu bæn og läta ecke til sýn heyra eytt ord: – með þui læknararner hallda það hættusamt að svpa edur bläsa ä matenn: – Matenn

⁸⁶ háreyste og] + 583.

⁸⁷ veytzlunne] + 583.

⁸⁸ hinar] + 583.

⁸⁹ að smack best] smack bestann 583.

⁹⁰ mat og drick 583.

bera þeyr ad munne sier med berum hǫndum: – enn bruka ecke hnyf: – Kockurenn tæter so j sundur kiøted, og gjører þad smætt enn bakar-enn brauded, so þad verdur med fíngrum vpp j sig læted: – Þeyrra braud er miøg sætt, þui þeyr yfer drijfa fræed med jlmande sæde, huad þeyr kalla suffen, og senda þad so til bakarans: – Eige bruka þeyr meir enn tuo riette j eynu: – Ad endudum skattenum, middagzbordunenne, og kuølldmæltijdenne (þui þeyr borda þrisuar ä dege⁹¹:) fer huor strax til sinna verka ad lidenne⁹² þackargiørdenne, enn eptter kuølldmæltijdena, ef þar er ecke strax komenn bænatíjmenn, þä hrista þeyr sig, og gamna sier med hugliufum og gamansømum samrædum: – þar til þeyr eru kallader med þessu hliöde: – meizeni: – til næturbæna, enn ad þeim endudum fara þeyr til sængur: – Þeyr hafa ønguar dunsængur, helldur er þeyrra rum af ledre, med þyckuø klæde, þui so sem þeyr ad endudu bordhallde taka vpp sitt bord og becke, og heyngia þad ä nagla, sem faster ero j veggnum, so fara þeyr med legurum sitt, þä þeyr fara ä fætur ä morgna: – Þeyr hallda sig frá suijnakiøte, frá fyskäte, frá baunum, erttum og ødru soddann, enn hunäng, lauka og annann steyktann mat bruka þeyr tíjdast, þö mest steykt kiøt: – J stadenn vñsenz bruka þeyr annat huortt eynsamallt vatned, so sem þad er aused til vr brunnum, eda þeyr kridda þad med sierlegum grøsum og læknismedølum: – Þeyr vtelyckia þessa frá synum kyrkium: – Konurnar so sem adra öumskorna, christna menn, þui þeyr eru öumskorner, og trua ä þann krossfesta Gud, og eru þö gudlästarar, eptter þeyrra döme og tru: – Þar med druckna menn, þui þeyr eru og sieu daufer og hyndrader ad frammflytia audmiukt bæna äkall: – Hördömzmenn og frillulíjismenn: – manndräpara þui þeyr sieu Bøluader: – þeyr kalla ad hlijda predykunenne, med þui orde, Mezin: – og þad ä diebus jumari, edur ä Säbätzdøgunum, huor ed suarar vorum föstudege, og þä prijda þeyr sig med sñn bestu klæde og skartt: – A adfängadegenum edur sabäthzvykunne, þad er ä fyntudøgunum kueykia þeyr lios, ad kuøllde, og läta þad loga vt alla nöttena, til þess þau annat huortt slockna vt af, eda messann er vte ad morgne: – þegar þeyr eru j kyrkiunne syngia þeyr eyrn edur tuo capitula vr Alcorano: – Predykarenn gengur fram⁹³ þar næst, vpp j predykunarstölenne, huor ad er víjdur,

⁹¹ dag 583.

⁹² lesenni 583.

⁹³ fram] + 583.

og víjdsyntt af: – J annare hende þa⁹⁴ helldur hann ä Zymetram: – þad er ä suerde kongsenz edur Tyrkians: – enn j annare hende helldur hann⁹⁵ ä þeyrre bök, sem kallast ä þeyrra tungu: – Menorj: – Eptter þad les hann eyinn capitula, vr Alcoranö: – (Alcoran er ein bök, sem er Tyrkianna truarbrögd: –) ad honum endudum, veyfar hann⁹⁶ suerdenu, og hann⁹⁷ seiger, þetta eru ord Machomets og Gudz vors, huor ed med suerde eiga ad forsuarast, og vtbreydast: – vm predykun leyfest engu- um ad hösta, hrækia edur sofa: – þui þad hæfer ey ad giöra j helgum stad: – Telasinus: – Erkediaknenn bender til med hendenne, ad eyinn og sierhuor auglýse og legge framm fyrer gud med bæna äkalle synar hörmungar: – þar næst buckta þeyr sig vppj hrijfu, og beria ä briosted, og falla äframm, lokzens kalla þeyr vpp þrisuar og segia: Säbäläna: – þad er, Gudz myskun sie med oss: – Sydann kallar presturenn vpp, med þessu orde⁹⁸: – Morzin, þad er, vte er messann: – Pä eptter vana gengur huor og eyinn til middeigis mältjdar: – Enn ad henne endadre, þä til sinnar vinnu og kallar: – Vmm sölarlaged läta þeyr nockud eptter sier, med dryck, og ødru, framm til midrar nætur, – þeyr hallda tuær störhätjdar, eyina sem þeyr kalla, Alaba tyram: – þad eru fyrre päskar, huoria þeyr hallda j þriä daga samfleytta til minningar og vyrdingar gude skapara og ä þeim byria þeyr sitt nýa Ar: – Adra kalla þeyr chaccibatýram: – þad eru seyrrne päskar, huoria þeyr hallda til vyrdingar og heydurz j þriä daga Machömeth: – Ä þeim tyma ydka þeyr gud- rækelegar ferder huoriar þeyr kalla Allage: – fara þä og ferdast med mykillre prosessiu til grafar synz pröpheta: – Mechæ: – vppä þad þeyr fae og medtake af hönnum sinna synda fyrergefning: – Enn þar ad auke kunna þeyr og hallda, ad alleinasta sie þad tuentt, sem til säluhialpar- ennar sie naudsynlegt: fyrst truenn ä gud og Machemeth: – annad ad þeyr true þui øllu stadfastlega sem skrifad er j Alcorano og Alforco: – þridia gödverkenn, jtem, Ad syndernar kunne apttur til nädar ad tak- ast ef þeyr ecke framm j syndenne forhardna: – til Constantinopolis og Nicæa hafa þeyr sýn Accademia edur häfasköla: – huorn ed Chorchin- ist stiftfate: – Anno Christi 1330: – og þar læra þeyr vr Aristotuli og

⁹⁴ þa] + 583.

⁹⁵ helldur hann] + 583.

⁹⁶ + og sueipir 583.

⁹⁷ hann] + 583.

⁹⁸ med þessu orde] þetta ord 583.

Plätone rijkisstiornarlyst, enn þö eynkum og sierdeylis strýdzlyst, þui þeyr eru daglega hafder eptter mäلتijd vmm midiann dag j þann stad, sem allra handa konster⁹⁹ eru framdar, eynkum ad skiota af fallbyssum: – þeyr hafa og annann stad, ecke längt frá þessum, huorn þeyr kalla löngiedum: – þar reyna þeyr sig ad fyckta til samanz með spiötum og vopnum, enn þeyr sem ecke eru færer til þeirrar strýdzkunstar, þeyr ero kallader til böklegra lysta.

De politicis: – Vmm veralldlega valldstiörn: –

Þö ad þad tyrkneska valld og yferräd, mege maklega helldur kallast týranna skapur og hardydge, helldur enn stiörn – med þui Machemet seigest¹⁰⁰ ad vera sendur af gude, eige med orde edur iardteyknun, so sem Chrstr: – helldur med suerde, so sem Dävijd, ad vmm snua þiodunum: – þö er hiä þeim nockur mynd og tegund riettrar stiörn¹⁰¹: – Chadilegcher heyter nockur ypparlegur madur, og vel forstandugur sem frammfylgia ä veralldegum riette: – og eru þeyr þrýr, sä fyrste er j Natotia: – Annar j Evröpä: – þridie j Ægyptalande – næst þessum eru j borgum Sangiaci og Cadim: – huorier ad optlega forsia sig j sijnu embætte, og eru þui tijdum af setter: – Pegar eynhuor klagar sitt mäl, og þad er nidurþrickt, þä appellerar hann sýnu mäle til Sangiacum, og þadann til Bassas: – og allra seinast til sialfz Soldanz: – huor ed almenneliga þýngar fiörum sinnum ä äre: – Hiä rädhussenz turne er fängelsid huor ed innann er giortt med smä rumum, sosem fuglahreidrum, og sierhuor fängare lätenn j huortt rum, j huorre midre ad stendur einn stolpe, holur innann, j honum eru marger hanar, til ad grafa sierhuorium fänga¹⁰² vatn j hæfelegann tijma, j þennann turn eru äklagader innsetter, þar til þeyr eptter mälavexte¹⁰³ straffast: – þetta er þeyrra atferd ad straffa: – Fyrst er þad j lög teked ad giallda lyku lýkt: – gudlastarenn er brendur: – Letingenn tyrkneskur er stryktur: – enn christenn madurenn vtlægur giördur: – Sä sem yfervalldenu giører nockud til myska og brijtur vid þad, er dreigenn j Asnatagle, vmm allann stadenn: – Sä sem ey hlijder yfervalldenu misser nasernar¹⁰⁴: – Þeyr sem bera falskann

⁹⁹ strjidskunstar 583.

¹⁰⁰ sagdest 583.

¹⁰¹ stiornunar 583.

¹⁰² fangara 583.

¹⁰³ malauoxtum 583.

¹⁰⁴ + og sinn eiru 583.

vitnisburd, eru smánarlega¹⁰⁵ leydder vmm krijng j borgena, og eru markader med heytu jarne, j enned og ä höndena: – manndröparenn er hálshögguenn, dryckiurutarenn er sleigenn 80: – hogg: – Jomfrukreyнкиarenn er settur ä eynn asna med sinne vnnøstu, og so smánarlega leidd j kryngumm borgena, og sem hann hefur fenged henne hennar tilgjöf, er hann sleigenn þarofan ä hundrad hogg: – hördömsmadurenn er sleigenn: 100: – hogg: – enn hörkonann þä hun er dæmd af fiögtra kuenna vitnisburde, ä ad blijfa heyma j sýnu hvse, þar til hun deyr: – Sä sem lijgur ä syna eigenkonu, er annad huortt sleigenn 80 – hogg – eda fæda 40: – þurfamenn: – Sä sem ad er nockrum skyldugur, og getur ecki borgad, hann¹⁰⁶ er settur j fängelse, þar til eythuoitt medal fæst ad leysa hann: – þiöfar og ræningiar eru heyngder: – Sä sem hefur ränga vog eda mælekeröld, ä eptter málavøxtum ad straffast: – þeyr hallda giestaherberge, og läta hijsa þä sem vmmferdast og vijsa þeim sinn veg frá einu herberge til annarz: – Enn lijtest þeim vel ä giestena og hafe þeyr nöggann pening, þä drepa þeyr þä ä vegenum og taka gialded: – Eyngenn þiöd er so giäfmilld sem þeyr, þarmed og vyrdingagiörn vid þä sem fræger eru af sijnum manndömværum: – Tyrkianner eru so talhlijdner og illkuitter ad þeyr liä eyru sijñ huorium röggerurum og trua honum: – Ef þeyr verda rijker, og fá nädugann dauddaga huad sialldann ber til, þä fá Børnenn og þeyrra eigennkuinnur ecke par af þeyrra götze, helldur tekur þad soldän alltsamann, og skiptter þui ä medal födurleysingia, eptter þui sem sä hinn daude var j gunst vid hann: – Arenu skiptta þeyr j tolf mänude, þeyr byriast þä tungl kueykest, enn endast þä tungled endar, og heyta þeyr so ä þeyrra tungu: – 1. Mecheren: – þad er Iänuaris: – 2. Sepher: – þad er Februarius: – 3. Rebucl evel: – þad er Martius: – 4. Rebucl achir: – þad er Aprilis: – 5. Zumasiel evel: – þad er Majus: – 6. Zumasiel achir: – þad er Iunius: – 7. Rezeb: – þad er Iulius: – 8. Schavan: – þad er Augustus: – 9. Rämāsan: – þad er September: – 10. Scäaval: – þad er October: – 11. Ciclade: – þad er November: – 12. Silchize: – þad er December: – Tungled og stiörnurnar vyrda þeyr meir og tilbidia helldur enn sölena, þessvegna ad þeyr eru veykare og verr til passa ä dagenn þä sölenn skyn, helldur enn ä næturnar þä tungled lýser: – Þeyrra Äratala er med tuenttslag: – 1. Heginos: – þä þeyr telia frá fæding

¹⁰⁵ smánarligana 583.

¹⁰⁶ hann] + 583.

Machometz: – Annad kalla þeyr Mächometicos: – þá þeyr telia frá hanz vppstigning til hymna: – j huorre vyku hafa þeyr sið daga, so sem vier, og heyta þeyr suo ä þeyrra tungu: – 1. Bäsar jum það er sunnudagur: – 2. Basar ertisi: – það er mánudagur: – 3. salle: – það er þriðjudagur: – 4. sarschamtia: það er midkudagur: – 5. vesceмба: – það er fimtudagur: – 6. Junar: – það er föstudagur: – huorn þeyr hallda helgann: – 7. suma ertis: – það er laugardagur: – Og hier med endast sidvenia þeyrra tyrkianna, so mijked sem eg hefe heyrtt og lesed¹⁰⁷:

VI. Lokaorð

Í upphafi greinar er stuttlega vikið að víðfedmi og skipulagi Tyrkjaveldis á 17. öld og skýrt lítillega frá Tyrkjaráninu á Íslandi 1627 og prentuðum heimildum um það. Í óprentuðum bréfabókum Gísla Oddssonar Skálholtsbiskups (d. 1638) eru varðveitt allmörg bréf um vandræði þeirra í Vestmannaeyjum sem eftir ránið sátu sviptir maka en vildu fjölga sér og urðu því að giftast á nýjaleik. Drepið er á hið helsta í þessum bréfum og birtar glefsur úr þeim og prentaðir vitnisburðir um afdrif hertekinnar konu, Önnu Jasparsdóttur.

Minnt er á fordóma sem um aldir hafa einkennt skrif kristinna lærðómsmanna um múhamedstrú og siði Tyrkja og fram koma í íslenskum handritum. Bent er á dæmi frá 1663 úr bréfabók Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups um að kennimenn óttuðust að alþýðu dreymdi ævintýri sem biðu þeirra manna sem lentu í ánaud hjá Tyrkjum og vísar það dæmi ef til vill til þess að alþýðumenn hafi ekki blindandi samsinnt yfirboðurum sínum og lærðum mönnum sem af kappi predikuðu Tyrkjahatur¹⁰⁸ til varnar sinni kristnu trú. Ljóst má greina þessa óvild í þýðingu á riti eftir Hans Hansen Skonning sem til er í íslenskum handritum og í ritkorninu í AM 555 b 4to sem mun þýðing á eldra erlendu lærðómriti. Frásagnir þeirra herteknu sem komu aftur úr hinni þriflegu Alsírborg og þekktu sætabrauð hennar og steikur, gjafmildi Tyrkja og gamansamar samræður þeirra, gætu hafa kynt undir drauma íslenskrar alþýðu um ævintýri í Afríku. Birt er eftir AM 124 8vo lýsing

¹⁰⁷ og hier med endast – lesed] og hiermed endast tjrkianna siduenia 583.

¹⁰⁸ Tyrkjaránið á Íslandi 1627, XI-XXII.

á síðum Tyrkja þar sem örlar á jákvæðu viðhorfi til þeirra og gæti eitt-hvað í henni verið runnið frá frásögnum Íslendinga sem kynnst höfðu þegnum Tyrkjaveldis af eigin raun.

Fróðlegt, en torvelt, væri að kanna hvort gætt hafi áhrifa dvalar hinna herteknu, sem komu aftur, á íslenskt þjóðlíf, til að mynda í klæðaburði, mataræði, orðfæri, sagnaskemmtan eða kaupskap, en islömsk trúarbrögð eru öðru fremur trúarbrögð kaupmanna, en ekki hirðingja eða bænda.¹⁰⁹ Fjöldi uppskrifta Reisubókar síra Ólafs Egilssonar¹¹⁰ sýnir að hún hefir verið vinsælt lesefni, en drjúgur hluti hennar er lýsing á því sem bar fyrir augu prestsins á ferðalagi frá Alsír til Íslands. Kannski er vísbending um nýkomna borgaralega siði í Vestmannaeyjum það sem Gísli biskup Oddsson segir í bréfi til Kláusar Eyjólfsssonar 9. nóvember 1634 um eyðslusemi hjónanna í Ofanleiti, síra Gísla Þorvarðssonar og Þorgerðar, dóttur síra Ólafs Egilssonar:

Um slika Aureigd og eydslu hiönanna a Offanleite sem þier mier skriffed heff Jeg ecke fyrr heyrðt og þar heff eg einginn Rad vid nie veit nockurt platz annarstadar honum til þarffa og kannskie það sie sumra meijning ad einginn skyllda stande til ad forsorga þa annarstadar sem med onaudsynlegum klædaburde eda audrum oþarfendum eyda so eirnrar kirkiu penijngum ...¹¹¹

¹⁰⁹ Watt. *The Influence of Islam on Medieval Europe*, 15.

¹¹⁰ *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*, 91–92, 135–137, handritin eru einnig talin í óprentaðri prófritgerð Svavars Sigmundssonar sem hann góðfúslega léði mér.

¹¹¹ AM 246 4to, bl. 87v.

EFTIRSKRIFT

Þegar þessi grein var fullgerð í próförk sumarið 1995 birtist gein eftir Þorstein Helgason: Hverjir voru Tyrkjaránsmenn? í *Sögu* 1995, bls. 111–134. Þorsteinn kemur að sumum sömu efnum og drepíð er á í fyrsta hluta þessarar greinar. Hann telur að ránsmenn hafi verið „Evrópumenn“ og „líklegast einhverjir Tyrkir“ og nefnir fjölmörg gagnleg rit sem varpað geta ljósi á hið margþætta rannsóknarefni, Tyrkjaránið á Íslandi 1627.

SUMMARY

The unpublished letter-books of Gísli Oddsson, Bishop of Skálholt (d. 1638) contain many letters about cases involving people in the Westman Islands whose spouses were seized by the Algerian pirates who raided the coastal regions of Iceland in 1627. The main matter arising in these letters is whether or not it was permissible for such individuals to re-marry. The article presents evidence about the fate of Anna Jasparsdóttir who had a husband and children in Algiers, whilst her former spouse, Jón Oddsson, remained in the Westman Islands and was looking for a new wife. The article also prints a section from AM 124 8vo which was written at some point during the period 1635–1669, and which gives quite a positive account of the customs and practices of the Turks; other Icelandic manuscripts contain rather more negative accounts. The article draws attention to the prejudice of clerical authorities and scholars against believers in the Islamic faith, and cites an instance from 1663, in the letter-books of Bishop Brynjólfur Sveinsson from Skálholt, which seems to show that the hard-pressed common folk did not always follow blindly the attitudes of their superiors.

JON GUNNAR JØRGENSEN

„SNORRE STURLESØNS FORTALE PAA SIN CHRØNICKE“

Om kildene til opplysningen om Heimskringlas forfatter.

DET ER IKKE mange i dag som nærer tvil om at det var Snorre Sturlason som skrev *Heimskringla*. Noe avgjørende bevis for dette har vi ikke, men et bærende argument har vært at opplysningen var kjent på 1500-tallet av de norske oversetterne Laurents Hanssøn og Peder Claussøn. Det har vært antatt at Snorres navn har stått i prologen i et tapt *Heimskringla*-håndskrift. På grunnlag av at begge oversetterne har kjent opplysningen, er det trukket slutninger om foreleggene deres. De to skal ha brukt samme forelegg, og selv om prologen ikke finnes i Peders oversettelse, skal den ha stått i forelegget hans. Jeg vil i denne artikkelen ta opp problemkomplekset omkring forfatteropplysningen og prologen. Resultatet kan få betydning for selve realitetsdiskusjonen om *Heimskringlas* forfatter, men det spørsmålet vil jeg ikke drøfte nærmere her.

I artikkelen *Sagnaritun Snorra Sturlusonar* skriver Ólafur Halldórsson at det i middelalderen sannsynligvis har vært alminnelig kjent, i alle fall blant de lærde, at Snorre var *Heimskringlas* forfatter. Dette viser seg i at det i *Orknøyingenes saga* og flere steder i *Den store saga om Olav Tryggvason* henvises til Snorre Sturlasons fremstilling, og at den fremstillingen det vises til stemmer med *Heimskringla*.¹

I tidens løp gikk kunnskapen om Snorres forfatterskap i glemmeboken, og først da Peder Claussøns sagaoversettelser ble utgitt i 1633, ble Snorre igjen kjent som verkets opphavsmann. Snorre nevnes i overskriften til oversettelsens prolog: „Snorre Sturlesøns Fortale paa sin Chrønicke“.² Prologen i denne utgaven er imidlertid ikke Peder Claussøns. Utgiveren, Ole Worm, har lånt den fra en eldre oversettel-

¹ Ólafur Halldórsson 1979, 127.

² Peder Claussøn Friis: *Norske Kongers Chronica*, København 1633 (PCI) s (c) 3v.

se, Laurents Hanssøns fra 1548–51.³ I prologen i Laurents Hanssøns oversettelse nevnes Snorre to steder. Først står det etter prologens første hovedavsnitt:

Her fylgir effter Aff thenn Merckelige Saughe Schriffuere Aare prest i Jsslandh oc de ßom hand fylger i Sauger andre wittige men ßom staa i same Fortalen Snorris Sturlis *historiographi Noru(egiaë)*. (LH⁴ 6)

Til slutt, etter det andre hovedavsnittet, står det så:

Her Enndis fortalenn Snorris Sturlesenn vdi konninge Boghen. (LH 7)

Selv om vi ikke kan se av *Heimskringla*-oversettelsen, slik den fremstår i Worms utgave, at Peder Claussøn har kjent til at Snorre var *Heimskringlas* forfatter, fremgår det tydelig nok andre steder i Peders forfatterskap at han har hatt dette på det rene. I *En kort extract af de norske kongers Chronica* (e. 1599)⁵ skriver han at Snorre har skrevet en norgeskrønike der kongerekka begynner med Odin, og i *Om Iisland* (1580) nevner han Snorre sammen med to andre kjente islandske krønikeforfattere, biskop Isleiv og Are Frode.⁶ At det virkelig er *Heimskringla* han tillegger Snorre, går fram av en marginalnote ved navnet hans i *Om Iisland*, der det står at han i 1599 har oversatt Snorre Sturlassons norske krønike til dansk.⁷

Gjennom tidene har flere forskere drøftet spørsmålet om hvor de to oversetterne har hentet forfatteropplysningen fra. Peder Claussøn har neppe kjent Laurents Hanssøns oversettelse,⁸ og må altså ha fått sin viten fra annet hold. Gustav Storm prøvde flere løsninger på problemet. Han mente at Peder Claussøn ikke hadde kjent Laurents Hanssøns arbeid, og antok først at Snorre var nevnt i et *Heimskringla*-håndskrift som de begge hadde benyttet.⁹ Storm kritiserte her sin eldre kollega Konrad Maurers standpunkt. Maurer hadde reist tvil om at Snorre

³ Gustav Storm 1882, 47–61.

⁴ *Laurents Hanssøns sagaoversættelse*, Gustav Storm (utg), Kristiania 1899.

⁵ *Samlede Skrifter*, 42.

⁶ Samme bok, 191.

⁷ Samme bok, LXI.

⁸ Gustav Storm 1882, 48–53; Jonna Louis-Jensen 1979, 49; Ólafur Halldórsson 1979, 121.

⁹ Gustav Storm 1873, 2–3.

hadde skrevet *Heimskringla* og hevdet at de unge oversettelsene ikke kunne tillegges særlig beviskraft i dette spørsmålet. Han mente Laurents Hanssøn kunne ha utledet forfatteropplysningen av andre sager, og at Peder Claussøn i sin tur hadde fått den fra Laurents.¹⁰

Storm korrigerer sitt standpunkt i *Arkiv* 1882. Han hadde nå sett at prologen i utgaven av Peder Claussøns sagaoversettelser stammet fra Laurents Hanssøn, og hevdet dessuten at Laurents trolig hadde tatt hele prologen fra *Codex Frisianus (F)*. Storm falt nå delvis ned på Maurers forklaring, men fastholdt at Peder Claussøn ikke hadde kjent forgjengerens oversettelse. Han mente nå at både Laurents Hanssøn og Peder Claussøn uavhengig av hverandre hadde utledet forfatteropplysningen av *Olav Tryggvasons saga* i *Bergsbók*, der Snorre er nevnt flere ganger.¹¹

Siden kom Storm fram til at Laurents ikke hadde tilleggsopplysningene i *Olav Tryggvasons saga* fra *Bergsbók*, men fra Odd munks *Olav Tryggvasons saga*, nærmere bestemt *AM 310 4to*, og etter at Finnur Jónsson hadde identifisert Laurents Hanssøns hånd på det bevarte bladet fra *Kringla*, var både Storm og Finnur Jónsson overbevist om at Laurents' andre håndskrift hadde vært *Kringla*, og at forfatteropplysningen måtte ha stått i *Kringlas* prolog.¹² Finnur Jónsson mente at også Peder Claussøn hadde brukt *Kringla*, men at prologen var tapt da han fikk håndskriftet. Han drøfter imidlertid ikke nærmere hvor Peder da kunne ha forfatteropplysningen fra.¹³ Storm endret ikke sin gamle oppfatning når det gjaldt Peders kilde. I innledningen til Nasjonalutgaven av *Heimskringla* (1900) skriver han at Peder kjente Snorre som sagaforfatter fra *Bergsbók*.¹⁴

Laurents Hanssøns forelegg

Hovedforelegget til Laurents var *F*, men det er tvilsomt om det er dette håndskriftet som ligger til grunn for prologen, slik Storm mente i 1882 og fastholdt i 1899.¹⁵ Laurents Hanssøn skrev i forordet til over-

¹⁰ Konrad Maurer 1867, 16–18 og særlig note 24 s 123–126.

¹¹ Storm 1882, 60.

¹² Finnur Jónsson 1895, VI, og *HkrFJ* I, IX–X; Gustav Storm i *LH*, V.

¹³ *HkrFJ* I, X.

¹⁴ Storm 1900, XXXIX.

¹⁵ Se Storm 1882, 57 og *LH*, IV–V.

settelsen at han hadde fått tak i et annet håndskrift etter at han var kommet godt i gang med arbeidet, og at han hadde støttet seg til dette ved siden av hovedforelegget. Storm anførte to argumenter for at Laurents hadde hatt dette andre håndskriftet til støtte for prologen. Det ene var at „Oversættelsen forudsætter de to Ord i Fortalen „hafa mælt“, som manglede i Codex Frisianus og som altsaa maa være laant fra det andet haandskrift Kringla“ (*LH V*). Det andre var at opplysningen om Snorre måtte være herfra, ettersom den ikke står i *F*.

Setningen som forutsetter ordene „hafa mælt“ ser slik ut i oversættelsen:

Pa thenne bogh lodh ieg schrifue gamle frasauger om høfðinge de som Regemente haufue haft vdi desse nordlanden oc pa Danske tunge hafue talet sa som ieg hafuer hørt aff vise menz saugn ... (*LH 5*)

Leddsetningen blir ganske meningsløs uten verbalet „hafue talet“, og selv om ikke Laurents viser seg som noen språklig virtuos, har han ganske sikkert kunnet gjøre denne rettelsen uten støtte i noe forelegg. Finnur Jónsson har imidlertid påpekt flere detaljer i prologteksten til Laurents Hanssøn som stemmer bedre med *Jöfraskinnas* (*J*) tekst enn med *F*. Det er nok å nevne et par av eksemplene:¹⁶

Aff hans naffne ere ynglinger kallede (*LH*)

af hans nafni eru Y. kallaðir (*J*)

af hans nafni eru síðan kallaðir Y.; (*F*)

hann haufde thet Aare tall først (*LH*)

ok hafði þat áratat fyrst (*J*)

ok hafði fyrst áratat (*F*)

Eksemplene viser tydelig nok at Laurents må ha brukt et annet håndskrift enn *F*, enten som hovedforelegg eller til støtte. Finnur Jónsson mente det andre håndskriftet mest trolig hadde vært hovedforelegg for prologen, og det tror jeg han hadde rett i. I eksemplene over er avvikene fra *F* uten innholdsmessig betydning, og det hadde ikke vært noen grunn for Laurents til å velge lesemåter fra et annet håndskrift her, dersom han hadde brukt *F* som hovedforelegg.

¹⁶ Anført etter *HkrFJ I* (Finnur Jónsson; *Heimskringla*. Kbh 1893–1900), IX, unnatt det andre eks. fra *J*, som er anført etter *HkrFJ I*, 6.

Laurents har sløyfet slutten på prologen i oversettelsen. Han gjør imidlertid leseren oppmerksom på at han ikke har tatt med alt:

Thet som efter fylgir in prohemio er intthet annet æn Aara tall
huilket man fynnr i sellffue kronicke om huer kong ifra Sanct
Oluff oc tilforenn etc. (LH 7)

Kommentaren er litt forvirrende. Teksten som her er utelatt, slik den står i *F* og *J*, inneholder opplysninger om Isleivs og Halls levetid, om hvordan Are gjennom Teit fikk del i deres kunnskaper, og at Are også hadde lært mye av Turid, Snorre godes datter. Dette passer dårlig med den innholdsbeskrivelsen Laurents angir. Sverrir Tómasson antyder den tolkning at prologen i Laurents' forelegg kan ha inneholdt mer enn det som står i *F* og *J*.¹⁷ Laurents' oversettelse er imidlertid mange steder svært unøyaktig, og det er tydelig at oversetteren ofte har hatt problemer med å forstå teksten. Den utelatte delen av prologen inneholder flere kronologiske opplysninger, en gang satt i relasjon til Olav den hellige, en gang til Olav Tryggvason. Olav den hellige ble dessuten nevnt i den siste setningen før denne kommentaren. Trolig skyldes det dårlige samsvaret mellom Laurents Hanssøns innholdsangivelse og det kjente innholdet i *Heimskringla*-prologen bare Laurents' unøyaktighet, slik at teksten han sikter til i kommentaren ikke er noen annen enn den vi kjenner fra *F* og *J*.

Kritikk av Gustav Storm og Finnur Jónsson

Også Jakob Benediktsson har tatt opp spørsmålet om hvor Snorre er nevnt som *Heimskringlas* forfatter. Med tekstkritisk argumentasjon viser han at Laurents' andre håndskrift neppe kan ha vært *Kringla*,¹⁸ og dette resultatet passer med at vi ellers ikke har noe som vitner om at *Kringla* har inneholdt prologen. Prologen manglet i alle fall kort etter at håndskriftet var kommet til Universitetsbiblioteket i København tidlig på 1600-tallet. Ole Worm brukte *Kringla* til komplettering av Peder Claussøns oversettelse som han utgav i 1633. Om *Kringla* hadde inneholdt prologen, ville han neppe ha brukt den ufullstendige versjonen fra Laurents Hanssøn.

mark á / gerðu þér ekki of dælt við þann sem „þjónar fyrir augum“ eða nánar tiltekið: ytri framkoma og viðmót er ekki alltaf í samræmi við innræti og hugarfar. Þessi merking kemst vel til skila í dönsku þýðingunni: „Ken ey for wener ale och huer / sig rømer i or och haffuer dig kier“. Athyglisvert er að efni þessa erindis er allt annað hjá NN: „Kvoldbæn þin heit og trúar tár / tallaus hiartanleg ydran klär / bæte þin jllskubrotinn sterk / best er það nætur upphafzverk.“ Hjá Hallgrími kemst merking þýska textans hins vegar til skila: „Kiært þo eirn late i eyrum þier / ofmióg honum ei trwa ber; / munnurenn stundum mæler daett, / meinar þö kannskie hiartad flätt.“

Næsta erindi hefst svo í þýsku sálmabókinni: „Laß kein vnfall verdriessen dy, / wenn das Glück dir wohnet bey:“ og á lágbýsku: „Lath neen vnfall vordreten dy, / wenn dat Glück dy wanet by“ (þ.e. Láttu þér ekki gremjast um of þegar þú verður fyrir skakkafalli). Þetta þýðir ÓJ svona: „Lat þier ei ofall lijka ver / nær luckan eirninn byr hia þier.“ Merking þessa fyrri hluta erindisins virðist svolítið einkennileg, nema átt sé við að smáóhöpp séu ekkert til að gera veður út af, ef maður er hamingjusamur að öðru leyti. Erindinu hefur hins vegar verið breytt í Þorst-sálmabókinni sem kom út í Berlín 1736. Þar segir: „Laß kein'n Unfall verdriessen dir, / wenn das Glück wohnet *nicht* bey dir“ (leturbreyting mín).

Unfall þýðir ÓJ með orðinu ófall. Það orð mun hafa verið fremur algengt og kemur m.a. fyrir í Passíusálmunum: „enn ef þig ofall hendir / aptur i tijma vendir“ (Pass. 16,13).²⁴ Þetta erindi hefur svolítið annan blæ á dönsku þótt efnið sé skylt. Það hljómar svona:

Lycke och wlyke huad dig komer paa
ditt sind du stadlige regere maa,
att dig ey forffører falsk eller suig,
thi enden er altid begyndelsen wlig.

Erindið endar á svipaðan hátt á þýsku: „Anfang vnd endt sein nicht geleich, / wie solches offt befindet sich.“ NN byrjar erindið eins og í dönsku þýðingunni, en sleppir að ræða um upphaf og enda: „Luckann hvört sem þig leikur vid / lanz edur hverfur blydlæted, / þier lattu vera

²⁴ *Passíusálmur Hallgríms Þjeturssonar* gefnir út eftir eiginhandriti höfundarins, tvö hundruð og fimtíu árum eftir lát hans. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn 1924, 60.

i þanka fast, / það mune kunna að ummbreitast.“ HP fylgir dönsku þýðingunni fastast eftir: „Luckann huort helldur er möt eda med, / mynstu að hafa stódugt gied, / skialldann er upphaf ending lykt, / opt gefr raunenn vitne um slijkt.“

12. erindi (M) fjallar um mikilvægi þess að hafa stjórn á skapi sínu: „Messig im Zorn sey allezeit, / vmb klein vrsach erheb kein streit: / Durch Zorn das hertze wird verblendt, / das niemandt recht darin erkendt.“ Í þessu erindi er efni allra textanna hið sama. Enginn fylgir þýska textanum þó fastar eftir málfarslega en ÓJ: „Matann j reidi og medalhöf hallt, / mas og stiriöld ei reis vm allt, / þui ramblindar hiartt- ad reidinn bräd, / riettsyne fær þa einginn gäd.“ NN hefur erindið svona: „Med reide alldrei byria ber / breitne þina nie athafner, / margur i bræde verk það vann / sem vard þo leinge að ydrast hann“. Hann byrjar erindið á sama hátt og danska þýðingin: „Mett wrede du aldrig din sag bestile“. Og þýðing HP er ekki ósvipuð: „Med reidum hug ei hondla neitt / huad til göds enda verdur²⁵ leidt, / margur i brædi verk það vann / sem vard þo mest að jdrast hann.“²⁶ Í seinni hluta þessa erindis líkist þýðing HP þýðingu NN svo mjög (sama orðalag, sömu rím-orð) að það vekur grun um að tengsl séu milli þeirra.

13. og 14. erindi þýska sálmsins víxlást í dönsku þýðingunni. Efni 13. erindis á þýsku er: Fyrirverð þig ekki fyrir að þiggja ráð eða læra eitthvað af þeim sem veit meira en þú sjálfur. Sá sem kann eitthvað er mikils metinn en enginn kærir sig um þann sem er „ungeschickt“, þ.e. klaufalegur eða heimskur. Þetta erindi hefst á orðunum „Nicht schem dich ...“ og stendur því fyrir bókstafinn N. Á dönsku er þetta erindi hins vegar nr. 14 og hefst á orðunum „Om nogen dig lerer dett du ey kandtt ...“ og stendur fyrir O. Samsvarandi erindi á þýsku er efnislega þetta: Ef einhver ber upp klögumál sem þér er ætlað að skera úr um, skaltu ekki trúá öllu sem hann segir undireins, heldur hlusta einnig á hinn aðilann, áður en þú kveður upp úrskurð þinn. Þetta er efni 13. erindis í dönsku þýðingunni sem hefst á orðunum: „Naar nogen itt klage- maal for dig føre ...“. Hjá NN og HP er hins vegar sama erindaröð og í þýska textanum:

²⁵ Ofanmáls milli „enda“ og „verdur“ er í DKNVSB 41 8vo skrifað „(villtu)“ bls. 353.

²⁶ Þýðing NN er ekki eins lík þýðingu HP í JS 235 8vo: „margur i brædi mæltj og vann / margt það sem leingi idrast hann.“

NN:

Nær sem þier kienner nockur mann
nockud gott stunda soma þann,
virðing störa hinn vitre ber,
virðingarlaus sa heimske er.

Öpröfad mál þu alldrei dæm,
ending þess verður tidum slæm,
brukadu lóg än beinginga,
bada heirdu mälzpartana.

HP:

Nem þu og lær huad nytsamt er
nær einhuor gott vill kenna þier,
hyrda faer vm heimskan mann,
hinn fær virðing sem nockud kann.

Okient mælefne alldrei mætt
urskurda fliött nie dæma brætt,
klagandans heyrdur sögn um sinn
sijdann giæt ad huad talar hinn.

Þetta er eina dæmið um að NN fylgi þýska textanum en ekki þeim danska, en skýringin gæti verið sú að hann taki mið af þýðingu HP eins og fleiri dæmi benda til.

Þýðing Hallgríms er til í 21 handriti eins og áður segir, og hefur auk þess verið prentuð í Hallgrímskveri. Í 15. erindi hafa flest handrit og prentanir þýðingar hans lesháttinn: „Prakt og hofmöd þier hrittu frá / hefnd færði *morgum* löstur sä.“ Fjögur handrit hafa: „Prakt og hoffrækt“ og eitt hefur lesháttinn: „Prakt og hördöm“. Orðið hofmóður er tökuorð frá 16. öld.²⁷ Það sama á við um orðin hoffrakt og hoffrækt.²⁸ Um hoffrækt eru skv. seðlasafni Orðabókar Háskólans nokkur dæmi t.d. hjá Stefáni Ólafssyni og Guðmundi Bergþórssyni. Nú mætti ætla að þýski frumtextinn og danska þýðingin gætu skorid úr um hvort orðið Hallgrímur hafi notað, þ.e. hvaða handriti beri að fylgja í útgáfu, en svo er því miður ekki. Á þýsku er erindið: „Pracht vnd hoffardt meid vberall ...“ en á dönsku: „Pratt och hoffmod du forlade ...“. Þar sem allt bendir til að Hallgrímur hafi þekkt textann bæði á þýsku og dönsku, koma bæði orðin til greina. Athyglisvert er að ÓJ, sem virðist oft jafnvel búa til orð upp úr þýskunni, sneiðir hjá báðum þessum nýyrðum og segir: „Priäl og dramb sem framast þu flij“. NN hefur þetta erindi svo: „Priäle veralldar fleig þier frá / fordiórfun næst er vegur sä / upp hvór sem klifrar ofurhætt, / ofann þvj hærra fellur þrætt.“ Orðið fordjörfun á sér fyrirmynd í danska textanum, svo og allur seinni hluti erindisins: „dett haffuer saa mange *forderuet* och skad; att fare som føre lad were din sed, ho høtt will stide faler offte ned.“ Málshættinum „hátt að

²⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík 1989.

²⁸ Sjá einnig Chr. Westergård-Nielsen. *Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur*. (Bibliotheca Arnarnagæana VI). Kaupmannahöfn 1946.

klífa, lágt að falla“ hefur danski þýðandinn bætt við frá eigin brjósti. Þýski textinn er einfaldlega: „Mancher wer ein behalten Mann, het er hoffardt vnd pracht gelahn.“ ÓJ þýðir: „vid hielldist margur veralldar mann, ef volz og dramb aflegdi hann.“ HP fer í þessum vísuhelming eigin leiðir: „lijtelatann landsmannasid / laet þier nægast að blijfa vid.“ Í þessu erindi sést því að NN notar danska textann óháð HP.

16. erindi (Q) fær allt annan blæ í dönsku þýðingunni en í þýsku textanum. Á þýsku er þetta erindi fyrst og fremst hvatning um að forðast illt umtal og ÓJ fylgir þeim texta að venju:

Quadt von niemandt gedenck noch sprich,	Quisa nie ætla ei jllt vm mann,
denn kein Mensch lebet ohn gebrech:	þui einginn hier syndlaus lifa kann,
Redstu alles nach deinem willn,	enn ef þu rausar allt huad villt,
man wird dich gar bald wider stilln.	einhuer vm sijder fær þig stillt.

Í dönsku þýðingunni snýst þetta erindi hins vegar um það að sýna nærgætni þeim sem líður á einhvern hátt illa: „Quide och angst berer mangan hoss sig, / om du dett seer, du frytter dig ey; / om nogen enss byrder tunges will giøre, / kan hende sig han dett sellff hiem føre.“ Þessi merking helst í báðum hinum íslensku þýðingunum. NN hefur: „Qvida syst auker hriggvum hug, / hrell ej þann mæder sorg óflug, / hvór það giórer med hædnessid / henda kann siälfann mötlæt看id.“ Og HP: „*Quilludum²⁹ hug sem sturlar stigd, / stærre skallt þu ei auka hrigd, / gollded mä verda aptur eins / sem odrum giorer þrátt til meins.“ Í þýðingu Hallgríms virðist jafnvel vísað til þeirra sem eru á einhvern hátt andlega vanheilir.

Í 17. erindi (R) eiga þýski og danski textinn ekkert sameiginlegt. Á þýsku er þetta erindi hvatning um að leita til Guðs í hverri neyð, en á dönsku áminning um að forðast hroka og keppa eftir hógværð.

Á þýsku segir:	Og ÓJ þýðir:
Ruff Gott in allen nóten an,	Riett bid þinn Gud j raunum alltjld,
er wird gewiðlich bey dir stahn,	reinast mun þier hans hiavist blijd,
Er hilfft eim jeden auß der noth	hialp hans vr neyd fær huer og einn sa,
der nur nach seinem willen thut.	sem hans vilia giorer stunda ä.

Danska þýðingin er eins og áður segir efnislega allt önnur og NN fylgir þeim texta:

²⁹ Quillududum *hdr.*

Ross dig ey seluer, om du noget gjør Rausn þína siálfur haf ej hátt,
 som lofflitt er och prises bør; hröse þier adrir seigdu fátt,
 thi dyd haffuer dog sin loff hoss dig, sialfhrosun nidrun sannleiks er,
 sellross styker hoss fattid och rige. sialf af sier digdinn vitne ber.

HP fylgir einnig danska textanum: „Raupa sem sijst af sialfum þier, / þó sijnest nockud giórt sem ber, / eigned lof jafnan luktur vest, / lijfnerd fromt sier hrösar best.“ Einkennilegt er að hann notar hér orðalagið *eigið lof lyktar verst* sem er að vísu þýðing á danska textanum *selvros stinker* en orðalagið líkist í raun meira þýsku útgáfunni á þessum máls- hætti, *Eigenlob stinkt*, sem þó kemur ekki fyrir í þýska frumtextanum, hvorki á háþýsku né lágþýsku. Hér gæti auðvitað verið um tilviljun að ræða. Ef það er rétt að Hallgrímur hafi dvalið um tíma í Glückstadt í Norður-Þýskalandi kynni hann hins vegar að hafa þekkt málsháttinn þaðan.³⁰ Hann gæti einnig hafa þekkt hann úr bókum. Loks kemur til greina að til hafi verið enn annar þýskur texti kvæðisins.

Í síðari hluta 18. erindis (S) er einnig mikill munur á þýska textanum og dönsku þýðingunni. Þýski textinn er: „Sich dich wol für, die zeit ist böß, / die Welt ist falsch vnnd sehr Gottloß; / Wiltu der Welt viel hangen an / ohn schadt efft schandt kompst nicht dauon.“ Upphafið er eins á dönsku en í lokin er uppörvandi hvatning í stað hótunar: „See dig well for, fly wnd selskab, / som du kan snartt forfføres aff; / holdt dig till dem som gudfryttig er, / itt fromtt naffn du selluer ber.“ ÓJ fylgir að venju þýska textanum: „Sia þig vel vid þui vond er tijd, / verold gudlaus og oheil smijd / ef henne hniigur þu ofmög ad / an skada og skammar ei endast það.“ NN fylgir hins vegar dönsku þýðingunni: „Sindana vondann selskap flij, / sindugra rädum vert ej i, / ærlega stunda umgeingne, / einz so þin dagleg hegdun sie.“ HP fylgir dönsku þýðingunni þó enn fastar: „Sia þig vel vm, þvi verólld er flä, / vondum selskap þig sneider hiä, / gudhræddum hallt þier giarnan ad / gott nafn þier vijst utvegar það.“

Í 19. erindi (T) er enn talsverður munur á þýska textanum og dönsku þýðingunni. Þýski textinn er hvatning um að breyta rétt, jafnvel þótt

³⁰ Jón Halldórsson í Hítardal segir um Hallgrím í prestasögum sínum í Lbs. 174–175 4to: „komst i þionustu hiä hardrädum Jarnsmid edur kolamanne (sumer seigia i Kaupenhavn enn adrer i Glýcksted)“. Sjá Jón Samsonarson. *Ævisöguágríp Hallgríms Pétursonar eftir Jón Halldórsson. Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*. Reykjavík 1971, 85.

maður hljóti ekki hrós fyrir. Bent er á að enginn geti hagað sér þannig að öllum líki. Efni danska textans er annað:

Tracht stets darnach was recht ist gethan,	Tratte aldrig effter en andenss wffer ³¹
ob dich schon nicht lobt jderman:	thi lyken den kan wende sig snartt;
es kans niemandt machen also	och den som er well høtt wdi spill
das es jderman gefallen do.	maa ofte giffue taffte och sell sette till.

Í dönsku þýðingunni eru menn hvattir til að sækjast aldrei eftir (eða óska eftir) ógæfu annarra, enda sé gæfan hverful. Og þeim sem gengur vel eina stundina, á kannski eftir að farnast illa síðar. NN virðist fara eftir danska textanum, en þó er þýðingin fremur frjálsleg. HP fylgir þýska textanum hins vegar greinilega í þessu erindi:

HP:
Tem þig að elska æru og spekt,
þö aller þig ei lofe freckt;
að öllum lýndi, eingenn mann
ord sijn og giórder stilla kann.

NN:
Taldrag a vinskáp aungvan eirn,
i þinum radum vertu hreirn,
luckunnar kannskie líka þier
ligne medlætisvindarner.

Bókstafirnir V og W fá hvor sitt erindið í þýska kvæðinu eins og áður segir. Í V-erindinu er hvatt til þess að treysta ekki á jarðneska hluti, minnt enn og aftur á að allt er hverfult og skynsamlegast að sækjast eftir eilífum verðmætum. W-erindið fjallar um að forðast deilumál. ÓJ þýðir bæði erindin nákvæmlega. Hið fyrra hefst: „Wppa Jarðneskt þig eckertt reid“ og hið síðara: „Vilie menn draga þig deilur J“. Á dönsku er erindi sem hefst á W (en ekkert sem hefst á V) og fylgir efnislega hvorugu erindinu á þýsku; það er hvatning til að vera vingjarnlegur í viðmóti og forðast stærilæti. Íslensku þýðendurnir hafa allir eitt erindi fyrir sérhljóðið U og annað fyrir samhljóðið V (ÓJ líka, hvað sem líður stafsetningu, eins og sést hér að ofan). U-erindið hjá HP samsvarar efnislega V-erindi á þýsku:

Verlaß dich auff kein Jrdisch ding,
all zeitlich gut verschwindet gring,
Darumb der Mensch gantz weißlich thut
der allein sucht das ewig gut.

Uppa heims aud og allt huad er
alldrei þig reid, það huerfur þier,
sa má þuj halldast higgenn best
sem himnesk giædi stundar mest.

³¹ Wffer = ufærd = ulykke, sbr. *Danske viser* VII, 265.

V-erindið hjá Hallgrími á sér hins vegar enga fyrirmynd, hvorki í þýska né danska textanum, a.m.k. þeim sem höfundur þessarar greinar hefur undir höndum. Í þýðingu NN er vers sem samsvarar erindi Hallgríms algjörlega efnislega en hefst á bókstafnum U:

HP:

Ven þig allrei med agg og rög
ad samandraða fiärens plög,
þad ferst med sorg sem fæst med synd,
fridsamt³² braud þier un og lynd.

NN:

Underhiggiu þu allrej med
annara til þin drager fied,
ranglätisgrode rienar vest,
riettfeinginn audur þienar best.

Þetta bendir enn til þess að samband sé milli þessara tveggja þýðinga eða að um fleiri gerðir af kvæðinu sé að ræða á þýsku eða dönsku og þar sé fyrirmynd þessa erindis.³³ V-erindið hjá NN á sér enga samsvörun hjá HP. Það hefst á mjög svipaðan hátt og hið danska, en síðari hluti þess er efnislega sér á báti. Hér er til vinstri erindið á dönsku og til hægri þýðing NN:

Wenlig i din omgengelse du dig hole,
dett er icke smutt att were forstolt;
thi aldrig attes mand for den han er,
om han sig selluer mone haffue for kier.

Vidmote godu vik þier af,
vid alla samt ej malbragd haf,
eirn kan'skie þier fyrer augum hlö,
eitrad falz geimde tungann þo.

Xerxes konungur kemur oft við sögu í gyllinistafrófum, enda ekki mikið úrval af orðum sem byrja á x. Hann var Persakóngur og uppi á árunum 486–465 f. Kr. Hann á jafnan að vera mönnum víti til varnaðar. Á þýsku er erindið svona:

Xerxes verließ sich auff sein Heer,
darüber wart geschlagen sehr:

³² Mörg handrit hafa: vid fridsamt ...

³³ Ljóst er að um fleiri gerðir er að ræða á þýsku. Í safnritinu *Das katholische deutsche Kirchenlied* er fyrsta erindi sálmsins prentað eftir *Rheinfelsisches Gesangbuch* frá 1666 og er þar nokkurn veginn alveg eins og fyrsta erindið í Greifswalder sálmaþókinni. Hins vegar segir þar aftan við að kvæðið sé upprunlega á lágbýsku (plattdeutsch) og sé varðveitt í handriti nunnunnar Catherine Tirs, skrifuðu 1588 í nunnuklaustrinu Niesing í Münster sbr. 12. nmgr. hér að framan. Fyrsta erindið er prentað eftir handritinu og er textinn greinilega annar en sá lágbýski sem prentaður er í sálmasafni Wackernagels, sbr. þessa grein, bls. 66.

So du most kriegem, Gott vertraw,
sonst alle zeit den frieden baw.

ÓJ fylgir þýska erindinu nákvæmlega: „Xerxes treysti ä herlid *hraust*, / *hann var þui sleiginn vægdarlaust*, / J orustu fast a *eirn* gud tru, / *enn þar a* mille frid halltu.“ Ólafur hikar ekki við að þýða „geschlagen“ með „sleginn“ í þeirri merkingu að hann hafi beðið afhroð í hernaði. Í þýska textanum er gerður greinarmunur á hegðun manna í stríði og á friðartímum. Í dönsku þýðingunni er á hinn bóginn lögð áhersla á að Xerxes hefði hlotið völd og frægð, hefði hann aðeins treyst Guði. Danski textinn er hér til vinstri og þýðing NN til hægri, sem fylgir danska textanum eins og sjá má og tekur upp eftir honum orðið *foragt*:

Xerxes forlod sig paa welde och matt,
hor offuer han kom i stor foratt;
han hade faat matt rett wisselige
hade han for allt hatt Gud mett sig.

Xerxes stolade mióg a magt,
mest af þvj sama hlaut forakt,
hann þvj umm Drottinn hyrte ej par,
hónum lítt tókust bardagar.

HP þýðir þetta erindi svona:

Xerxes kongur forðum freckt
forliet sig uppa valld og megt,
fieck þo mynkun og sorg til sanns,
sier huor varest þuj dæmi hanns.

Sögnin forlata hjá Hallgrími getur hvort sem er verið mynduð af forlade á dönsku eða verlassen á þýsku. Sögnin að forlata sig (upp) á eitthvað merkir að treysta einhverju (nokkur dæmi um það eru í seðlasafni Orðabókar Háskólans). Orðin vald og mekt hjá honum benda fremur til danska textans. Hallgrímur lætur sér nægja að leggja áherslu á það sem kemur alls staðar fram: Xerxes treysti á völd sín og það fór illa fyrir honum. Hann sleppir að ræða hvernig menn eigi að haga sér í stríði og friði og nefnir ekki að velgengni í hernaði byggist á því að menn treysti Guði.

Y-erindið er svo á þýsku:
Ye lengr je mehr kehr dich zu Gott,
das du nicht werdst des Teuffels Spot:
Der Mensch ein sodan lohn wird han
als er im leben hat gethan.

Þýðing ÓJ:
Yferbæt þig og ad Gudi snu,
suo andskotans spottfugl verder ei þu,
lijka sem *madurinn lifer* til hier
laun mun hann taka a sialfum sier.

Eins og maðurinn sáir, mun hann uppskera, er efni þýska kvæðisins. Í dönsku þýðingunni kemur hins vegar hin svokallaða gullna regla eða þessi orð Krists úr fjallræðunni: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“³⁴ NN fylgir danska textanum greinilega:

Ydermere derffor besynderlig ler	Ydia þin sie það allra mest
Gud offuer all tingest ellske och ære;	elska þinn Gud og heidra best
din neste du och dett same skiell bette	gjör það hvórium er girnest þier
som du wilde dig aff hanem skulde skeep.	gjöre sem flester mennærnær.

HP tekur hér dönsku þýðinguna fram yfir þýska textann:

Yfer allt fram þu ottast Gud,
elska og vird *hanns heilog* bod,
odrum rædhollur eirnenn siert,
eins og þu villt að þier sie giórt.

Síðasta erindi þýska kvæðisins hefst á bókstafnum z:

Zier all dein thun mit redlicheit,
gedenck zum endt den letzten bscheidt,
Denn vor gethan vnd nach bedacht
hat manchen in groß leyd gebracht.

Fyrri hluti síðasta erindisins í dönsku þýðingunni samsvarar þessum erindum, en síðari hlutinn hefur annan og jákvæðari tón:

Rett du din dontt³⁵ mett all höffueskhed
betenck døden er din siste affsked;
sett stadig din tro till Jessus Ckriste,
saa winder du himerig glede forwiste. Amen.

Danski þýðandinn hefur ekki séð sér fært að byrja þetta erindi á Z. Hann kys fremur að halda efni fyrri hlutans, þótt það kosti það að hann verði að yrkja annað erindi sem byrjar á R. Þetta lokaerindi sitt byrjar ÓJ á orðinu „síprýð“, stafsett með Z: „Zýprijd med æru þitt odal allt, / enda godann þui firer sia skallt, / þui adur giortt enn vm sie þeinkt, / opt hefur margra hug það kreinkt.“

³⁴ Matt. 7, 12.

³⁵ Dontt = dont = gerning, arbejde, sbr. *Danske viser* VII, 95.

Bæði Hallgrímur og ókunni þýðandinn byrja z-erindið á orðinu Zebaot, sem er hebreska og þýðir herskarar, en er oft notað í Biblíunni í samhenginu Drottinn herskaranna (Zebaot Jahve) og þess vegna notað sem heiti á Guði. Erindi NN er hér til vinstri, erindi HP til hægri:

Zebaoth Drottinn sie þitt skart, syst stunda heimsins priäl oparft, sa skruðe fegur skyn ä þier skarte veralldar trudu mier.	Zebaoth Gud øll veit þijn verk, vert þuj lastvar, hanns magt er sterk, fliötara stillest hötud hefnd enn hin sem er með frammmkuæmd efnd.
---	--

Hér virðast báðir þessir þýðendur vera búnir að sleppa sjónum af erlendu fyrirmyndunum. Þeir yrkja síðan báðir aukavers til viðbótar, í samræmi við íslenska stafrófið, eitt erindi fyrir Þ og annað fyrir Æ. Greinilega er ekkert samband þar á milli. NN yrkir:

Þinum af aude gott þu giór, Gudz þacka mónnum afftur þier, Drottinn ummbunar dome j dyrt er verdkaupid giættu ad þvj.	Æ lifer so i heime hier, heilager Drottinz einglarnar, þina sal bere þa til sín, þetta skammvinna lifed dvín.
--	--

HP kemur fyrst með heilræði ættað frá Sókratesi og hefur það ekki, eins og sjá má, úr erlendu textunum sem hér eru til umfjöllunar. Síðan kemur heilræði sem lýsir vel hugsunarhætti þessa tíma þótt það eigi mun eldri rætur: þrengst ei heldur í neina stétt, þ.e. vertu á þínum stað, af því að hver hlutur á sinn sérstaka stað og allt gengur best ef hann er þar kyrr og sinnir sínu hlutverki.³⁶ Síðari hluti erindisins líkist efnislega síðasta erindinu í þýska textanum, áminning um að hugsa allt til enda áður en framkvæmt er:

Þig sialfan lær ad þeckia³⁷ riett,
þreingst ei helldr i neina stiet,

³⁶ Wilhelm Friese orðar þetta þannig: „Urprinzip des von Gott erschaffenen Kosmos und aller menschlichen Existenz ist: *Ordnung*. Der Wille zur Ordnung und zum Geben einer festgefügteten Form in allen Bereichen des Daseins – im Leben des Einzelnen, im Staat, im Glauben, im Denken und Forschen – ist ein überall entgegenstretendes Kennzeichen eines Zeitalters, das in dieser Arbeit als Zeitalter des Barocks verstanden wird.“ *Nordische Barockdichtung*. Eine Darstellung und Deutung skandinavischer Dichtung zwischen Reformation und Aufklärung. München 1968, 292.

³⁷ Þannig í 14 handritum, m.a. JS 208 8vo, en í aðaltexta stendur: Þig lær ad þeckia sialfan riett.

huad þu aformar ad þuj gæ,
enderenn huornenn verda mä.

Síðasta erindið er mjög í anda Hallgríms, ekki síst áminningin *Memento mori*. Þýðingu hans lýkur með hvatningu og uppörvun og sama má segja um dönsku þýðinguna. Þýski sálmurinn endar hins vegar á þungorðri áminningu, sjá hér að framan. Síðasta erindi Hallgríms er:

Ætíjd minst æ þinn *daudadag,³⁸
dom síjastann og salarhag,
bid jafnan Gud ad gefa þier näd,
göd og heilnæm ad stunda räd.

Niðurstaða þessarar athugunar er meðal annars sú að eitthvert mark sé takandi á fyrirsögnum í handritum. Það er rétt sem þar segir að Ólafur á Söndum þýði úr þýsku; hann fylgir þýska textanum mjög nákvæmlega eins og hér hefur komið fram. Í fyrirsögnum margra handrita segir að Hallgrímur hafi þýtt kvæðið úr þýsku og dönsku. Allt bendir til þess að Hallgrímur hafi haft bæði þýska kvæðið og dönsku þýðinguna undir höndum og valið milli þeirra í þýðingu sinni. Hann getur líka vel hafa þekkt þýðingu Ólafs. Eitt dæmi (upphaf 8. erindis) er um að þýðingar þeirra líkist mjög hvor annarri. Hins vegar kemur ekki til greina að Hallgrímur hafi aðeins þekkt þýðingu Ólafs en ekki þýska frumtextann. Gegn því mælir t.d. að hann notar orðið „fortala“ þegar Ólafur notar „mistala“³⁹. Danski textinn hefur ekkert í þá veru en þýski textinn hefur „vorreden“. Mörg dæmi eru um að Hallgrímur fylgi dönsku þýðingunni fremur en þýska frumtextanum. Í 9. erindi (I) notar hann „svo uppsker hver sem hann sáir“ (uppskera mun það ellin kyrr / sem æskan niðursáði fyrr) sem er aðeins í dönsku þýðingunni. Hann fylgir dönsku þýðingunni efnislega í 16. og 17. erindi (Q og R) og einnig í síðari hluta 18. erindis. Í 23. erindi (Y) fylgir hann dönsku þýðingunni með því að nota „gullnu regluna“, en ekki þýska kvæðinu þar

³⁸ daugadag *hdr*.

³⁹ Sbr. 21. nmgr. Fortala hlýtur að vera upprunalegur lesháttur því að stuðlasetning er að öðrum kosti algjörlega ófullkomin.

sem segir að maðurinn hljóti laun eftir verkum sínum. Í 13. og 14. erindi er erindaröð hjá honum eins og í þýska kvæðinu, nánar tiltekið N-erindin og O-erindin eiga efnislega saman þar sem efninu er víxlað í dönsku þýðingunni. Í 19. erindi, síðari hluta, fylgir hann þýska kvæðinu eftir þar sem danska þýðingin víkur frá því. U-erindi hans fylgir efni V-erindis í þýska kvæðinu sem kemur hvergi fram í dönsku þýðingunni. Í P-erindi hans er efni sem virðist sótt í síðasta (Z) erindið í þýska kvæðinu, þ.e. að hugsu málið til enda þegar verið er að áforma eitthvað. En einnig eru nokkur dæmi um efnisatriði sem hann bætir við frá eigin brjósti.

Engin dæmi eru um að ókunni þýðandinn taki þýska textann fram yfir þann danska né að hann noti hann að öðru leyti, en nokkur um að hann fylgi ekki danska textanum og lítur út fyrir að hann leggi þar sjálfur til efni. Dæmi um það er K-erindið sem fjallar ekki um að vara sig á smjæðri heldur um að gleyma ekki að biðjast fyrir á kvöldin. Hann virðist ekki hafa þekkt þýska frumtextann, þó með þeirri undantekningu að 13. og 14. erindi snúa í þýðingu hans eins og í þýska kvæðinu en ekki eins og í dönsku þýðingunni. Nokkur atriði benda til sambands milli þessarar þýðingar og þýðingar Hallgríms. Hugsanlega hefur þýðing Hallgríms verið höfð til hliðsjónar og gæti það verið skýringin á áður nefndri erindaröð. U-erindið hjá ókunna þýðandanum á sér hvergi samsvörun nema í þýðingu sr. Hallgríms. P- og Æ-erindin (sem þeir eru einir með) fjalla hins vegar ekki um sama efni. Greinilegt er að ókunni þýðandinn hefur þekkt dönsku þýðinguna því að hjá honum kemur fyrir orðalag þaðan, sem hvorki er hjá Ólafi né Hallgrími.

Með siðbreytingunni bárust eins og kunnugt er menningarleg og hugmyndafræðileg áhrif hingað til lands aðallega frá Danmörku og Þýskalandi. Ólafur á Söndum er fæddur rétt eftir siðbreytinguna og í þýðingu sinni fylgir hann þýska frumtextanum svo fast að það bitnar í sumum erindum bæði á málfari og hugsun. Hallgrímur er rúmlega hálfri öld yngri en hann og leyfir sér að taka ýmist þýska kvæðið eða dönsku þýðinguna til fyrirmyndar eða yrkja frá eigin brjósti og árangurinn er kvæði sem er á góðu, íslensku máli, þrátt fyrir nokkur tókuorð, fellur vel að íslensku bragkerfi og setur efnið skýrt fram, eins og sést best á samanburði við hinar þýðingarnar tvær.

Dygðir og lestir eru eitt vinsælasta efni barokktímans segir Wilhelm Friese í doktorsritgerð sinni:

Der meditierend-deiktische Charakter großer Teile der Dichtung dieses Zeitalters läßt ein Thema immer wieder in den Mittelpunkt der Betrachtungen rücken: *Virtus*. Die Tugend zeichnet den *vir doctus et sapiens* aus; in der neulateinischen Dichtung wird dies Ideal oft behandelt, und die gelehrten Poeten des 17. Jahrhunderts überführen es in die Dichtung ihrer Muttersprache.⁴⁰

Í þýska kvæðinu er lögð áhersla á kristilegt hugarfar, t.d. að treysta Guði og leita til Guðs í nauðum; önnur heilræði eru almennari, t.d. að varðveita heiður sinn, gæta tungu sinnar og vera iðjúsamur. Mörg atriði snúast um mannleg samskipti svo sem að vera auðmjúkur gagnvart yfirboðurum en sýna um leið lægra settum fulla virðingu, láta ekki blekkjast af smjætri, sýna þakklæti (í verki), hafa stjórn á skapi sínu, vera fús til að læra af öðrum. Talsvert er fjallað um afstöðu til fjármuna, menn eiga ekki að stæra sig af þeim; þeir eiga að meta frómt líf-erni meira en auðæfi og vera örhlátir við fátæka. Auk þess eiga menn að taka mótlæti með jafnaðargeði, vera réttvísir í dómum, forðast þrjál, forðast baktal og gera það sem rétt er án tillits til þess hvað öðrum finnst. Einnig er talað um að treysta Guði í hernaði.

Sömu dygðir eru í hávegum hafðar í dönsku þýðingunni en áherslurnar eru sums staðar aðrar. Í 11. erindi þar sem talað er um að taka mótlæti með jafnaðargeði er t.d. í dönsku þýðingunni talað um að láta hvorki meðbyr né mótvind (lykke og ulykke) koma sér úr jafnvægi. Í 16. og 17. erindi í þýska kvæðinu er í raun um endurtekningu að ræða, þar er aftur talað um að forðast baktal eins og í 3. erindi og síðan um að leita til Guðs í nauðum eins og í 1. erindi. Þar bætir danski þýðandinn nýjum atriðum við, að sýna nærgætni þeim sem eiga um sárt að binda og forðast sjálfshól. Þegar varað er við skaðsemi veraldarinnar í þýska kvæðinu er í dönsku þýðingunni bætt við hvatningu um að leita eftir góðum félagsskap guðhræddra. W-erindið á dönsku er eins og áður segir óháð bæði V- og W-erindinu á þýsku. Í þrem síðustu erindunum (X, Y, Z) hefur danski þýðandinn upphaf hvers erindis mjög svipað og í þýskunni en botnar það með eigin útlekkingu, eins og kemur fram hér að ofan. Í stað þess t.d. að enda síðasta erindið með þeim orðum

⁴⁰ Friese. *Nordische Barockdichtung*, 144.

að sá sem framkvæmir án þess að hugsa málið áður, hljóti oft hin verstu endalok („hat manchen in groß leyd gebracht“) kýs hann að segja: „sett stadig din tro till Jessus Christe, / saa winder du himerig glede forwiste. Amen.“ Fullyrða má að hann reyni í þýðingu sinni annars vegar að auka fjölbreytni og hins vegar að milda ofurlítið frumtextann.

Talsvert er varðveitt af íslenskum heilræðakvæðum eftir siðskipti en þau hafa lítið verið rannsökuð. Óskar Halldórsson segir að innræting af einhverju tagi „sé höfuðeinkenni á kveðskap lærdómsaldar“ og komi fram í miklu fleiri kvæðum en teljist til kenniljóða.⁴¹ Þó nokkur heilræðakvæði eru eignuð Hallgrími Péturssyni og eru „Heilræðavísur“ hans án efa þekktastar af slíkum kveðskap eftir siðskipti. Þýðingarnar sem hér hefur verið fjallað um sýna að erlendur heilræðakveðskapur hefur verið þekktur hér á landi á lærdómsöld og gera má ráð fyrir að hann hafi haft áhrif á frumsamin íslensk heilræðakvæði.

*Þýðing Ólafs Jónssonar = ÓJ
NKS 139 b 4to bl. 14r-16v*

Enn eirn dijgda speigill vt dreiginn af þui Gyllenni A.B.C. vr þijd-
verskunne.

- A lleina til Gudz set trausta tru
a tæpa mannz hialp ei bygg þu
hía einum Gudi er tallaus trijgd
traudligar vijdar vm heimsins bygd.
- B ijvara þinn heidur best sem kannt
burt fra smän sem þinn dyrstann pant
ef ad þijn ærann eitt sinn fer
ecki hun þadann af til leggst þier.
- C eig þu fátt enn verd margs vjjs
vinnur þu med þvi heidur og prijs
med þogn sig eingenn mistala ma
enn maluger rata j skomm og þra.
- D yrstum vijk enn dæm þig smän
suo dragi þig ecki j olucku hann

⁴¹ Óskar Halldórsson. *Bókmenntir á lærdómsöld*. Reykjavík 1977, 28.

þeim minnstu ongua misgiord syn
mun þa rosamlig æfinn þijn.

E igi þig stær nie stollt þitt gied
þo stornægter hafer med gull og fied
alldri þad til þess Gud þier gaf
ad gotzinu skyllder þu metnast af.

F romur þu vertt og fast þui hallt
framar enn gulli til enda allt
þo audur og gullid flye þier fra
fijlger þier danu menskann þa.

G a ad fataekum giarnann þratt
nær Gud þig blessar og þad þu ätt
annars þig henda allt eins kann
og oss seiger Christr vm rijka mann.

H afi þier nockur til goda giortt
giarnan þess ætjtd minnugur vertt
af ollu hiartta þig angre strijtt
ef þijnum naunga geingur lijtt.

J þinne æsku vel þig ven
a vinnu þrifnad enn fordast slen
þui erfidi veiter ohægt þa
nær alldurdomurinn strijder a.

K iær ei suo freckt firer sierhuern mann
sem firer augum þiona kann
þui af giedinu hiarttanz går ei allt
sem glosar munnurinn fagurt og sniallt.

L at þier ei ofall lijka ver
nær luckan eirninn byr hia þier
vpphaf og endi er allz olijkt
allmargur tru eg reine slijkt.

M atann j reidi og medalhöf hallt
mas og stiriold ei reis vm allt
þui ramblindar hiarttad reidinn bräd
riettsyne fær þa einginn gäd.

- N em af odrum þad veistu ei vel
vomm og mijkun þad ongua tel
þui virðing fær huer sem veit fra sier
enn vitlausann einginn girnist hier.
- O g ef kjarumäl kemur firer þig
klagarans aburd heyr firer sig
vrskurd og trunad ei legg a fir
enn þu hins annars afbótun spir.
- P riäl og dramb sem framast þu flij
suo fellur þu ei olucku j
vid hielldist margur veralldar mann
ef volz og dramb aflegdi hann.
- Q uisa nie ætla ei jllt vm mann
þui einginn hier syndlaus lifa kann
enn ef þu rausar allt huad villt
einhuer vm syder fær þig st[ill]t.
- R iett bid þinn Gud j raunum alltjð
reinast mun þier hans hiavist blijð
hialp hans vr neyd fær huer og einn sa
sem hans vilia giorer stunda ä.
- S ia þig vel vid þui vond er tjd
verolld gudlaus og oheil smjð
ef henne hnjgur þu ofmög ad
an skada og skammar ei endast þad.
- T ala og gior huad trutt er og riett
þo tiaest þier firer þad lof ei neitt
þui gietur so einginn giortt eitt huad
ad giediest ollum sem lijta ä þad.
- W ppa jardneskt þig eckertt reid
allt stundligt er rijrtt og fer syna leid
eg þui vitrastann ackta þann
sem eiljfu gotze safna kann.
- V ilie menn draga þig deilur j
duel þu med þógn og fresta þui

vijk *honum* helldur veigi þeim fra
sem villdi hann hafa þig teigt vppa.

X erkses treysti ä herlid hraust
hann var þui sleiginn vægdarlaust
j orustu fast a eirn Gud tru
enn þar a mille frid halltu.

Y ferbæt þig og ad Gudi snu
suo andskotans spottfugl verder ei þu
lijka sem madurinn lifer til hier
laun mun hann taka a sialfum sier.

Z ijprijd med æru þitt odal allt
enda godann þui firer sia skallt
þui adur giortt enn vm sie þeinkt
opt hefur margra hug þad kreinkt.

Þýðing Hallgríms Péturssonar = HP
DKNVSB 41 8vo bls. 352–355

Annad Gyllene A.B.C. utlagt af sra Hallgryme Peturss med hymna lag.

A eirn Gud set þu allt þitt traust
adstod mannlegre trwer laust,
fast standa Drottens fyrerheit
fynst varla trigd um veralldar reit.

B est þinnar æru geym og giæt,
gerseme su er harla mæt,
ef hun þier sleppur eitt sinn frá
eingenn er von til henne ad næ.

C hristnum sömer ei saurugt hial,
sierhuor sinn munn vel geyma skal,
med þógn sig eingenn *fortalad⁴² fieck,
fiólordum jafnan jlla gieck.

⁴² *Leiðrétt hér eftir öðrum handritum og vegna stuðlasetningar úr mistalad, sbr. 21. nmgr.*

- D eil alldreí við þinn yfermann,
elska skaltu og virða hann,
þann minne hættar hæð þú síjst,
hefnd fær drambseme jafnan víjst.
- E f þú nægd af audæfum ætt,
ógvann veigen þig stæra mátt,
þeink að læn Drottens er það allt,
af þuj reikningskap standa skaltt.
- F romleika, dæd og dygðer með
dyrara halltu enn gull eda fíed,
þa heimsins audlegd horfenn er
huort sinn gott mannord fylger þier.
- G ef ólmusur ef attu aud
og aumka þann sem líjður naud,
Gud í huors höndum heill þijn er
hann mun slíjkt aptur gíalda þier.
- H afe þier eirn til goda gíort,
godminnugur þess jafnan vert,
þackarlaus velgíord, það er reint,
þungt fellur bæði líost og leint.
- J denn vertu æ ungdöms tíjð,
ervídi lær, þar kemur um síjð
uppskíera mun það ellenn kyrr
sem æskan nýdursæði fyrr.
- K iært þó eirn late í eyrum þier
ofmíóg honum ei trwa ber,
munnurenn stundum mæler dátt,
meinar þó kannskíe híartad flátt.
- L uckann huort helldur er mót eda með
mynstu að hafa stódugt gíed,
skíalldann er upphaf ending líykt,
opt gefr raunenn vítne um slíjkt.
- M ed reidum hug ei hondla neitt
huad til göðs enda ^(vílltu) verdur leídt,

margur i brædi verk þad vann
sem vard þo mest ad jdrast hann.

N em þu og lær huad nytsamt er
nær einhuor gott vill *kenna* þier,
hyrda fær vm heimskan mann,
hinn fær virding sem nockud kann.

O kient mælefne alldrei mátt
urskurda fliött nie dæma brátt,
klagandans heyrdu sógn um sinn,
sijdann giæt ad huad talar hinn.

P rakt og hofmöd þier hrittu frá,
hefnd færði *morgum* löstur sä,
lijtelætann⁴³ landsmannasid
læt þier nægast ad blifja vid.

*Q uilludum⁴⁴ hug sem sturlar stigd
stærre skallt þu ei auka hrigd,
goldded mä verda aptur eins
sem odrum giorer þrátt til meins.

R aupa sem sijst af sialfum þier
þo sijnest nockud giórt sem ber,
eiged lof jafnan luktar vest,
lijfnerd fromt sier hrösar best.

S iæ þig vel vm þuj verólld er flä,
vondum selskap þig sneider hiä,
gudhræddum hallt þier giarnan ad,
gott nafn þier vijst utvegjar þad.

T em þig ad elska æru og spekt
þö aller þig ei lofe freckt,

⁴³ sæmelegan skrifad á spássu með sömu hendi.

⁴⁴ Quillududum hdr.

ad öllum lýndi eingenn mann
ord sijn og gíórder stilla kann.

V en þig alldrei med agg og rög
ad samandraða fiärens plög,
það ferst med sorg sem fäst med synd,
fridsamt braud þier un og lynd.

U ppa heims aud og allt huad er
alldrei þig reid, það huerfur þier,
sa mä þuj halldast higgenn best
sem himnesk giædi stundar mest.

X erxes kongur fordum freckt
forliet sig uppa valld og megt,
fieck þo mynkun og sorg til sanns,
sier huor varest þuj dæmi hanns.

Y fer allt fram þu ottast Gud,
elska og vird hanns heilog bod,
odrum rædhollur eirnenn siert
eins og þu villt ad þier sie giórt.

Z ebaoth Gud øll veit þijn verk,
vert þuj lastvar, hanns magt er sterk,
fliötara stillest hötud hefnd
enn hin sem er med frammkuæmd efnd.

Þ ig sialfan lær ad þeckia⁴⁵ riett,
þreingst ei helldr i neina stiett,
huad þu æformar ad þuj gæ
enderenn huornenn verda mä.

Æ tijd minst æ þinn *daudadag⁴⁶
dom sijdastann og salarhag,

⁴⁵ Þannig í 14 handritum, m.a. JS 208 8vo, en í aðaltexta stendur: Þig lær ad þeckia sialfan riett.

⁴⁶ daugadag hdr.

bid jafnan Gud ad gefa þier näd,
göd og heilnäm ad stunda räd.

Ökunn þýðing = NN
ÍB 242 8vo bl. 122r-126r

Enn eirn psalmur epter A B C
Ton Allfagurt lios

A Gud alleina vona víst
von þina a mönnum bigdu síst
Drottinn trúfastur alleirn er,
aller menn kannskie bregdest þier.

B est vakta æru þina þu
þin eign er allra besta su
eitt sinn tópuð fæst ecke avalt
eitt sinn burt voga henne ej skallt.

C hristnum somer ei þræta og þrátt
þeigande hlyda giarnann ätt
still þina tungu stunda frid
steifft hefur sumum mälædid.

D yrt virða yferbodna ber
best er lytt hælur sialfum þier
forakta ej heldur minne menn
misluckast tydum drambsemenn.

E f þier tilfalla ædur mä
af hónum metnast skallt ej þa
Gudz er lanid þess giæta mätt
Gude af því reikning standa ätt.

F romleike digd og æra er
óllu betre enn gimsteinarner
fied kann missast fallvallt er það
frid digdinn hefur sama stad.

G uds magt hugleid þa geingur vel
Gudi þitt rad a hendur fel

luckann þin er i hende hanz
haf gät a bodum skaparanz.

H afe þier nockur velgiórd veitt
vertu þacklatur elska hann heitt
þiena lika ef þarf hann vid
þä reiner fyrst a manzgedid.

J ungdæmenu er allra best
ervide stunda og lærdom mest
ungur hvad säer upp þu skier
elle þa koma dagarner.

K volldbæn þin heit og trúar tár
tallaus hiartanleg ydran klär
bæte þin jllskubrotinn sterk
best er þad nætur upphafzverk.

L uckann hvórt sem þig leikur vid
lanz edur hverfur blydlæted
þier lattu vera i þanka fast
þad mune kunna ad ummbreitast.

M ed reide alldrei byria ber
breitne þina nie athafner
margur i bræde verk þad vann
sem vard þo leinge ad ydrast hann.

N ær sem þier kienner nockur mann
nockud gott stunda söma þann
virding störa hinn vitre ber
virdingarlaus sa heimske er.

O prófad mäl þu alldrei dæm
ending þess verdur tidum slæm
brukadu lóg än beiginga
bada heirdu mälzpartana.

P riäle veralldar fleig þier frá
fordiórfun næst er vegur sä
upp hvór sem klifrar ofurhätt
ofann þvj hærra fellur þrätt.

- Q vida sijst auker hríggvum hug
hrell ej þann mæder sorg óflug
hvór það gíórer med hæðnessid
henda kann siálfann mötlætíð.
- R ausn þína siálfur haf ej hátt
hröse þier adrir seigdu fátt
sialfhrosun níðrun sannleiks er
sialf af sier díðenn vitne ber.
- S indana vondann selskap flíj
síndugra ráðum vert ej í
ærlega stunda umgeingne
einz so þín dagleg hegdun sie.
- T aldrag a venskap aungvann eirn
í þinum ráðum vertu hreirn
luckunnar kannskie líka þier
lígne meðlætísvindarner.
- U nderhíggíu þu alldrej med
annara til þín drager fíed
ranglætísgrode ríenar vest
ríettfeinginn audur þíenar best.
- V ídmote godu vík þier af
víð alla samt ej malbragd haf
eirn kannskie þier fyrer augum hlö
eítrad falz geímde tungann þo.
- X erxes stolade míóg a magt
mest af þvj sama hlaut forakt
hann þvj umm Drottinn hyrte ej par
hónum lítt tókust bardagar.
- Y día þín sie það allra mest
elska þínn Guð og heíðra best
gíór það hvórium er gírnest þier
gíöre sem flester mennerner.
- Z ebaoth Drottinn sie þítt skart
síjst stunda heímssins þríal oparft

sa skrude feður skyn á þier
skarte veraldar trudu mier.

P inum af aude gott þu giór
Gudz þacka mónnum afftur þier
Drottinn ummbunar dome j
dyrt er verdkaupid giættu ad þvj.

Æ lifer so i heime hier
heilager Drottinz einglarnar
þina sal bere þa til sîn
þetta skammvinna lifed dvîn.

SUMMARY

One sub-category of the literary genre known since Greek times as 'acrostics' (in Icelandic 'griplur') is what might be termed, in English, the 'alphabet poem' (in Icelandic 'gyllinistafróf' or 'stafrófssálmur'). Its principal characteristic is that the first letters or words at the beginning of a line, or the first lines in each stanza make up a name, word or sentence. In gyllinistafróf the initial letters of stanzas form the alphabet from A to Z. There is an extant acrostic poem attributed to Hallgrímur Pétursson (1614–1674) and preserved in 21 manuscripts. In some of these manuscripts it is stated that Hallgrímur translated the poem from German and Danish. The present article shows that there was a Danish translation of the poem printed in *Danske viser fra Adelsvisebøger og Flyveblade 1530–1630*; and this work is traced back to a German original, printed in High German in *Greifswalder Gesangbuch 1597* and in small print in Low German in 1612. It is conceivable that Bartholomeus Ringwaldt (1532–1599) was the author of this German poem, though his role may rather have been that of translating the piece into High German. The poem is preserved in a manuscript written in 1588 by Catherine Tirs, a nun in the Niesing nunnery in Münster. The article notes that Hallgrímur Pétursson is not the only Icelander to have translated the poem; there are three different manuscript translations extant. One of them, in all likelihood the oldest, is by Ólafur Jónsson from Sandar in *Dýrafjörður (1560–1627)*. It is not clear who the author of the third translated version is, but the present writer has identified two manuscripts containing the piece, ÍB 242 8vo and JS 235 8vo. The article examines the three Icelandic translations, comparing them with the German original and the Danish translation. A considerable number of differences are noted between

the German and Danish versions. The Danish translator expands the poem by adding new material and his overall treatment lends a lighter tone to the work. In his translation Ólafur Jónsson follows the German original closely, both in content and expression. Hallgrímur Pétursson seems to have worked with both the German original and the Danish translation in front of him, because he borrows material and vocabulary from both, quite apart from the additions of his own which he makes. The unidentified translator seems only to have known the Danish translation and not the German original. There seems to be some link between his translation and that of Hallgrímur, but it is clear that he made use of the Danish translation because he makes use of expressions which are not to be found in Hallgrímur's version. Vices and virtues were among the most popular themes in the Baroque period in Europe. Some post-Reformation wisdom and advice poetry survives in Icelandic and has been little researched. The translations analysed in this article confirm that European poetry of this type was known in Iceland in this period, and that it is likely to have had an influence on the origins of Icelandic versions of the genre.

TRÚSKIPTI OG PÍSL Í HRAFNKELS SÖGU

1

EINN lykkillinn að merkingu Hrafnkels sögu lýkur upp trúarlegum innviðum hennar. Í sögunni kemur fram skýr áhugi á trúarlífi manns og hvaða þýðingu trúin hefur í lífsverkum hans. Sagan lýsir heitum átrúnaði, píslum, trúskiptum og loks trúleysi. Hrafnkell Hallfreðarson fetar slóð píslarvottsins fyrir trúna á vin sinn Frey, en hafnar honum síðan sem hverjum öðrum hégóma þegar voldugir menn afmá vegsummerki hans. Sagan er þannig auðug af trúarlegum táknum sem vísa til allegorískrar frásagnaraðferðar hennar. En sen Hrafnkels sögu, svo að notað sé hugtak Ólafs hvítaskálds, er bæði fólgið í byggingu sögunnar og einstökum efnisatriðum og táknum.

Hrafnkels saga er öll látin gerast um miðja tíundu öld í heiðnum sið. Margt er einstakt í sögunni, ef hún er borin saman við aðrar Íslendingasögur. Hvergi annars staðar er lýst svo innilegri elsku manns á Frey, sem í sögunni líkamast raunar í hestinum Freyfaxa. Í engri Íslendingasögu gengur svo heittrúaður goði af trú sinni án áeggjunar kristilegs boðskapar. Og í engri annarri sögu brjóta heiðnir menn blóthús og brenna. Þessi óvenjulega meðferð á hinum forna átrúnaði og trúskipti Hrafnkels vekja grunsemdir um að heiðnin sé ekki til málamynda í sögunni, heldur að hún sé mikilvægur orsakavaldur í syndafalli Hrafnkels. Athygli vekur að straumhvörfum í lífi Hrafnkels valda menn, Þorkell Þjóstarsson og Eyvindur Bjarnason, er verið höfðu sjö vetur utanlands og dvalið í einu höfuðvígi miðaldakirkjunnar í Miklagarði.

2

Í Hrafnkels sögu er greint fyrst frá landnámi Hallfreðar, sem kom af Noregi með konu sinni og fimmtán vetra syni, Hrafnkatli. Hann setti bú á Arnþrúðarstöðum í Breiðdal, en fluttist síðan í Geitdal. Þar dreymir hann

at maðr kom at honum ok mælti: „Þar ligg þú, Hallfreðr, ok heldr óvarliga; fær þú á brott bú þitt ok vestr yfir Lagarflíót; þar er heill þín ǫll“. Eptir þat vaknar hann ok færir bú sitt út yfir Rangá í Tungu, þar sem síðan heitir á Hallfreðarstöðum, ok bið þar til elli. En honum varð þar eptir gøltr ok hafr. Ok hinn sama dag sem Hallfreðr var í brott, hlióp skriða á húsin, ok týndusk þar þessir gripir, ok því heitir þat síðan í Geitdal (1. k.).¹

Draumurinn útskýrir ekki aðeins bólfestu Hallfreðar að Hallfreðarstöðum, heldur vegur hann þungt í heildartúlkun sögunnar.

Landnámu og Hrafnkels sögu greinir á um tilurð landnáms í Fljótsdalshéraði. Í Hrafnkels sögu er landnámsmaðurinn sagður faðir Hrafnkels, Hallfreður nokkur sem kom af Noregi, en í Landnámu nemur Hrafnkell Hrafnsson land í Hrafnkelsdal (S283, H244). Skýra mætti þennan rugling á nöfnum landnámsmanna með því að munnmælafrásagnir liggja að baki (Óskar Halldórsson 1976:31–3). Á hitt ber þó að líta að mikilvæg líkindi eru með þeim, þar sem víkur að átrúnaði ættarinnar. Í Landnámu er ekki getið berum orðum um Freysdýrkun, en þar má þó greina duldar tilvísanir til slíkrar dýrkunar.

Aðvörun draummansins afstýrir miklum mannskaða í Geitdal, en eftir verða göltur og hafur er tapast undir skriðu sem féll á húsin. Þær skepnur ríma við dýr Freys, en í Gylfaginningu segir að Freyr æki í kerru með gelti sínum (34. k.). A og D gerð Hrafnkels sögu (gul geit B, og ennt geit C) og Landnáma eru samhljóða um að göltur hverfi undir skriðunni, en í Landnámu er sagt að gríðungur tapist í stað hafurs sögunnar. Hugsanlegt er að dýrin vitni um uppruna þessarar sagnar í heiðni (Meulengracht Sørensen 1992:64) og varðveiti þannig minningu um Freysdýrkun landnámsmannsins. Athuganir Einars Pálssonar benda til þess að arfsagnir um Freysdýrkun á Austurlandi geti legið til grundvallar sögunni (1988:214–15). Skepnurnar eru þó ekki óyggjandi vísbending um forna arfsögn, því að höfundur sem ritaði eða sagði sögu á þrettánda eða fjórtánda öld hefur einnig kunnað að beita slík-

¹ Vitnað er í greininni í útgáfu Jóns Helgasonar á Hrafnkels sögu frá árinu 1959 og getið um kaflanúmer. Sagan er varðveitt í fjórum handritum, auðmerkum með bókstófunum A, B, C og D. Getið er um mikilvæg lesbrigði milli handrita. Útgáfa Svarts á hvítu á D-gerð sögunnar frá 1987, þar sem farið er eftir próförok Peters Springborgs að fyrirhugaðri útgáfu Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, og útgáfa Jóns Jóhannessonar á sögunni í Íslenzkum fornritum XI. voru enn fremur hafðar til hliðsjónar.

um tákmyndum og átt hægt með að spyrða einhverja þekhta eða upp-diktaða sögusögn um Frey við Hrafnkel. Af Sturlungu er hægt að ráða hve klókir höfundar voru að fela gagnrýni og ýmsar athugasemdir í torskildum goðsögulegum táknum, þannig að þeir sem kunnu að ráða þær rúnir skildu vel hina tvíbentu tilvísun í goðsögnina (Guðrún Nordal 1992:291–4).

Athyglisvert er að gripirnir skuli farast undir skriðunni. Freysdýrin urðast í þessum náttúruhamförum; í yfirfærðri merkingu má segja að þau séu gefin Frey, guði frjósemi jarðarinnar. Nota má um þennan atburð orðalag sögunnar sjálfar að dýrin séu *grafin niður*, eins og síðar er sagt um Freyfaxa, þegar Einar smalamaður leitar sér að hrossi til reiðar (5. k.). Í Landnámuklausunni er því falin tvíræð tákmynd sem höfundur Hrafnkels sögu kann að notfæra sér á ísmeygilegan hátt og þar glyttir í Freysdýrkun Hrafnkels sem verður örlagavaldur hans. Ennfremur er hún forboði þess sem koma skal. Freyr verður undir í sögunni. Ekki skiptir meginmáli hvort um er að ræða bein rittengsl, munnmælasögn eða annars konar varðveislu sagnarinnar í Hrafnkels sögu óháð Landnámu. Aðalatriðið er að atburðir sögunnar speglast í upphafinu. Varúðarorð draummannsins standa aðeins í sögunni:

fær þú á brott bú þitt ok vestr yfir Lagarfljótt; þar er heill þín ǫll (1. k.).

Draummaður Landnámu tengir brottflutning landnámsmannsins aftur á móti ekki við heill hans, sem er mikilvægt hugtak í merkingarheimi Hrafnkels sögu. Heill föður og sonar er samofin, þar sem trúað var að slík yfirnáttúruleg vernd gengi í erfðir í ættum, eins og alþekkt minni úr öðrum fornsögum sýna. Má til samanburðar nefna sögur af hamingjufylgjum, líkt og þeirri sem sagt er frá í Glúmu. Víga-Glúmur, sem var Freysdýrkandi eins og Hrafnkell, erfði hamingjufylgju móðurföður síns, Vigfúsar, þegar hann var allur (Víga-Glúms saga: 9. k.).

Ef flutningur Hallfreðar úr Geitdal að Hallfreðarstöðum tryggði heill ættar hans bryti boðskapur draummannsins í bága við meginniðurstöðu sögunnar: þá tíð sem Hrafnkell hefur bústað sinn að Aðalbóli – vestan Lagarfljóts – veltur veraldleg gæfa hans niður á við, en þá tíð sem hann býr austan Lagarfljóts, að Hrafnkelsstöðum, er vegur hans mestur og hann vinsælastur. Hrafnkell ríður þó vestur yfir Lagarfljót til að vinna það ódæðisverk er tryggir hann mest í sessi, víg Eyvindar Bjarnasonar (18. k.). Þar með hefnir hann refsingar Sáms og óðalsmiss-

isins. Upphaf sögunnar er þannig ekki úr lausu lofti gripið. Draumurinn snýst, að minni hyggju, ekki um spá um framtíðina, heldur felur hann þvert á móti í sér öfugmæli um það sem koma skal. Hann túlkar írónískt þau umskipti er verða á lífi Hrafnkels; þau valda því að hann kastar fyrir róða þeim átrúnaði sem var grundvöllur lífsskoðunar hans og trúar á heill ættarinnar. Draumurinn varpar ljósi á tvískiptinguna í byggingu Hrafnkels sögu og hnykkir á fáfengileika og alvöruleysi trúskiptanna síðar í sögunni.

3

Pyndingar Hrafnkels og trúskipti hans eru þungamiðja sögunnar og skiptir sú frásögn henni í tvo helminga (Andersson 1988:296; Sverrir Tómasson 1994:794–5). Fyrri hlutinn hnígur að þessum örlagatíðindum og vegur Freysdýrkun Hrafnkels þar þyngst. Hrafnkell strengir þess heit að vega þann er ríði hestinum Freyfaxa í öleyfi hans (3. k.) og þeim eið verður hann síðan að hlíta þegar hesturinn kemur úrigur af svita í Aðalból þar sem Hrafnkell situr að snæðingi (5. k.). Freyfaxi krefur vin sinn um hefnd með gneggi sínu. Hrafnkell sefur þó um nóttina, en ríður í bláum klæðum og með öxi eina vopna í morgunsárið í selið til að höggva varnarlausan smalann.

Það er eftirtektarvert að víg frændanna Einars Þorbjarnarsonar og Eyvindar Bjarnasonar kveðast á við bústörf kvenna. Hið fyrra við ró heiðanna og mjaltir í selinu; hið síðara við þvotta griðkonunnar í ánni. Bæði eru vegin að morgni dags. Þeim er teflt gegn eilífri hringrás náttúrunnar og gagnsemd hins daglega amsturs. Þó að höfundur eyði ekki fleiri orðum í drápin en bústörfin, afhjúpar frásögn hans í senn grimmd þeirra og gagnsleysi.

Hrafnkatli er lýst sem ofsamanni í upphafi sögu, og hefur hann aldrei bætt nokkurn mann sem hann hefur fellt. Í þessu efni er honum líkt farið og Víga-Styr, sem frá er sagt í Heiðarvíga sögu (5. k.; Sigurður Nordal 1940:61). Ungur drengur drepur Víga-Styr í hefnd fyrir föður sinn, þegar Styr hafði rétt snúist til kristni. Bjarni Guðnason hefur líkt þeirri viðureign við átök Davíðs og Góliáts í Biblíunni (1993:110–11).

Ungur og lítt reyndur maður verður Hrafnkatli einnig að falli þó að í sögunni sé hann fórnarlamb. Hrafnkell iðrast vígs Einars, og í merki-legri ræðu lýsir hann því yfir við föður hans að hann vilji bæta hann,

fyrstan fórnarlamba sinna (7. k.). Hann hefur vegið vopnlausan hús-karl sinn, en áður stóð hann í frækilegum einvígjum. Iðrun Hrafnkels er til þess fallin að gera málarekstur Þorbjarnar gegn honum óskynsamlegan í fyrstu, og ljóst af sögunni að Þorbjörn velur heimskulega, þegar hann neitar boðum Hrafnkels. Kemur sú skoðun bæði fram í máli Bjarna bróður hans og Sáms frænda hans við liðveislubónunum (7. k.).

Fall Hrafnkels af veraldlegum stalli um miðja sögu á rætur í dýrkun hans á Frey – en þó er sú ástæða einungis yfirskin – því að landsfræg vígaferli og yfirgangur en ekki dráp eins smalamanns, gera hann að verðugum mótstöðumanni þeirra Þjóstarssona, þegar til Alþingis kemur. Orð Þorkels Þjóstarssonar við Þorgeir bróður sinn þegar hann leitast við að sannfæra hann um að veita Sámi og Þorbirni lið, bera þeirri afstöðu vitni:

þætti mér mikit vaxa mín virðing eða þess höfðingja er á Hrafnk-
kel gæti nokkura vík róit, en minkask ekki þó at mér færi sem
öðrum, fyrir því at má mér þat sem yfir margan gengr; hefir sá
ok iafnan er hættir (10. k.).

Þjóstarssynir ganga í málið gegn Hrafnkatli, til þess að steypa höfðingja af stóli og auka virðingu sína, en ekki til að hefna Einars smalamanns.

Fjórtán dögum eftir að dómur fellur yfir Hrafnkatli á Alþingi koma Sámur og Þjóstarssynir að Aðalbóli til að heyja lögbundinn féránsdóm (13. k.). Aðgangur er hörð. Þjóstarssynir taka Hrafnkell úr rekkju, og sjö menn hans, og hengja þá upp á *váðás* einn. Þeir hengja þá upp á fótunum, með því að *stinga raufar á hásinum þeira ok draga þar í reipin*, og hengja þá þannig upp öfuga. Þeir hanga þar líft og blautar voðir til þerris. Slíkur atburður á sér enga samsvörun í sögnum um íslenska atburði. Engar hliðstæður eru í samtímasögum, þó að nokkuð sé um misþyrmingar í Sturlungu. Þar eru menn hengdir á gálga og strengt að hálsi en ekki ökkla. Mönnum er vissulega refsað fyrir brot sín, en hegningin hæfir þá oft verknaðinum, eins og alsíða var á þeim tíma í Evrópu (Fulk 1986:22). En hvernig gat slík hegning hæft Hrafnkatli?

Hrafnkell hefur í fyrsta sinn unnið víg sem hann iðrast og viljað bæta, hann skal nú *kenna á sér* þess voðaverks og annarra sem hann hefur brotið á mönnum (Davíð Erlingsson 1971:15–16). Líkamlegar meiðingar skulu setja mark sitt á hann svo að hann skilji og finni á lík-

ama sínum djúpsáran missi. Sama orðlag er notað til að lýsa harmi Þorbjarnar við dauða Einars og sársauka Þorgeirs (10. k.) þegar Þorbjörn þrífur í svollna tá hans. Þorkell og Þorgeir ríða inn í söguna sem einhvers konar lausnarar smábændanna og hengja Hrafnkel upp öflugan svo að höfuð snýr til jarðar. Þannig hefur honum og höfðingdómi hans verið kollvarpað. Hann er ekki leystur niður fyrr en blóð er sigið fyrir augu honum svo að hann hefur misst sjónar á jörð sinni. Hann blindast. Þessi atburður er táknrænn fyrir þann umsnúning sem verður á lífi hans við þann verknað sem Freyr eggjaði hann til að vinna.

Að mínu viti hefðu áheyrendur sögunnar á þrettánda og fjórtánda öld skilið mæta vel hvað hér var á seyði. Hinn heiðni Hrafnkell er settur í gervi píslarvottar; en það sem vantar á að aðgerðin verði fullkomnuð er að lífi hans er þyrmt og hann gengur frá vettvangi tvíefldur innra með sér. Það er reyndar torvelt að finna skýrar fyrirmyndir að þessum pyndingum í evrópskum heimildum. Bent hefur verið á ýmsar sundurleitar fyrirmyndir, s.s. í ritum Hómers, Saxa og í refsingum á Englandi á þrettánda öld (Sigurður Nordal 1940:38; McKeown 1972:42–4; Hermann Pálsson 1988:95–6). Til samanburðar má ennfremur nefna sagnir af djöflahreinsunum (*exorzismus*) á miðöldum, þar sem getið er um slíkar öfugsnúnar hengingar, líklega til að djöfullinn ætti hraða undankomuleið úr skrokknum til helvítis (Brown 1982:106). Tengsl við Óðin á vindga meiddinum og vādmeið Víga-Glúms eru einnig umhugsunarverð og má vera að slíkar tilvísanir búi í arfsögnum sögunnar, sem höfundur sögunnar hafi síðan túlkað í ljósi kristinnar trúarreynslu sinnar (Holtmark 1933:133; Einar Pálsson 1988:95–100). Kollsteypan sýnir hreinsun Hrafnkels af Frey á ljósan, en í senn táknrænan, hátt. Þessi atburður í Hrafnkels sögu er því ekki óhugnanlegur, eins og nútímafræðimönnum hefur verið tamt að telja (Fulk 1986:22), heldur leggur hann þvert á móti áherslu á að sagan og Hrafnkell standi á krossgötum. Hér á eftir verði atburðir séðir frá annarri hlið eða sem andhverfa. Grundvöllur að þeirri túlkun á atburðunum er lagður í draumnum í fyrsta kafla sögunnar.

Verknaður þessi hefur þótt framandlegur í íslensku miðaldariti og því hefur erlendra fyrirmynda verið leitað. Eins og rakið hefur verið er hægt að finna líkindi með honum í ritum sem voru ekki erlend á miðöldum, heldur almenn eign kaþólskra manna sem námu af bókum eða sóttu kirkjur. Píslir voru alþekktar í sögum af helgum mönnum og alþýðlegum iðrunarfrásögnum, og því svo merkingarríkar að naumast

hefði þurft að skýra vægi þeirra fyrir samtímamönnum höfundar Hrafnkels sögu (Sverrir Tómasson 1994:795). Dæmisögur um ofmetnað sem leiddi til falls voru ennfremur kunnar á miðöldum. Andersson leiðir að því getum að Hrafnkels saga bergmáli söguna um Nebúkadnesar sem hrakinn var frá ríki sínum sökum ofmetnaðar síns og mátti þola útleið í sjö ár þar til hann endurheimti fyrra veldi sitt (1988:296–301). Hrafnkell er slíkur höfðingi en þó eru hinar trúarlegu línur svo skýrt dregnar að lesanda grunar að meira búi undir.

Þol Hrafnkels er reynt til hins ýtrasta. Hann gefst ekki upp og kýs, ólíft píslarvottinum, lífið þegar Sámur setur honum úrslitakosti. Hann er ungur maður, með *ómegð mikla*, eins og Sámur segir, og heldur í líf sitt til að sjá fólki sínu farborða. Og hann leggur ekki upp laupana þegar á nýtt ból er komið. Í beinu framhaldi af þessum atburðum og burtför Hrafnkels austur yfir Lagarfljót, er sagt frá því hvernig hann byggir veldi sitt upp að nýju; hvernig hann rís upp úr öskunni, eins og fuglinn Fönix forðum. Nú tvíeflist hann og bú hans:

mátti svá at kveða at nálíga væri tvau hofuð á hveriu kvíkendi (14. k.).

Þessi athugasemd um búskaparhætti á Hrafnkelsstöðum hefur verið skilin sem vísun til frjósemistrúar Hrafnkels; hún tákni vernd Freys og velþóknun á vígi Einars (Jón Hnefill Aðalsteinsson 1990–2:80–1; Meulengracht Sørensen 1992:64). Hún kemur í kjölfar písla Hrafnkels, en þó áður en hann gengur af heiðinni trú. Ég held að væri sönnu nær að geta líkinda með þessari klausu við annan þolinmóðan höfðingja sunnan úr löndum. Job er höfðingi af öðru sauðahúsi en Hrafnkell, en þó kemur fram svipuð hugsun í íslenskri hómilíu, þar sem *hégóma* ber mjög á góma. Eftir þrengingar, sem Job verður að þola af völdum Satans, er sagt að hann hafi fengið

[fé] halfu fleira en fyrir bæði naut ok sauði ok ulfalda ok asna ok svá húskarla ok *ma[nsmenn]

(The Icelandic Homily Book 44v; stafsetning samræmd hér).

Honum eru launuð þolgæðin og æðruleysið, líkt og Hrafnkatli, með ávöxtun búfjár síns og búaliðs.

Hrafnkell hefur þolað miklar hremmingar. Hann hefur vaknað upp sem nýr maður, fyrir austan Lagarfljót, óheillamegin við ána, ef marka má orð draummansins við föður hans. Hann hefur skilið við hinn

gamla heim og átrúnað fortíðarinnar, þó að hann hafi ekki enn gengið af Freystrúnni.

Það er umhugsunarefni hvort þessir undarlegu atburðir sögunnar lýsa einvörðungu umskiptum í lífi Hrafnkels eða eru fremur tákmynd um stærri veruleika, þ.e. þau raunverulegu trúskipti sem áttu sér stað á Íslandi við kristnitökuna. Þíslin er svo merkingarþrungin í tákmyndaforða kaþólsks manns, að freistandi er að velta þessari hugmynd fyrir sér. Djöfullinn tekur jafnt á sig mynd norrænna heiðinna goða sem grískra og rómverskra í miðaldaritum (Foote 1984:97–99). Hér er heiðinn höfðingi hreinsaður af Frey – eða fjandanum sjálfum – en valds-mennska hans breytist þó lítið fyrir vikið. Hann snýst ekki til kristni heldur til trúar á mátt sinn og megin. Sá átrúnaður leit engan guð æðri manningum; hógvæð og undirgefni heitrar trúar var horfin Hrafnkatli og hann verður jafnvel voldugri en fyrr. Vígaferli hans breytast úr hvatlegum einvígjum í hernað þar sem hönd hans sést ekki á neinu vopni. Hinn endurborni Hrafnkell er sagður mildari þegar Freyr hefur vikið úr lífi hans, en undir niðri slær hjarta hefndar og fornrar siðferðiskenndar. Fátt hefur breyst að leiðarlokum í sögu Hrafnkels, rétt eins og siðferði höfðingja breyttist lítið á Íslandi þó að Kristur væri orðinn förunautur þeirra um 1000. Undir lok sögu situr Sámur aftur að Leikskálum og Hrafnkell að Aðalbóli.

4

Hestar tengdust Freysdýrkun í öndverðu, líkt og frjósemisdýrkun í öðrum heimshlutum. Óþarfi er að fjölyrða hér um upplag Freyfaxa (Aslak Liestøl 1945; Knut Liestøl 1946). Hvergi í Íslendingasögum er að finna frásögn af svo innilegu sambandi manns og hests eins og í Hrafnkels sögu. Sagan af Einari minnir óneitanlega á ævintýrasögur sem segja frá 'den verbotenen Dingen', eins og bent hefur verið á (Hrafnkels saga 1952:17). Einnig má víða finna slíkar freistingarfrásagnir í ritningunni (1. Mós: 3; Hermann Pálsson 1988:68–9).

Afdrif hestsins vekja hins vegar forvitni. Þjóstarssynir, þeir Þorgeir og Þorkell, eru einnig að verki þegar hesturinn er drepinn. Freyfaxi er leiddur að þverhnípi, augu hans hulin og honum steypit í djúpan hyl. Það er torvelt að finna samskonar meðferð á hesti í íslenskum fornsögum. Í Nýja testamentinu er hins vegar sagt frá er Jesús hreinsar mann í Gerasena af óhreinum öndum, en leyfir öndunum síðan að hlaupa í

tvær þúsundir svína, með þeim afleiðingum að þau steypast niður af þverhnípi í Galíleuvatnið. Svo hljóðar guðspjall Markúsar:

fóru þá óhreinu andarnir út og í svínin, og hjörðin, nær tveim þúsundum, ruddist fram af hamrinum í vatnið og drukknaði þar (Mark: 5.13).

Í báðum sögnunum eru dýrin gefin fjandsamlegum öflum, svínunum er fórnað til að tortíma hinum illu öndum, en hesti Freys er drekkt í djúpum hyl. Dýrin sem eru svo illa leikin eru ekki valin af handahófi, svínin voru óhreinu dýrin í gyðingatrú, á svipaðan hátt og hestar hjá kaþólskum mönnum. Hér er því svipuð leið valin til að útrýma hinu illa úr heiminum. Vatnið felur og tortímir í djúpi sínu hinn illa anda, og má finna sambærilegar frásagnir í Biblíunni og ritum kirkjuféðranna, eins og Gregoríusar, þar sem hyldýpið dregur í sig hið illa og er jafnvel bústaður hinna myrku máttarvalda (Forsyth 1987:291; Lurker 1987:236).

Í merkingarheimi sögunnar er Hrafnkell píslarvottur; hann er sviptur öllum eigum sínum og neyðist til að byggja veldi sitt upp frá grunni. Þjóstarssynir láta sér ekki nægja að drepa hestinn, heldur eyðileggja þeir hof Hrafnkels og Porkell lét,

fletta goðin öll. Eptir þat lætr hann leggja eld í goðahúsit ok brenna alt saman (15. k.).²

Sögnin *fletta* er áhugaverð í þessum kafla. Hún er notuð í öllum varðveittum gerðum sögunnar. Af orðstöðulykli Íslendingasagna má ráða að hún kemur fyrir í öðrum Austfirðingasögum, eins og Fljótisdælu og Gunnars sögu Keldugnúpsfífls. Sögnin er mjög algeng í hernaðarlýsingum samtímasagna í merkingunni að fletta hinn sigraða klæðum, dauðan eða lifandi. Í trúarlegum bókmenntum er hún ýmist notuð þegar píslarvottar eru færðir úr klæðum fyrir písl, og um ýmiss konar ránsmennsku (Gade 1988:229–31). Í Hrafnkels sögu er sögnin notuð í merkingunni að fletta goðalíkneskin – og er því í merkingarlegum tengslum við hina trúarlegu texta, fremur en þá veraldlegu. Ekki er skynsamlegt að gera mikið úr þessari sérstöku notkun sagnarinnar, en þó er hún lítið lóð á vogarskálar þeirrar hugmyndar sem sett er hér

² Gerðir sögunnar greinir á um hvor bróðirinn hafi hér verið að verki: Porkell ABC, Þorgeir D. Þegar D gerð sögunnar er sér um leshátt er ekki hægt að slá því föstu hvor leshátturinn sé upprunalegri (Jón Helgason 1959:vii).

fram, að kaflann af hrakningum Hrafnkels og trúskiptum skuli túlka í víðara trúarlegu samhengi.

Frásögnin af eyðileggingu hofsins er mjög undarleg. Samskonar lýsingar eru alþekktar í frásögnum af kristniboði, eins og í Ólafs sögu Tryggvasonar, þar sem hestur Freys kemur einnig við sögu, en þar eru trúboðar að verki (Flateyjarbók:401–3). Niðurhöggsmennirnir í Hrafnkels sögu eru aftur á móti höfðingjar sem samkvæmt tímatali sögunnar ættu að trúá á heiðin goð. Þessi meðvitaða tímasketkja rennir enn frekari stöðum undir þá skoðun mína, að sagan eigi alls ekki að vera sögulega rétt, heldur sé allegoría um höfðingjavelði á Íslandi. Rætur hennar kunna að liggja í heiðni eða í gamalli munnmælasögn, en höfundur hefur sveigt hana að því marki sem hann setti sér í upphafi hennar. Enginn þáttur er tilviljanakenndur í Hrafnkels sögu. Sagan er rammlega sett saman og draumur Hallfreðar í Geitdal fyrirboði atburðanna allra.

Sagan segir svo frá þegar Hrafnkell fær fréttir af þessum atburðum á Aðalbóli:

„Ek hygg þat hégóma at trúá á goð“, ok sagðisk hann þaðan af aldri skyldu á goð trúá, ok þat efndi hann síðan at hann blótaði aldri. Hrafnkell sat á Hrafnkelsstöðum ok rakaði fé saman (16. k.).

Frásögnin af trúskiptum þessa tilfinningamikla trúmanns lætur lítið yfir sér, rétt eins og athugasemdinni sé bætt við til áréttingar. Ekki er greint frá reiði hans né sársauka vegna þessara atburða, heldur gengur hann af trúnni að vel athuguðu máli, líkt og gerðist á Alþingi árið 1000. Orðalagið bergmálar staði í ýmsum trúarlegum textum, svo sem ritningunni, þar sem *hégóma* ber oft á góma. En ákveðinna fyrirmynda er ekki þörf, þegar um svo afdráttarlaus umskipti er að ræða. Höfundur ítrekar að ásælni Hrafnkels breytist ekkert við þennan atburð. Næsta setning víkur strax að fésæld hans, svo að ljóst er að þrátt fyrir að Freyr sé horfinn úr huga hans, er veraldlegur vegur hans engu minni.

Enda þótt skaplyndi Hrafnkels mildist eftir hrakningar hans virðist héraðsstjórn hans ekki breytast þegar hann kemur að Hrafnkelsstöðum. Valdsmennska hans er söm og áður: *vildi svá hverr sitia ok standa sem hann vildi* (16. k.). En hefndarþörfin hefur ekki dofnað. Polinmóður bíður hann lags og hreyfir sig ekki fyrir en hann getur höggvið bráðina í einni atlgö. Hann veiðir Eyvind í gildru sína og drepur hann eins

og *dýr í festi* (18. k.). Raunar er eftirtektarvert að ekki er sagt berum orðum að Hrafnkell hafi vegið Eyvind heldur fellur hann fyrir höndum hans og liðsmanna hans. Skýr munur er á ofsamanninum sem áður stóð í frækilegum einvígjum í heiðnum sið og hjó Einar, og þeim er ræðst með fjölmenni að Eyvindi. Aðferð hins endurreista Hrafnkels er önnur og hermannlegri, en markmiðið það sama.

Eftir vígið ríður Hrafnkell heim að Hrafnkelsstöðum til að snæða, en heldur svo óhikað áfram för sinni til Aðalbóls, tekur Sám úr rekkju sinni síðla kvölds og setur honum afarkosti. Hann kúgar hann til undirgefni. Sámur kvartar undan meðferðinni við Þjóstarssonu, en fær ekki stuðning þeirra til að ná rétti sínum gagnvart Hrafnkatli. Sagan er í engum vafa um óréttmæti aðgerða Hrafnkels:

fekk hann [Sámr] aldri uppreist móti Hrafnkatli meðan hann lifði (20. k.).

Í D-gerð sögunnar er hnykkst enn frekar á yfirgangi Hrafnkels í héraði við lok sögu: *fekk hann aldri uppreisn né rétting*. Niðurstaða sögunnar um óbilgjarna og stranga, og jafnvel óréttmæta héraðsstjórn Hrafnkels verður þannig afdráttarlausari.

5

Hrafnkels saga er gædd mörgum einkennum sem lúka upp sögunni sem allegórfu um höfðingjavald á Íslandi. Hin trúarlegu tákni eru þar í fyrirrúmi: víg Einars, písl Hrafnkels, uppbygging veldis hans, dráp Freyfaxa, eyðilegging hofsins og trúskipti Hrafnkels. Ein tilvísun er enn ónefnd: siglingar þeirra manna sem valda mestum straumhvörfum í lífi Hrafnkels.

Hrafnkels saga fjallar um menn sem vinna verk sín heima í héraði. Hrafnkell kemur fimmtán vetra til Íslands. Landnám hans er eyðidalur til fjalla; frægðarverk ytra eru fjarri leikvangi hans. Einu nafngreindu mótgangsmenn hans eru bændur, Sámur og Þorbjörn, sem eru máttlausir andstæðingar hins vígaglaða ofsamanns. Tvisvar stíga menn að utan inn á söguviðið, Þorkell Þjóstarsson og Eyvindur Bjarnason, sem eru verðugir andstæðingar Hrafnkels og valda óbeint búferlaflutningum hans. Þeir hafa verið utan í sjö vetur þegar þeir koma til sögunnar

og dvalist um hríð í Miklagarði; báðir eru kærir bróður sínum og báð-um er lýst sem skrautmönnum. Þáttaskil verða í sögunni þegar þeir birtast.

Porkatli er lýst á riddaralegan hátt þegar Sámur kemur auga á hann snemma morguns á Alþingi:

Sá var hár maðr ok ekki þrekligr er fyrstr gekk, í laufgrœnum kyrtli ok hafði búit sverð í hendi, réttleitr maðr ok rauðlitaðr ok vel í yfirbragði, liósiarpr á hár ok miðk hærðr. Siá maðr var auðkenniligr, því <at> hann hafði liósan lepp í hári sínu hinu<m> vinstra megin (9. k.).

Þessi lýsing sker sig úr öðrum persónulýsingum sögunnar, að lýsingu Eyvindar undanskilinni, og er það engin tilviljun. Hér er ekki tómt til að rifja upp rannsóknir sem sýnt hafa að Þjóstarssynir eru óþekktir annars staðar frá og gætu því verið tilbúningur sögumanns (Sigurður Nordal 1940:10–16). Þormóður, þriðji bróðir þeirra sem aðeins er nafnið tómt í sögunni, er nefndur í Landnámu (S20, 41, 348; H20, 29, 307; Einar Pálsson 1988:178–81). Auðsætt er af sögunni að vestfirsku bræðurnir eru ómissandi til að hrinda af stað þeim atburðum sem kollvarpa Hrafnkatli, svipta hann trú sinni á Frey og reka hann til endurskoðunar lífs síns. Þeir eru ekki einasta bjargvættir Sáms, heldur afhjúpa pyndingar þeirra á Hrafnkatli, dráp Freyfaða og eyðilegging hofsins, hégómleika hinna fornu trúarbragða fyrir Hrafnkatli. En ástæða er til að gera greinarmun á bræðrunum. Þorkell er sá bræðranna sem vill styðja Sám, hann gagnrýnir Sám fyrir að þyrma Hrafnkatli á Aðalbóli og hann eyðileggur hofið. Þorkell er ætíð sýnilegri þeirra bræðra í kaflanum um refsingu Hrafnkels, trúskiptum og eyðileggingu heiðinna líkneskja. Honum er teft fram gegn Hrafnkatli í sögunni og hann ætlar að refsa honum í eitt skipti fyrir öll.

Eyvindur Bjarnason hefur farið víða um heim þann tíma sem frændur hans eiga í deilum við Hrafnkel og er því saklaus af pyndingunum á Aðalbóli. Hann er *hinn vaskasti maðr* og er hann ríður í *litklæðum* og við *fagra skiöldu* fyrir neðan Hrafnkelsstaði finnst griðkonunni hefnd í honum:

Eyvindr Biarnason reið hér yfir á at Skálavaði með svá fagran skiöld at líómaði af; er hann svá mentr at hefnd væri í honum (17. k.).

Eyvindur ber sig riddaralega þegar hann nemur staðar og bíður Hrafnkels sem er á þeysireið á eftir honum. Hann treystir sáttum bróður síns og Hrafnkels, og trúir því að hann standi fyrir utan deilur þeirra. En Hrafnkell eyðir engum kurteisisorðum á Miklagarðsfarann; hann og menn hans drepa hann eins og hverja aðra skepnu.

Landafræði Íslendingasagna skiptir máli við túlkun þeirra (Torfi H. Tulinius 1990:142–3). Lönd og borgir höfðu ákveðna þýðingu í huga sagnaritara. Örnefni eru ekki nöfnin tóm, heldur bregða þau upp mynd af landi, staðháttum, sögum og trúarlífi og skírskota þannig til veruleika áheyranda. Þar sem Hrafnkels sögu skortir frásagnir af frægðarverkum erlendis stingur það í augum að Eyvindur og Þorkell skuli báðir hafa lagt leið sína til Miklagarðs. Eyvindur hafði þegið *góðar virðingar af Grikkia konungi* (3. k.) og Þorkell var *handgenginn Garðskonunginum* (9. k.). Mikligarður, prýddur hinni stærstu og glæsilegustu kirkju Ægisif, er ein þeirra borga sem lýst er í Leiðarvísi Nikuláasar Bergssonar sem líklega var ritaður á tólftu öld (5. k.). Borgin var mikilvægur áningarstaður á suðurgöngu hins kaþólska manns.

Í samhengi sögunnar skiptir máli að Eyvindur og Þorkell hafi dvalist með kóngi í Konstantínópel. Þeir hafa ferðast víða, en eini nafngreindi staðurinn sem þeir báðir sækja heim fyrir utan Noreg er Mikligarður. Að mínu áliti er mögulegt að höfundur sé að gera því skóna að þeir hafi orðið kristnir, því að ekki er líklegt að heiðnir menn hefðu þegið slíkar sæmdir af konunginum í Miklagarði. Frásögnin af Finnboga ramma í samnefndri sögu er þó athyglisverð í þessu sambandi. Finnbogi kom til hirðar konungs í Grikklandi og sannaði gervileika sinn. Þegar konungur bað hann að taka kristna trú, hikaði Finnbogi en sagðist heita honum *ef þessi boðskapur kemur norður í land þá skulu fáir taka þann sið fyrr en eg og alla til eggja þá er á mín orð vilja hlýða* (20. k.). Í þessum þætti sögunnar er Finnbogi baðaður ljóma umbyrðarlyndis hinnar kristnu trúar sem enn á eftir að ferðast til norðurhjara veraldar. Á sama hátt tel ég að Þorkell og Eyvindur flytji með sér til Íslands hugsjónir sem séu í andstöðu við ríkjandi hugmyndir heiðinna íslenskra höfðingja af ætt Hrafnkels. Þorkatli tekst að brjóta heiðingjann á bak aftur og hefja hann til nýs lífs, en Eyvindur verður fórnarlamb þess misskilnings að samfara trúskiptum Hrafnkels hafi hin forna hefndarskylda sljógast.

Nálægð Miklagarðs í textanum gefur sögunni framandlega og trúarlega vídd. Þorkell og bróðir hans steypa Frey eða fjandanum af stalli

sínum og refsa heiðingjanum grimmilega. Verk þessara heiðnu manna verða skiljanlegri ef Þorkell er í sögunni fulltrúi nýrra hugmynda sunnan úr álfu. En Sámur hunsar sjónarmið þeirra og fyrir heimsku hans geldur Eyvindur með lífi sínu. Hann kemur til Íslands mótaður af riddaralegum hugmyndum rétt eins og Þorkell, en Hrafnkell hagar sér ekki eftir suðrænum leikreglum og heggur hann umyrðalaust.

6

Hrafnkels saga stingur í stúf við flestar Íslendingasögur. Í frásögninni eru minni sem eru vel þekkt úr öðrum sögum: dráp, deilur, málaferli á alþingi, sátt, eggjun og hefnd, en í sögunni eru þau meðhöndluð á frjálsan hátt. Í hana vantar marga þætti sem við eigum að venjast úr Íslendingasögum: ekki er gerð grein fyrir ættum manna, nema Noregskonungs, konur koma ekki beint við sögu, þó að þær séu á sveimi í bakgrunni atburða eins og nefnt hefur verið, og Hrafnkell er óvenjuleg hetja, þar sem hann fer ekki utan í leit að metorðum, heldur nemur grösugan eyðidal, líkt og útilegumaður, og gefur sig heitt að Freystrú. Hann er þannig mjög íslensk 'hetja'; sérvitringur sem mótaður er heima í dal sínum. Höfundur hefur ekki áhuga á vígaferlum eða flókn-um deilum, enda skipta lýsingar af vopnfimi ekki máli í sögu hans.

Hrafnkels saga knýr lesandann til að glíma við vandamál sem á margan hátt eru fjarlæg heimi Íslendingasagna. Höfuðefnið er Freysdýrkunin og kollvörpun hennar. Heiðnin er djúpt ofin í söguna, en hið kristna tákni refsingarinnar eða píslarinnar er þó svo óyggjandi að enginn sem handgenginn var kristnum dæmisögum hefði verið í vafa um þýðingu hennar. Höfundur ýkir eða heldur í heiðnina í sögunni til að hamra á þessari tákmynd. Hann skapar þannig trúarlegar andstæður í sögunni svo að hún geti orðið táknræn um stærri veruleika sem er siðferði – eða siðleysi – valdsmanna í trúlausum heimi.

Hrafnkels saga er margræð saga og er mikilvægt að taka fram að ein túlkunarleið útilokar ekki aðra. Í djúpperð hennar leynast þræðir forns átrúnaðar sem torvelt er að rekja í sundur, en verða þó sýnilegri með samanburði við aðrar fornar frásagnir, eins og af Víga-Glúmi (Einar Pálsson 1988:236 o.á.). Ennfremur fjallar sagan um hvernig höfðingjar á Íslandi halda velli með hikleysi sínu og þrautseigju, þó að með rangindum sé. Að því leyti tel ég túlkun Óskars Halldórssonar (1976:66–7) og von See (1979:56) rétta, þegar þeir staðhæfa að sagan sýni í hnot-

skurn ástæður þess að höfðingjar halda velli. Höfðingjar kunna einfaldlega að stjórna og kúga; Sámur hikar og tapar.

Miðkaflinn opnar síðan fyrir öðrum túlkunum á sögunni. Rétt eins og kristnitakan gegnir lykilhlutverki í ýmsum Íslendingasögum, s.s. Njálu, Laxdælu og Eyrbyggju, læðir höfundur henni lymskulega inn í sögu af heiðnum sið. Hér er auðvitað ekki um sannkallaða kristnitöku að ræða, heldur einungis fyrra stig hennar, þ.e. afneitun hins forna átrúnaðar. Skrefið er ekki stigið til fulls. Hrafnkell skilur ekki við Frey eða heim hans til að gangast undir boðorð Krists, heldur má fremur segja að hann skrist til trúar á mátt sinn og megin, líkt og löngum hefur loðað við metnaðarfulla höfðingja, eins og Sighvat og son hans Sturlu á þrettánda öld. En ofmetnaður slíkra manna er þó ekki næg átylla þess að þeim hafi verið velt af valdastóli.

Án pyndinga Hrafnkels og trúleysis væri Hrafnkels saga ekki svo hárnákvæm ádeila á edli höfðingjavalds, eins og raun ber vitni. Hinn endurborni Hrafnkell, tvífeldur og umvafinn liðsmönnum sínum, sér spegilmynd sína í hinum heiðna tvífara sínum. Sá heiðni var heill og samkvæmur sjálfum sér í afstöðu sinni til einvígja sinna og elskur að guði sínum. Hrafnkell hins nýja siðar á ekki hógværð og einlægni trúarinnar, heldur situr hæstur sjálfur – fágaðri og hægari við fyrstu sýn – en fremur athæfi sín *incognito* – og með fádæma hörku.

HEIMILDIR

- Andersson, Theodore M. 1988. 'Ethics and Politics in Hrafnkels saga', *Scandinavian Studies* 60, 293–309.
- Biblían. *Heilög ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið*, ný útgáfa. 1981. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag.
- Bjarni Guðnason. 1993. Túlkun Heiðarvíga sögu, *Studia Islandica* 50, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Brown, Peter. 1982. *The Cult of the Saints. Its Rise and Function in Latin Christianity*, The Haskell Lectures on History of Religions, New Series, No. 2, Chicaco: The University of Chicaco Press.
- Davíð Erlingsson. 1971. 'Etiken i Hrafnkels saga Freysgoða', *Scripta Islandica* 21, 3–41.
- Einar Pálsson. 1988. *Stefið. Heiðinn siður og Hrafnkels saga*. Rætur íslenzkrar menningar, Reykjavík: Mímir.

- Finnboga saga ramma. *Íslendinga sögur* 1. (1987), útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Svart á hvítu.
- Flateyjarbók* 1. (1860). [Útg. C. R. Unger og Guðbrandur Vigfússon] Christiania.
- Foote, Peter. 1984. 'Observations on 'syncretism' in early Icelandic Christianity', *Aurvandilstá. Norse Studies*, 84–100.
- Forsyth, Neil. 1987. *The Old Enemy. Satan and The Combat Myth*, New Jersey: Princeton University Press.
- Fulk, R. D. 1986. 'The Moral System of *Hrafnkels saga Freysgoða*', *Saga Book* 23, 1–32.
- Gade, Kari Ellen. 1988. 'The Naked and the Dead in Old Norse Society', *Scandinavian Studies* 60, 219–45.
- Guðrún Nordal. 1992. 'Freyr fifldur', *Skírnir* 166, 271–94.
- Gylfaginning. *Edda Snorra Sturlusonar udgivet efter håndskrifterne*, 1931, útg. Finnur Jónsson, København.
- Heiðarvíga saga. *Íslenzk fornrit* III. (1938), útg. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Hermann Pálsson. 1968. 'Átrúnaður Hrafnkels Freysgoða', *Skírnir* 142, 68–72.
- Hermann Pálsson. 1979. 'Hallfreðs Traum in der *Hrafnkels saga* und seine literarischen Parallelen', *Skandinavistik* 9, 57–61.
- Hermann Pálsson. 1988. Mannfræði Hrafnkels sögu og frumþættir. *Íslensk rit-skýring* 3, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Holtmark, Anne. 1933. 'Vitazgjafi', *Maal og minne*, 111–33.
- Hrafnkels saga. 1952. *Altnordische Textbibliothek* 1, útg. Baetke, Halle: Max Niemeyer Verlag.
- Hrafnkels saga Freysgoða. *Nordisk filologi* A.2. (1959), útg. Jón Helgason, København: Ejnar Munksgaard.
- Hrafnkels saga Freysgoða. *Íslenzk fornrit* XI. (1950), útg. Jón Jóhannesson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Hrafnkels saga Freysgoða. *Íslendingasögur* 2 (1987), útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Svart á hvítu.
- The Icelandic Homily Book. *Íslensk handrit* III. (1993), útg. Andrea de Leeuw van Weenen, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1990–2. 'Freysminni í fornsögum: Þjóðfræðileg greining á efni þriggja Íslendingasagna', *Íslensk félagsrit. Tímarit félagsvísindadeildar Háskóla Íslands* 2–4, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 69–83.
- Landnáma. *Íslenzk fornrit* I. (1968), útg. Jakob Benediktsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Leiðarvísir. *Sturlunga saga. Skýringar og fræði*. (1988), útg. Bergljót S. Kristjánisdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.), Reykjavík: Svart á hvítu.

- Liestøl, Aslak. 1945. 'Freyfaxi', *Maal og minne*, 59–66.
- Liestøl, Knut. 1946. 'Tradisjonen i Hrafnkels saga Freysgoða', *Arv* 2, 94–110.
- Lurker, Manfred. 1987. *Wörterbuch biblischer Bilder und Symbole*, München: Kösel.
- McKeown, Arthur E. 1972. 'The Torture in *Hrafnkels saga* – An Echo from Homer?', *Mediaeval Scandinavia* 5, 42–44.
- Meulengracht Sørensen, Preben. 1992. 'Freyr i islændingesagaerne', *Sakrale Navne. Rapport fra NORNAS sekstende symposium i Gilleleje 30.11.–2.12. 1990*, útg. Gillian Fellows-Jensen og Bente Holmberg, Uppsala: NORNA-Förlaget, 55–75.
- Óskar Halldórsson. 1976. *Uppruni og þema Hrafnkelssögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- von See, Klaus. 1979. 'Die *Hrafnkels saga* als Kunstdichtung', *Skandinavistik* 9, 47–56.
- Sigfús Blöndal. 1978. *The Varangians of Byzantium. An Aspect of Byzantine Military History*, translated, revised and rewritten by Benedikt S. Benedikz, Cambridge: Cambridge University Press.
- Sigurður Nordal. 1940. Hrafnkatla, *Studia Islandica* 7, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Sverrir Tómasson. 1994. 'Skorið í fornsögu. Þankar um byggingu Hrafnkels sögu', *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Síðari hluti, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 787–99.
- Torfi H. Tulinius. 1990. 'Landafræði og flokkun fornsagna', *Skáldskaparmál* 1, 142–56.
- Víga-Glúms saga*. (1940), útg. G. Turville-Petre, Oxford: Clarendon Press.

SUMMARY

This article offers an interpretation of *Hrafnkels saga* through an analysis of its religious motifs and allusions. The torture (or *písl*) of Hrafnkell and his subsequent conversion divide the saga into two parts. Hrafnkell is introduced as a devoted pagan chieftain who dotes on Freyr, but his ardent beliefs and his oath to Freyr oblige him to kill Einar, a young farmhand, for riding Freyfaxi. As a result Hrafnkell loses his social power and property and, ultimately, his faith in Freyr's protection. The torture, the burning of the temple, the destruction of Freyfaxi and Hrafnkell's conversion are intricately linked in the saga.

The article seeks to analyse the significant religious references in this chain of events in *Hrafnkels saga* and to show that it can be read as an allegory of

Icelandic chieftains who despite their abandonment of paganism in the year 1000 did not substitute their pagan ethics of revenge and government for Christian morals. Such an allegorical interpretation of the saga is supported by the anachronisms within the saga. It is striking in a family saga to find pagan farmers committing the atrocities of wrecking temples and slaying sacred animals. Hrafnkell, though also a pagan, does not abandon his faith in order to convert to Christianity, but for personal reasons. Even though the saga notes that his temperament seems to mellow at this point, he continues with his autocratic style of government and his relentless killing of Eyvindur is in notable contrast to his former single combats (*einvígi*).

The crucial events at the heart of the saga, which are foreshadowed in the dream in the first chapter, suggest an allegorical perspective for the saga. Such an interpretation is further sustained by the fact that the only adversaries worthy of Hrafnkell, Porkell Þjóstarsson and Eyvindur Bjarnason, enter the saga after a period spent in the Christian world. These two men had been away for seven years and travelled to Constantinople where they had received great honours. The author may be suggesting that they came into contact with Christian ideas, which in the tenth century were foreign to Icelandic society. These two men bring about dramatic changes in Hrafnkell's life: Porkell and his brother Þorgeir overthrow Hrafnkell (and would have killed him if Sámur had agreed), but Eyvindur falls victim to the belief that Hrafnkell would honour his settlement more than his duty to revenge.

In this article an attempt is made to show that the two-fold structure of Hrafnkels saga, together with its numerous Christian and pagan references, and anachronisms, make an allegorical interpretation of the saga valid. It is, however, important to emphasise that such a reading of the saga does not exclude other approaches to this complex text.

„1236: ÓRÆKJA MEIDDR OK HEILL GÖRR“

THE TITLE of this article is taken from the „Flateyjarannáll“,¹ and refers to the infamous episode in Sturla Þórðarson's *Íslendinga saga* that describes the castration and blinding of Órækja Snorrason at the hands of his cousin, Sturla Sighvatsson, and Órækja's subsequent miraculous recovery.² According to the saga, Sturla Sighvatsson, after a year abroad, returns to Iceland in 1235, only to discover that Órækja has taken up residence in the Western fjords and is terrorizing the countryside with raids and plundering. The next spring (1236), Sturla and his father, Sighvatr, demand compensation from Snorri for the damages caused by his son Órækja, but to no avail. The upshot of the disagreement is that Snorri is forced to leave for Bersastaðir, and Sturla settles at Reykjaholt and appropriates all of Snorri's property. Sturla then meets with Órækja in Dýrafjörðr, and they reach a tentative settlement, stipulating that Sighvatr should arbitrate between them; that Órækja should stay at Stafaholt; and that Sturla should retain Snorri's property and stay at Reykjaholt.³ Shortly thereafter, Órækja

¹ *Flateyjarbok* I–III (ed. Guðbrandur Vigfusson and Carl R. Unger, Christiania (Oslo), 1860–1868), III, 529 (henceforth abbreviated *Flat* I–III). For „gera heill“ in the meaning ‘cure,’ ‘restore to full health,’ see Johan Fritzner, *Ordbog over det gamle Norske Sprog* I–IV, 4th ed. (Oslo, etc., 1973), I, 759. See also the entries in the „Annales regii“ („Órækja meiddr“), in Gustav Storm, ed., *Islandske annaler indtil 1578*, 1888; rpt. Oslo, 1977, p. 130; the „Annales Reseniani“ („Órækja meiddr“; *ibid.*, p. 25); the „Skálholtsannáll“ („Órækja meiddr ok heill görr með jarteinum“; *ibid.*, p. 188); the „Lögmansannáll“ („Órækja meiddr ok heill“; *ibid.*, p. 256); the „Gottskálksannáll“ („Órækja meiddr“; *ibid.*, p. 327); and the „Oddverjaannáll“ („Órækja Snorrason meiddr ok heill“; *ibid.*, p. 480). When necessary, the orthography of all Old Norse texts has been normalized. A preliminary version of this article was printed in *Samtíðarsögur* I–II (Preprints of the Ninth International Saga Conference, Akureyri, 31.7.–6.8. 1994), I, 194–207.

² *Íslendinga saga* (henceforth abbreviated *Ísl*), in *Sturlunga saga* I (ed. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason, and Kristján Eldjárn, Reykjavík, 1946), pp. 395–96.

³ *Ísl*, pp. 392–94; cf. *Flat* III, 110.

and his men, among them Sturla Þórðarson, join Sturla Sighvatsson in Reykjaholt, and the saga continues:⁴

Peir Órækja mötuðust í litlustofu um kveldit. En um morgininn, er þeir gengu frá messu, fóru þeir í stofu. Þá var Órækja kallaðr í litlustofu ok Sturla Þórðarson. Litlu síðar kom Sturla Sighvatsson í stofudyrr, þær er eru frá litluhúsum, ok kallaði Sturlu Þórðarson til sín, ok gengu þeir í loft þat, er þar var. Tók þá Sturla Sighvatsson til orða: „Þér var kunnigt, nafni, um sætt vára í Dýrafirði. En nú kom faðir minn ekki til. En svá var mælt, at Órækja skyldi hafa Stafaholt ok búa þar, en ek hér. Ok þykkir þat eigi heilligt, at hann siti svá nær við lítit efni, en ek svima í fé Snorra. Er þar nú knefat um annat ráð, at ek ætla, at hann skuli fara norðr í Skagafjörð ok þar útan, ok mun nú skilja yðvart föruneysi.“ Tók hann þá til sverðsins Kettlings, er lá hjá þeim, er Sturla Þórðarson hafði í hendi haft. Gengu þeir þá til stofu, ok í durum kómu í móti þeim menn Órækju ok váru þá allir flettir vápnum ok klæðum. Var þeim þá fylgt í loftit ok þar settir menn til gæzlu. ... Sturla reið nú á brott með Órækju upp til jökla ok Svertingr með honum einn hans manna. Peir riðu upp á Arnarvatnsheiði, þar til er þeir koma á Hellisfitjar. Þá fara þeir í hellinn Surt ok upp á vígit. Lögðu þeir þá hendr á Órækju, ok kvaddi Sturla til Þorstein langabein at meiða hann. Peir skoruðu af spjótskafti ok gerðu af hæl. Bað Sturla hann þar með ljósta út augun. En Þorsteinn lézt eigi við þat kunna. Var þá tekinn knífr ok vafiðr ok ætlat af meir en þverfingr. Órækja kallaði á Þorlák biskup sér til hjálpar. Hann söng ok í meiðslunum bænina Sancta Maria, mater domini nostri, Jesu Christi. Þorsteinn stakk í augun kníffinum upp at vafinu. En er því var lokit, bað Sturla hann minnast Arnbjargar ok gelda hann. Tók hann þá brott annat eistat. Eftir þat skipaði Sturla menn til at geyma hans. En Svertingr var þar hjá Órækju. En þeir Sturla ríða þá í brott ok ofan í Reykjaholt. Lét Sturla þá fara á brott menn Órækju, ok heldu þeir flestum föngum sínum. En hestar Órækju ok vápnrátt ok tek-in. Þá er þeir Sturla ok Svarthöfði kómu til Hvítár, kom þar á móti þeim Játvarðr Guðlaugsson. En er þeir segja honum þessi

⁴ *Isl.*, pp. 395–96.

tíðindi, lézt hann vilja upp í hellinn at finna Órækju. En þeir löttu þess. Hann vildi fara eigi at síðr ok kallaði sik eigi saka mundu, er þar var Þórir jökull, móðurbróðir hans. Sturla bað hann skunda aftr af fjallinu ok út til Staðar at segja þeim tíðindi slík, er hann yrði víss. ... Reið Svarthöfði þá vestr í Hjarðarholt, en þeir Sturla út til Staðar, þaðan til Helgafells at láta skrifta sér ok svá á Eyri til Þórðar. En Þórði þóttu skriftir Sturlu of miklar ok kvað hann skyldu fara í Skálholt á fund biskups. Fóru þeir þá til Staðar, ok var þar komin Arnbjörg ok Játvarðr, ok segir hann þau tíðindi í hljóði, at Órækja hefði sýn sína ok var heill. ... Þau Sturla Þórðarson ok Arnbjörg riðu þá suðr. ... En er þau kómu í Borgarfjörð, var Órækja brott ór hellinum. Hafði hann riðit suðr um land við þriðja mann. Riðu þau þá til Skálaholts, ok kom Órækja þá til móts við þau austan ór Klofa ok var inn hressasti. Allvel tók Magnús biskup við þeim ok leysti þá miskunnsamliga. Fekk hann Órækju tíu hundruð vaðmála ok lagði þat til með honum, at hann skyldi útan, – sagði, at hann myndi enga uppreist hér fá sinna mála. Riðu þau Órækja þá ofan á Eyrar, ok tók hann sér far með Andréasi Hrafnssyni.

This episode, which Sturla Þórðarson describes in such great detail, and which is documented in most Icelandic annals, is difficult to reconcile with reality and raises a number of interesting questions: for instance, what motivated Sturla Sighvatsson to resort to such unprecedented and radical measures to divest his cousin of his power? Miracles aside, what exactly transpired in Surtshellir? Why did Sturla Þórðarson feel the need to go to confession after he heard about the incident, and why was his penance so great? Why was Órækja awarded such a small compensation for the outrage, and why was he forced to leave the country while the perpetrator of the action, Sturla Sigvatsson, got off scot free?

Despite the number of questions raised by the Surtshellir episode, scholarly discussion of the maiming and miraculous recovery of Órækja is virtually nonexistent. It is the purpose of this article, then, to try to answer the questions posed above and to shed light on the motivating forces behind the episode, as well as on the obscure circumstances surrounding the torture of Órækja and, finally, on the rôle the author of *Íslendinga saga*, Sturla Þórðarson, might have played in the incident.

I. The Torture

According to *Íslendinga saga*, Sturla Sighvatsson appointed a certain Þorsteinn langabein to put out Órækja's eyes and to emasculate him. Þorsteinn, although reluctant to carry out the order to put out Órækja's eyes with the peg, complied with Sturla's request to thrust a finger breadth of a knife into his eyes. He then proceeded to remove one of Órækja's testicles. The saga specifically mentions that Órækja called on Saint Þorlákr and the Virgin Mary while being tortured. Some time later, Órækja left Surtshellir, rode off, met Sturla Þórðarson, and was „as fit as could be.“

Of the few scholars who have commented on the episode, Andreas Heusler appears to believe that the maiming of Órækja actually took place. He writes: „Die Art, die derselbe Sturla im Jahr 1236 den Vetter Órækja der Verstümmelung ausliefert, bezeichnet etwa die obere Grenze von dem, was zwischen Blutsverwandten zweiten und dritten Grades vorkam.“⁵ Other scholars, however, have been more sceptical. In *The Age of the Sturlungs*, Einar Ólafur Sveinsson attributes Órækja's lack of injury to the *drengskapr* of Þorsteinn langabein, who refused to carry out Sturla's command, while the editors of *Sturlunga saga*, who do not speculate about the events that took place in Surtshellir, suggest that Sturla Þórðarson believed Órækja had been miraculously saved through the intervention of Saint Þorlákr and the Virgin Mary.⁶

Despite Heusler's contention to the contrary, there can be no doubt in a modern reader's mind that Sturla's description of the events in Surtshellir is purely fictional: no one mounts a horse shortly after the removal of one testicle and cheerfully embarks on a journey. There is

⁵ Andreas Heusler, *Zum isländischen Fehdewesen in der Sturlungenzeit* (Abhandlungen der Königl. Preuss. Akademie der Wissenschaften, Philosophisch-historische Klasse, Berlin, 1912), p. 36.

⁶ Einar Ólafur Sveinsson, *The Age of the Sturlungs* (tr. Jóhann S. Hannesson, *Islandica* 36, Ithaca, New York, 1953), p. 73; *Skýringar og fræði*, vol. III of *Sturlunga saga I–III* (ed. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, and Örnólfur Thorsson, Reykjavík, 1988), p. lxix.

no evidence, however, that Órækja escaped unscathed because of Þorsteinn's *drengskapr*, as Einar Ólafur claims, because Þorsteinn does indeed thrust the knife into Órækja's eyes, and he complies with Sturla's command and removes one of Órækja's testicles.

Yet there can be no doubt that the allusion to Órækja's prayer during the torture, which must have been reported to Sturla Þórðarson by Sturla Sighvatsson upon the latter's return to Reykjaholt, was intended to evoke images of miraculous healings in hagiographic literature.⁷ The entry in the „Skálholtsannáll,“ which reads „Órækja meiddr ok heill görr með jarteinum ok fór útan,“ clearly shows that, at least to some members of Norse society, the healing of Órækja had miraculous overtones.⁸

But there is no evidence that Sturla Þórðarson himself attributed Órækja's fitness to divine intervention and, despite the entry in the „Skálholtsannáll,“ it is doubtful whether Órækja's alleged recovery was considered a miracle by contemporary clerics. After the Surts-hellir incident, Sturla Þórðarson and Órækja both sought out Bishop Magnús of Skálholt, who „received them heartily and absolved them mercifully.“⁹ Magnús awarded Órækja ten hundreds of *vaðmál*, stipulated that he must leave the country, and asserted that he would never be able to further his case in Iceland. As mentioned above, the damages awarded Órækja for the alleged castration and blinding are completely out of proportion with the codified compensation for such crimes. According to all Old Norwegian and Old Icelandic laws, blinding, as well as castration, were considered „major wounds“ and puni-

⁷ When Sturla Þórðarson and Svarthöfði meet Játvarðr after they have left Reykjaholt, they tell him „the tidings,“ that is, they tell him about the location and the participants in the incident (and, we must assume, of the incident as reported to them). Játvarðr, however, only reports that „Órækja had the use of his eyes and that he was unhurt,“ cf. *Ísl*, p. 396.

⁸ See Storm, *Islandske annaler*, p. 188. As far as similar miracles go, Saint Þorlákr is said to restore the eyesight of those who call on him. See *Þorláks saga byskups*, p. 106; *Jarleinabók Þorláks byskups 1199*, p. 186; *Jarleinabók Þorláks byskups önnur*, pp. 203, 220; in vol. I of *Byskupa sögur I–III* (ed. Guðni Jónsson, Reykjavík, 1948). One of the most famous miracles of Saint Óláfr involves the healing of the English priest Ríkarðr, whose eyes had been put out and tongue cut off in an episode of maiming. See *Heimskringla* (ed. Finnur Jónsson, 1911; rpt. Oslo, 1966, pp. 587–89).

⁹ *Ísl*, p. 396.

shed with full outlawry.¹⁰ Not only is there no mention of any legal action against Sturla Sighvatsson after the incident, but the sum that Órækja received from Magnús is considerably lower than what would normally be awarded even for a superficial wound.¹¹ The men wounded in Sturla Sighvatsson's raid on Hvammr in 1228, for example, received twenty hundreds for their wounds, and, upon hearing the verdict, Sturla remarked drily: „Eigi er of mikit gert til handa sáramönnum, ok þat skal vel gjalda.“¹²

We must conclude, then, that Órækja's version of the incident as told in his confession, and to which Sturla Þórðarson certainly was privy, did not entitle him to the restitution that should have been awarded for the crimes of castration and blinding. Moreover, the episode must have entailed humiliating circumstances for Órækja, since he would never be able to further his case in Iceland and was advised

¹⁰ See *Grágás: Konungsbók* (ed. Vilhjálmur Finsen, 1852; rpt. Odense, 1974), pp. 147–48; *Grágás: Staðarhólsbók* (ed. Vilhjálmur Finsen, 1879; rpt. Odense, 1974), pp. 299; *Frostapingslög, in Norges Gamle Love indtil 1387 I–V* (henceforth abbreviated *NGL I–V*) (ed. R. Keyser, P. A. Munch, Gustav Storm, and Ebbe Hertzberg, Christiania (Oslo), 1846–95), I, 171; *Landslög (NGL II, 50)*; *Jónsbók (NGL IV, 207)*. *Grágás* mentions the right to castrate landlopers, clearly as a preventive measure to protect female relatives (*Konungsbók*, p. 203; *Staðarhólsbók*, p. 151). See also Lúðvík Ingvarsson, *Refsingar á Íslandi á þjóðveldistímanum*, Reykjavík, 1970, p. 381. *Frostapingslög* grants a slave owner the right to castrate his run-away foreign slave (*NGL I, 226*), and in both *Gulapingslög* and *Frostapingslög* castration is mentioned as the punishment for bestiality (*NGL I, 18, 123*). However, none of these sections would apply in Órækja's case. The Church laws also stipulate that no castrated man may marry (*Gulathings-Christenret, NGL II, 333*; *Biskop Arnes kristenret for Island, NGL V, 38*). Although these Church laws are later than the castration episode in *Íslendinga saga*, they do point to an ecclesiastic tradition of prohibition of marriage for men who were unable to procreate, which, in turn, could account for Sturla Sighvatsson's comment that Órækja should „remember Arnbjörg“ (*Ísl*, p. 395).
f. *Viðbrögð við orðum Ara* verða þau að Katla stendur upp og fer en Ásmundur hefur orð fyrir bræðrum hennar og spyr hvort systir þeirra skuli þá vera „ættar skömm.“ Katla vill fremur lífið láta en að menn viti leyndarmál hennar. Kurr kemur upp með bræðrunum Vilhjálm, Sigurði (vantar í Lbs. 1293 4to) og Loga (*Bogi* í Lbs. 1293 4to) sem telja að nú sé varla „vært í sæti/sætum“. Eins og áður er getið hafa nú allar gerðirnar utan Lbs. 558 8vo eitt erindi þar sem bræðurnir munda vopnin og segja að svo ungur sveinn kunni ekki að ljúga, enda séu „rök til ræðu hans nokkur.“ Már tekur þá til máls og segir þeim að taka ekki mark á orðum barna en við það verða bræðurnir ólmir og vilja komast að hver rök séu til „ræðu sveina.“ Már upplýsir í tveimur erindum að

Katla hafi ekki átt neina sök og spyr hvort þeir telji þá seka sem rati í vömm eða sjónhverfingar í blundi! (10 erindi, 9 í Lbs. 558 8vo).

g. Már sækir Kötlu og biður hana að koma og segja bræðrunum alla sögu, sem hún samþykkir (3 erindi).

h. Katla kemur og segir sögu sína þannig að bræðurnir sefast; enda með því að hæla Má fyrir hans þátt í þessu máli og mælast til æv-langrar vináttu við hann (6 erindi).

i. Að sögulokum er greint frá miklum ástum þeirra Mús og Kötlu, færsælum búskap Kára, sem vissi sitt af hverju um „strauma gang og stjörnulistir“, og höfðingskap Ara sem margir menn eru komnir af (4 erindi).

B gerð Kötlu draums lýkur á þremur erindum (tveimur í Lbs. 558 8vo) um kvæðið sjálft, form þess og að nú sé fólki boðin þessi brag-smíð sem nefna megi Kötlu draum.

Samantekt

Af ólíkum gerðum Kötlu draums kemur fram að efnismunur þeirra er einkum fólgin í því að *A* gerðin blæs út heimsókn Kötlu til húsa Alvarar og gerir skýra grein fyrir óyndi Kötlu í sæng Kárs. *B* gerðin gefur hins vegar í skyn að Katla láti sér vel líka enda þótt hún sé sinnulaus vegna hótunar Alvarar. Með viðbót sinni leggur *B* gerðin einnig mesta áherslu á hörkuleg viðbrögð bræðra Kötlu og réttlætiskenn þeirra þegar þeir heyra öll málsatvik. Þá kemur dauði Kárs fram með ólíkum hætti í gerðunum, annars vegar í beinni frásögn í *A* en ekki fyrr en í orðum Alvarar í *B* eins og rakið var. Að öðru leyti eru efnisatriði flest þau sömu í þeim köflum sem sambærilegir eru.

Aftur á móti er munur á orðalagi og erindaskipan víða mikill, einkum á milli megingerðanna. Sums staðar, einkum í upphafi kvæðisins eða í byrjun hvers efnisþáttar, er orðamunur óverulegur svo stappar nærri orðrétttri geymd. Þar sem munurinn er meiri í miðri frásögn má kalla textann „fljótandi“ og orðalagslíkindi eru þá bundin við einstök orð á stangli sem, ásamt efni, vísa til þess að hér sé um „sama“ kvæði að ræða. Þess eru einnig dæmi að breytileikinn sé haminn innan ákveðinna marka. Þá birtist frjálsræði í textameðferð í því að algengum heitum er skipt út en umgjörðin helst lítið breytt. Er slík geymd ekki fjarri því sem Lars Lönnroth (1971:18) hefur haldið fram um eddukvæði:

It seems evident, however, that some parts of an Eddic poem were more susceptible to change than others, and these parts were probably, at least most of the time, the ones that were the least important from a structural standpoint, and which contained the most conventional, formulaic and "ornamental" material. On the other hand, most of the essential verse lines probably remained fixed in the tradition. We find a similar relationship between fixed and variable verse lines in the transmission of popular ballads.

Þessi lýsing á að nokkru leyti við um varðveislu Kötludraums. Sú meginhugmynd kvæðisins helst óbreytt í öllum gerðum og uppskriftum að Katla sé ekki í neinni sök þó að hún hafi orðið barnshafandi eftir annan en eiginmann sinn, enda hafi hún verið óvirkur þolandi í því máli. Mannþryði Más og samheldni þeirra hjóna virðist ávallt vera með svipuðu sniði.

ALDUR KVÆÐISINS

Elstu heimildir frá fyrri hluta 17. aldar

Elsta þekkt heimild um Kötludraum er í svigagrein við Grænlandsannál sem Ólafur Halldórsson (1978:283–292) telur að Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) hafi samið, líklega á þriðja áratug 17. aldar:

Þeirra son *var Már á Hólum (er nú kallast <á> Reykjahólum) er átti Þórkötlu (sem Kötludraumur er af) dóttur Hergils hnapp-rass, sem var sonur Práandar hins mjóbeina, er nam Flatey. Sonur Márs eður Kárs og Kötlu var Ari;

(s.rit:39)

Síðan segir annállinn af hrakningum Ara til Hvíttramannalands sem ekki er sagt frá í Kötludraumi en Jón lærði gat lesið um í Hauksbók Landnámu, sem er sennilegt að hann hafi haft undir höndum. Árið 1641 ritar Jón *Samantektir um skilning á Eddu*. Þar nefnir hann Kötludraum og segir:

Menn kalla Lioð eitt gamallt Kotludraum sem menn viðkannaz at ec meina i ollum Islandz fiorðungum, oc er þat æfinntyr ecki at skrifa, at þat er Islandz monnum næsta alkunnigt, fiógr dægr

skyldi hon hafa Legit, eðr sva sem sofit i þeirri Liufllings Leibslu, hnossirnar hafði hon fengit synligar, enn hvert sa Ari sonr hennar var Mársson eðr Karsson er i efanum, sem fleira annat. Su Katla var dottir Hergilsar or Hergilsey, hans faðir Þrandr Miobeine sem nam Flatey.

(*Sth. papp. 38 fol. bl. 96v; væntanlegt í útgáfu Einars G. Péturssonar*)

Næst segir Jón frá Skíðarímu og nefnir þá „heilagra manna Leiðslr af þeim gomlu skrifaðar, sem nu eru forkastaðar“. Þannig má álykta að hann hafi tengt bæði Kötuldraum og Skíðarímu við leiðslubókmenntir. Í máli Jóns kemur og fram að Kötuldraumur sé „gamalt ljóð“ og útbreitt í öllum landsfjórðungum. Ekki verður þó sagt með vissu hvað má álykta um aldur kvæðisins af orðum Jóns: Hvað gat hann til dæmis vitað um aldur höfundarlaus kvæðis með þjóðsagnaefni sem er þekkt víða að? Mikil útbreiðsla þarf heldur ekki að vitna um háan aldur því að við vitum ekki hvað kvæði var lengi að breiðast út um allt land og ná vinsældum fyrir daga nútímafjölmiðlunar. Eins er alls óvíst hvaða gerð eða gerðir kvæðisins voru á sveimi um Ísland á dögum Jóns lærða, eða hver hin *upphaflega gerð var ef kvæðið var þá þegar orðið mjög gamalt. Var það *A* gerð eða *B* gerð eða einhver allt önnur gerð?

Aðra heimild, álfka stuttaralega, má rekja eftir krókaleiðum aftur til daga Jóns lærða. Á efri árum ritaði Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) á miða við *eg bý* í orðabók sinni að Kötuldraumur hafi verið með í álfariti sem Þormóður Torfason (1636–1719) eignaði sr. Einari Guðmundssyni á Stað á Reykjanesi (16./17. öld). Á miða þessum virðist Grunnavíkur-Jón rugla riti Einars saman við *Philosophia naturalis* sem hann hafði áður eignað Sigurði Stefánssyni („Sigvardus Stephanus, et Sigurdus Stephanius“), skólameistara (d. 1595), eins og Jón Samsonarson (1967:251) hefur bent á. Athugasemd Grunnavíkur-Jóns er svona í útgáfu nafna hans Samsonarsonar:

item Rector quidam Schalholtinus, Einar nomine, ut accipi, tempore Episcopi Brynoolfi, vel circiter florens, et munere ibidem Rectorali Scholæ fungens. Latinè conscriptum, in qvo dictos Spiritus vocat Latine Essentias subterraneas, et Semi-homines. Scriptum verò id suum Philosophiam Naturalem multa ibid. frivola allegata, ut Kótlu Drøm (Somnium Katlæ) et similia.

Jón Helgason (1926:113) hélt þessum ritum ekki heldur alveg aðgreind-

um í bók sinni um Grunnavíkur-Jón þar sem hann gerir eftirfarandi athugasemd þegar hann getur um að sagan af slysaðuða Sigurðar skólameistara Stefánssonar (sjá hér aftar) sé skráð við „ljúflingur“ í orðabók Grunnavíkur-Jóns:

Svo nefnir Jón hann [þ.e. Sigurð] rjett í Add 3 fol 100 r, en í orðabókinni er hann kallaður Stefán (við „álfur“) eða Einar (við „eg bý“). Jón hefur lesið álfarit hans [Sigurðar? Einars?], og getur hann þess fyrst í brjefsútdrætti til Vigfúsar Jónssonar 1732: „Beðinn að spyrja föður sinn, hvert sra. Ólafur Jónsson gamli skólameistari er author til skriftsins um drauga og álfa, er á latínu skiftist í tvo libros, kallast þar Philosophia naturalis. 1. cap. inniheldur geniorum seu umbrarum examen etc.“. Álfar voru í þessu riti kallaðir essentia subterranea og semihomines. Kötludraumur var tekinn þar upp. – Sbr. Landfræðissögu II 26, Skólameistarasögu 83, 213.

Ekkert er sagt um Kötludraum í þeim bókum sem Jón Helgason nefnir og svo virðist sem hann telji Einar á miðanum aðeins vera nafnarugling fyrir Sigurð skólameistara – en það væri ákaflega merkilegt ef Kötludraumur hefði verið í riti Sigurðar, Philosophia naturalis, því að hann dó árið 1595. Svo var þó ekki.

Af Einari Guðmundssyni er það að segja að hann er talinn fæddur á bilinu 1585–90 og var orðinn prestur 1614. Nú eru aðeins varðveitt endursögð brot úr álfariti hans í latínuformála Þormóðs Torfasonar að *Historia Hrolfi Krakii* (útg. 1705) en Þormóður var bróðursonur konu Einars og kynntist honum í æsku. Einar Ól. Sveinsson (1942) gaf brotin út í íslensku þýðingu í 7. bindi *Blöndu*. Í formálanum fjallar Þormóður meðal annars um sannindi Hrólfis sögu og segir hana fulla af skröksögum þó að þeir séu til sem telji slíkar sögur sannar. Því til staðfestingar vitnar hann í lifandi huldufólkstrú eins og hún birtist í riti sr. Einars. Þar kemur að hann ræðir um huldukonur sem hafi átt börn með mennskum mönnum, og beri þau til skírnar, en það hafi þó oft farið á annan veg eins og þegar Þorkatla, kona Más, varð þunguð eftir Kár bergbúa og átti soninn Ara, sem kvæðin (athyglisvert er að Þormóður notar fleirtölu) um þá sorglegu atburði votta:

cujus gentis mulieres etiam ex nostris conceperunt infantes, qvæ sacro fonte suos liberos ablui, & Christianismo initiari avidè, sed pleræqve frustra, expetiverunt. (Jamqve ad exempla procedit.)

Thorkatla Mari uxor Kari Saxicolæ congressu gravida facta, filium, Aresum nomine, peperit; ut Ode de illo fatali casu confectæ testantur.

(*Pormóður Torfason 1705:12*)

Ekki verður vitað hvort allt kvæðið var í þessu riti eins og ætla mætti af miða Grunnavíkur-Jóns. Hugsanlega bendir svigagrein Pormóðs, um að nú fari Einar að rekja dæmi, til þess að þar hafi hann hlaupið yfir kvæðið. Einar var enn á lífi árið 1649 en hvorki er vitað hvenær hann skrifaði álfaritíð né hvernig sá Kötludraumur var sem hann þekkti. Þó er athyglisvert að Einar var um tíma prestur á Reykjanesi þar sem þau Katla og Már bjuggu forðum tíð. Ekki er ósennilegt að áhuga Einars á kvæðinu megi tengja við prestskap hans þar.

Hugmyndir fræðimanna um hærri aldur

Ekkert verður nú sagt um upphafsmann kvæðisins eða hvort það muni fyrst hafa verið ort á pappír, eða komist á bækur úr minni skrifara eða eftir munnlegum flutningi. Ólafur Davíðsson (1898:16) hafnar algjörlega fullyrðingu Hallgríms Jónssonar (1780–1836) að kvæðið sé eftir Jón Guðmundsson lærða og vísar til orða Jóns sjálfs um kvæðið (sbr. hér að ofan). Jón Helgason (1953:167) taldi víst að sagnakvæði hefðu gengið í munnlegri geymd fyrir ritun og sagði að hefð slíkra ævintýra- og sagnakvæða undir ljúflingslagi hefði efalaust mótast fyrir siðaskipti. Hann færir þó engin sérstök rök fyrir þeirri aldursákvörðun en hefur líklega í huga orð Jóns lærða um að kvæðið sé gamalt og alkunnugt á hans dögum. Einnig gerir hann ráð fyrir að einhver óslitinn þráður hafi legið frá hefð eddukvæða til sagnakvæðanna sem styðjast við sams konar bragarhátt og skáldamál að nokkru leyti þó að efnið sé ekki hið sama.

Jón Þorkelsson (1888:205) hafði áður notað, með miklum fyrirvara, tengsl persóna Kötludraums við þekkt fólk úr fornritum sem vísbendingu um aldur: „har vi så ikke heri et kriterium for at Kötludraumur er af en betydelig ælde?“ Nokkrar persónur Kötludraums, Þorkatla, Már og sonurinn Ari, eru nefndar í Landnámu (S 122, H 94, M 35). Þar segir meðal annars að Már hafi búið á Hólum og verið sonarsonur Úlfs ins skjálga er nam Reykjanes allt milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Í Landnámu fer þó engum sögum af undarlegum draumförum Kötlu eða

viðbrögðum Más og bræðra Kötlu við þeim tíðindum að hún hafi orðið barnshafandi af völdum draummanns. Af nafnatengslum við fornritin verður því ekkert ráðið um aldur sögunnar í Kötlu draumi. Vésteinn Ólason (1982:132) er miklu varkárari í aldursákvörðun sinni en hann segir aðeins að kvæðið hafi verið skrifað í ýmsum gerðum úr munnlegri hefð á 17. öld, og hafi ekki getað verið ort síðar en á 16. öld.

VINSÆLDIR KÖTLUDRAUMS Á 17. ÖLD

Hægt er að efast um hvort það sé raunhæf spurning að spyrja um aldur kvæðis á borð við Kötlu draum. Texti kvæðisins í elstu handritum er svo breytilegur að engar ályktanir er hægt að draga af þeim um aldur eða orðalag hinnar *upphaflegu gerðar. Við vitum ekki heldur hvernig sú gerð þyrfti að vera til að geta talist sama kvæði og sá Kötlu draumur sem við þekkjum. Í stað þess að huga að aldri getum við reynt að halda okkur við hinar varðveittu uppskriftir og sagt sem svo að mörg handrit séu að minnsta kosti til vitnis um allnokkra útbreiðslu kvæðisins á þeim tíma sem þau voru skrifuð. Í framhaldi af því má spyrja hvort einhver ástæða sé til þess að Kötlu draumur verði svona vinsæll í uppskriftum þegar líður á 17. öld. Tengist hann hræringum í þjóðlífinu á þeim tíma þannig að skýra megi vinsældir hans?

Hluti af efni Kötlu draums er sóttur í vel þekkt minni úr munnmælum um samskipti mennskra kvenna og huldumanna (sbr. Thompson, 1934:F300–399). Því er ekki hægt að tala um aldur sjálfs söguefnisins. Ástamál ber líka víða á góma í sagnadönsum (Nína Björk Elíasson, 1980:145–147; Types of the Scandinavian Medieval Ballad: D 1-D 440) og í þjóðsögum frá 19. öld eru þekkt dæmi um ástir mennskra manna við huldufólk eins og Guðrún Bjartmarsdóttir (1982) hefur rakið og tengt við rómantíska drauma og óuppfyllta ástarþrá sem fólk hafi fullnægt í sögum.

Áhersla á viðbrögð við vanda

En umgjörðin í Kötlu draumi er sérstæð og allrar athygli verð. Fræðimenn hafa einkum nefnt að kvæðið fjallaði um óendurgoldna ást huldumanns á mennskri konu. Einar Ól. Sveinsson (1940:81) segir kjarna þess til dæmis vera „ofurást huldumanns á mennskri konu og

trega hans, þegar hún yfirgefur hann og fer til mannheima.“ Í sama streng taka Jón Helgason (1953:168) og Guðrún Ingólfsdóttir (1983:1) en hún segir: „Yfir kvæðinu hvílir rómantískur tregablær, enda fjallar það að nokkru um óendurgoldna ást. Huldumaðurinn Kári reynir með hjálp móður sinnar að heilla til sín mensska konu, Kötlu, og tekst að ná henni til sín yfir í huliðsheima. Katla festir hins vegar ekki yndi með þeim og er fylgt aftur til mannheima, en Kári springur af harmi.“ Svipuð áhersla kemur fram í nýlegri bókmenntasögu þar sem Böðvar Guðmundsson (1993:484) segir efni kvæðisins vera álfasögu.

Þessar lýsingar falla ekki alls kostar að efni Kötlu draums því að í kvæðinu sjálfu er tiltölulega lítið gert úr ástum huldumannsins en meiri áhersla lögð á vanda eiginmanns og bræðra sem þurfa að bregðast við þegar eiginkona og systir eignast barn með öðrum en maka sínum. Meginmunur kvæðisgerðanna er einmitt fólgin í ólíkum efnistöfum þegar kemur að viðbrögðum við þeim tíðindum að Katla hafi átt barn með öðrum en eiginmanni sínum. A-gerðirnar láta nægja að eiginmaðurinn þaggi málið niður með konu sinni, en í B-gerðinni er líka sýnt hvernig bræður hennar bregðast við.

Stóridómur settur 1564 og „glæpur“ Kötlu

Eftir siðaskipti um miðja 16. öld tóku valdsmenn upp strangt eftirlit með ástamálum þegna sinna. Stóridómur var settur á Alþingi árið 1564 og þar með hóf ríkisvaldið að rétta í málum sem höfðu áður verið rekin af höfðingjum og kirkju (Inga Huld Hákonardóttir 1992:68–69). Um leið þyngdust refsingar verulega og í Stóradómi er meðal annars kveðið á um að fyrir hördómsbrot skuli koma sektir og húðlát eftir fyrsta og annað brot en líflát eftir þriðja brot (s.st.:282). Þessi líflátsdómur var mildaður árið 1614, þegar Alþingi samþykkti „um þriu Einföld Hordoms Brot. að þar skyllde ecke lijfsstraff vid liggia helldur landz utlegd.“ (*Alpb.* IV, bls. 227). Eftir aldamótin 1800 fara að koma fram konungsbréf og tilskipanir sem nema Stóradóm smám saman úr gildi og var smiðshöggð rekið á það verk árið 1838 (Davíð Þór Björgvinsson 1984:21–22). Áður hafði þó dregið úr refsigleðinni smám saman þannig að dauðadómi vegna hjúskaparbrotts var síðast fullnægt 1681, vegna sífjaspella 1763 og vegna dulsmála 1792 (Inga Huld Hákonardóttir 1992:235).

Fyrst eftir setningu Stóradóms virðast menn hafa verið tregir til að

framfylgja honum en þegar kom fram á 17. öld var tekið að beita honum miskunnarlaust (Þorgeir Kjartansson 1982:5; Davíð Þór Björgvinsson 1984:18–19). Á áratugnum 1641–1650 „má segja að 3. til 4. hvern dag hafi þar lent í höndum réttvísinnar“ (Þorgeir Kjartansson 1982:10) fyrir ólöglegt kynlíf, og eru það 92,5% af skráðum afbrotamönnum á því tímabili (s.rit:10–11).

Á undanförnum árum hafa Eiríkur Þorláksson, Þorgeir Kjartansson, Davíð Þór Björgvinsson, Inga Huld Hákonardóttir og Már Jónsson skrifað mest um þá „glæpi“ sem Stóridómur náði til, og viðbrögð fólks sem varð að réttdræpum sakamönnum eftir setningu hans og reyndi eðlilega að hylma yfir „glæpi“ sína. Af þeim gögnum sem þau hafa dregið fram er ljóst að landsmönnum hefur orðið mikið um þessa ströngu löggjöf. Guðmundur Andrésson gekk svo langt að rita ádeilu á Stóradóm, sem hann hafði sjálfur verið dæmdur eftir, og sendi Arngrími lærða ritgerð sína 13. júní 1648, *DISCVRSVS OPPOSITIVUS edur gagnstæd yfferferd lögriettunnar dom titils sem geingid heffur a Alþingi Anno 1564*. Arngrímur dó nokkrum dögum síðar og ritgerðin komst í hendur yfirvalda sem sendu Guðmund í Bláturn árið eftir. Þaðan var honum sleppt fljótlega, meðal annars fyrir atbeina Ole Worm, en bannað að snúa aftur til Íslands. Hann settist því að við fræðistörf í Kaupmannahöfn til dauðadags 1654 (Jakob Benediktsson 1948 a:xii-xviii). Þrátt fyrir harkaleg viðbrögð yfirvalda fékk gagnrýni Guðmundar mikinn hljómgrunn með þjóðinni eins og fjöldi uppskrifta á riti hans sýnir (s.rit:xliv-lv). Og Stóridómur hjó nærri sjálfum Árna Magnússyni því að Jón bróðir hans var margdæmdur fyrir síendurtekin hördómsbrot; loks til dauða árið 1730 en var náðaður af konungi.

Katla í Kötludraumi hefði verið sakakona samkvæmt ákvæðum Stóradóms og því er áhugavert að kvæðið skuli koma fram úr dimmu aldanna nokkru eftir að áhrifa hinna nýju laga tekur að gæta í samfélaginu. Vandamál kvenna við barnsfeðranir verða æ meira áberandi í dómskerfinu á þessum árum. Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) segir frá í annál sínum árið 1624 að: „Ein kvinna ól barn og kendi huldumanni, sú kom til alþingis, stóð á sama; það var í Rangárvallasýslu.“ (*Annálar* I:218) Ekki eru fleiri heimildir til um mál þessarar konu (Már Jónsson 1989:38) en hún hefur staðið í svipuðum sporum og Katla í kvæðinu. Mál hinnar ónefndu „kvinnu“ er því vísbending um að einhver hluti þjóðarinnar gæti hafa tengt atburði Kötludraums við raunverulega atburði á fyrri hluta 17. aldar.

Trú og vantrú fólks á 17. öld á barnsfeður úr huldheimum

Þrátt fyrir hugsanlega trúgirni almennings hafa yfirvöld varla tekið fullt mark á sögum mæðra um huldufeður barna sinna. En kirkjunnar menn hafa verið í vanda settir að afneita þeim möguleika algjörlega að konur gætu fætt barn án undangengins holdlegs samræðis, samanber þegar Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup gerði sitt besta til að trúa frásögn Þórdísar Halldórsdóttur árið 1612 um að hún hefði eignast eingetið barn fjórum árum fyrir (Inga Huld Hákonardóttir 1992:195–196). Andleg yfirvöld virðast meira að segja hafa haft nýlegar spurnir af því að konur gætu orðið barnshafandi úr öðrum heimi. Hinn 28. júlí árið 1651 skrifar Brynjólfur Sveinsson biskup Ole Worm bréf með vísnaskýringum þar sem hann ræðir meðal annars um nafnið „Álf-rúnu“ á konu sem umgengst álfa all náðið, eins og lesa megi um hjá Jordanes (?). Hann segir síðan að forfeður sínir hafi munað eftir dæmum um slík sambönd kvenna og álfa, hvort sem þau voru raunveruleg eða uppdiktuð, en kemur sér undan að lýsa sinni skoðun með því að segja það ekki samræmast hinni réttu trú í dag:

„... qvam nullus dubito Alf-Runam fuisse, hoc est Alforum numine inspiratam atqve illis familiarem fæminam, Alforum velut contubernalem atqve eorundem velut conjugem, qva cum familiaris versarentur, ὁαριστόν, qvomodo et apud Jornandem legam. Duravit ad patrum usqve memoriam inter nos Alficæ illius consvetudinis, atqve ex consvetudine divinationis aut figmenta aut exempla, qvæ vereor ne non bona fide hodieqve desita sint.“

(Jakob Benediktsson 1948b:127)

Í AM 154 8vo vii er gengið svo langt að leggja út af álfatrúnni í lok Kötluðraums:

55.

Hér mega seggir
svinnir að hyggja
hvort allt er logið
um álfa kindur
lasti því enginn

56.

Heilir séu álfar
fyrir hylli sína
með högum og munum
hamingju bíði
legg eg það á þá

57.

Eins munu þeir
og aðrir að jafna
misjafnir menn
eg má svo vel segja
gefist þeim gæfa

ljúflings arfa
heldur meinlaust
um manns börn ræði.

þeim lukkist allt betur
en hinir aðrir
af hatri mæla.

og gríðastaður
heilir veri álfar
en hróðurinn falli.

Endir

Sýslumaðurinn Benedikt Magnússon Bech (1674–1719) hefur tekið nægilega mikið mark á trú manna á frásögn Kötludraums til að sjá ástæðu til að yrkja 69 erinda kvæði, Ljúfling edur censura yfir Kötludraum, gegn Kötludraumi og því að konur gætu orðið barnshafandi eftir huldumenn. Í handriti hans, Lbs. 2676 4to, segir svo í 8. erindi:

Ad Andi giete kvíðgad kvinnu,
þó kinne að vejta Amors sinnu,
það er Nípurt Narra spil,

Hin hörðu viðbrögð sýslumannsins gætu því bent til þess að sumir samtímamanna hans hafi getað trúað skýringu Kötlu þó að hún hafi ekki staðist gagnvart yfirvöldum í dómsmálum. Ekki kemur heldur annað fram í ritum manna um álfa, anda og púka á 17. öld en að höfundar þeirra trúu á slíkar verur (Þorvaldur Thoroddsen 1898:26–27) – enda hefndist Benedikt fyrir kvæði sitt gegn Kötludraumi eins og segir á bls. 419 í Gráskinnu Gísla Konráðssonar (Lbs. 1293 4to), í grein um Jón Bergmann (Steinsson, biskups, 1696–1719):

var þat nú eittsinn, at þeir hittuz Benedict sýslumadur Bech ok Jón Bergmann, því auknafn þad tók hann ytra, komu þeir í kappræðu nokkra ok er Jóni þótti Benedict vera all ordhvass, er sagt hann mælt hafi: „Ekki verdr þú jafnstælltr Benedict! þegar selrinn rífur þik“, en Benedikt þá sagt: „Ekki mun eg þó drepa mik sjálf“. Þótti hverutveggja verda spámæli fyrir því Benedikt drukknadi sídan í Heradsvötnum; eígnudu þad fáfródir menn álfum, fyrir því at kvedit hefdi hann móti Kötludraum.

(úr uppskrift Jóns Helgasonar)

Fleiri hafa hreytt ónotum í Kötludraum og Jón Þorkelsson (1888:206) vitnar til þess að sýslumennirnir Jón Jakobsson og Jón Espólín „kaldar Kötludraumur ‘uefterrettelig i højeste måde’“. Og aftan á síðasta blaði handrísins AM 154 8vo viii standa þau óvinsamlegu orð um kvæðið sem áður var vikið að. Ólafur Davíðsson (1898:16) nefnir að Jón Ólafsson úr Grunnavík kalli kvæðið „skammarlegan tilbúning“ í skýringum sínum við Snorra-Eddu (AM 979 4to) og telji „að kvæðið sé mjög

blandið ýkjum og ónýtt, og að það hafi verið að maklegleikum að Benedikt Bech kvað á móti því.“ Jón hefur þó verið hallur undir álfa, hugleiðir til dæmis álfarit Sigurðar skólameistara Stefánssonar og segir af þeim sögur í orðabók sinni, meðal annars að álfarnir hafi dregið Sigurð ofan í Brúará í hefndarskyni fyrir að hann hafi ljóstrað upp um leyndarmál þeirra (Jón Helgason, 1926:113–114).

KÖTLUDRAUMUR OG RÍKJANDI HUGMYNDAFRÆÐI Á 17. ÖLD

Af fjölda handrita Kötludraums frá 17. öld og fram á þá 19. má ráða að efni kvæðisins hafi verið fólki ofarlega í huga á þessum öldum. Víst er að vandi Kötlu, sem verður uppvís að því að vera þunguð og eignast barn með öðrum en löglegum eiginmanni sínum, hefur brunnið mjög á körlum og konum eftir að farið var að framfylgja Stóradómi af fullri hörku á 17. öld. Það er þó ekki röksemd fyrir því að Kötludraumur hafi fyrst verið kveðinn eftir að Stóridómur var settur en bendir aðeins til þess að vinsældir kvæðisins í handritum frá 17. öld gætu að minnsta kosti skýrst af því ástandi sem dómurinn leiddi yfir þjóðina.

Munnleg geymd veldur því að sögur og kvæði eru síbreytileg og laga sig að aðstæðum hverju sinni þannig að þau eru heimild um hugarfar og aldarhátt á flutningstíma sínum. Sú réttlætisvitund sem býr að baki Kötludraumi boðar mildi og fyrirgefningu vegna hjúskaparbrots eigin konu. Slík mildi gengur þvert á gildandi lög í landinu eftir siðaskipti, þegar konur voru sekar um siðferðisbrot jafnvel þótt sannað væri að þeim hefði verið nauðgað (Inga Huld Hákonardóttir 1992:199–203). Undir slíkum lögum hefði Kötlu dugað skammt að bera fyrir sig að hún hafi ekki sóst eftir samförum við Kár „Alvöruson“ og verið viljalaust verkfæri í höndum móður hans. Vinsældir kvæðisins sýna að hugarheimur fjölmargra landsmanna hefur ekki verið í samræmi við lögin eða ríkjandi trúarbrögð (sbr. líka Þorgeir Kjartansson 1982:7) heldur staðið miklu nær því sem okkur er tamt að kenna við nútímalegt umburðarlyndi. Ef marka má kvæðið hefur slíkt umburðarlyndi verið mun almennara á fyrri öldum en opinberar heimildir gætu gefið tilefni til að ætla. Þannig sýnir dæmið af Kötludraumi að það er varasamt að ætla alþýðu manna of mikla fylgispekt við hugmyndafræði andlegra og veraldlegra yfirvalda.

LOKAORÐ UM LÆRDÓM OG BÓKMENNTIR

Sú spurning vaknar þá að lokum hvort hugsanlega megi eitthvað af þessari niðurstöðu læra um aðferðir okkar við að nálgast hugarheim íslenskra miðaldamanna. Í rannsóknum á því sviði hafa menn oft lesið saman lög, kennisetningar kirkjunnar, heilagra manna sögur og veraldlegar frásagnir, rétt eins og sami hugarheimur og réttlætisvitund kæmu fram í þessum ólíku bókmenntaverkum. Helsta röksemdin fyrir slíkum samlestri hefur verið sú að menntamenn hafi staðið að sagnarituninni og að þeir hafi verið vel lærðir á miðaldavísu og fylgt þeirri hugmyndafræði sem kirkjan innrætti þeim. Þannig ætti trúarlærdómsins að sjá stað í verkum þeirra. Kötludraumur getur varað okkur við slíkum samslætti hugmyndaferfa, og verið okkur vísbending um að hinir veraldlegu sagnaritarar gætu hafa sýnt nokkurt sjálfstæði gagnvart skólabókum kirkjunnar – sem þeim hefur eflaust gengið misvel að tileinka sér. Hætt er við að þorri fólks hafi alla tíð sagt sögur og flutt kvæði sem gengu þvert á það gildismat sem andleg og veraldleg yfirvöld innrættu þegnum sínum, með misjöfnum árangri, þá ekki síður en nú.

HEIMILDIR

- Alþingisbækur Íslands* IV (1606-1619). Sögufélag gaf út, Reykjavík 1920–1924. *Annálar 1400-1800* I. Gefnir út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík, 1922–1927.
- Böðvar Guðmundsson, 1993. *Íslensk bókmenntasaga* II. Vésteinn Ólason ritstj. Mál og menning, Reykjavík.
- Davíð Þór Björgvinsson, 1984. „Stóridómur.“ *Erindi og greinar* 9. Félag áhugamanna um réttarsögu, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson, 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Á kostnað sjóðs Margrétar Lehmann-Filhés, Reykjavík.
- , 1942. „Álfarit séra Einars á Stað.“ *Blanda* VII, 251–257.
- Eiríkur Þorláksson, 1976. „Stóridómur.“ *Mímir* 24, 20–27.
- Guðrún Bjartmarsdóttir, 1982. „Ljúflingar og fleira fólk: Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra huldufólkssagna.“ *Tímarit Máls og menningar* 3, 319–336.
- Guðrún Ingólfssdóttir, 1983. Kötludraumur: Tengsl sagna og kvæðis. ópr. námsritgerð úr námskeiði hjá Jóni Samsonarsyni við H.Í.
- Inga Huld Hákonardóttir, 1992. *Fjarri hlýju hjónasængur*. Mál og menning, Reykjavík.

- Jakob Benediktsson, 1948 a. „Inngangur.“ Guðmundur Andr sson: Deilurit. Jakob Benediktsson bj  til prentunar. * slenzk rit s dari alda* 2, Hi  islenzka fr daf lag í Kaupmannah fn.
- , 1948 b. Ole Worm's Correspondence with Icelanders. *Bibliotheca Arnarnagn ana* VII. Einar Munksgaard, Kaupmannah fn.
- J n  rnason, 1862. * slenzkar þj ds gur og  fint ri* I. A  Forlagi J. C. Hinrichs's b kaverzlunar, Leipzig.
- , 1961. * slenzkar þj ds gur og  vint ri* VI.  rni B  varsson og Bjarni Vilhjalms son  nnu ust  tg funa. B ka tg fan Þj dsaga, Reykjav k.
- J n Helgason, 1926. J n  lafsson fr  Grunnav k. *Safn Fr  afjellsins* V. Hi  islenzka fr dafjellag í Kaupmannah fn.
- , 1953. Norges og Islands Digtning. *Nordisk kultur* VIII:B. Upps lum, 3–179.
- , 1962.  slenzk fornkv  i I. *Editiones Arnarnagn an *, Series B, vol. 10. Kaupmannah fn.
- , 1967. „ b ta v sur.“ Opuscula III. *Bibliotheca Arnarnagn ana* XXIX. Munksgaard, Kaupmannah fn, 173–183.
- , skr  og laus bl   um handrit K tludraums,  pr.
- , uppskriftir af t lf handritum K tludraums,  pr.
- J n Samsonarson, 1967. „Nokkur rit fr  16. og 17.  ld um islenzk efni.“ Opuscula III. *Bibliotheca Arnarnagn ana* XXIX. Munksgaard, Kaupmannah fn, 221–271.
- J n Porkelsson, 1888. *Om digtingen p  Island i det 15. og 16.  rhundrede*. Kaupmannah fn.
- Katalog over Den Arnarnagn anske h ndskriftsamling*, 2. bindi. Kommissionen for Det Arnarnagn anske legat, Kaupmannah fn 1894.
- Kv  ab k s ra Gissurar Sveinssonar AM 147, 8vo. * slenzk rit s dari alda*: Lj sprentanir 2 (A, lj sprenta ur texti, og B, inngangur eftir J n Helgason). Hi  islenzka fr daf lag í Kaupmannah fn, 1960.
- L nnroth, Lars, 1971. „Hj lmar's Death-Song and the Delivery of Eddic Poetry.“ *Speculum* 46, 1–20.
- M r J nsson, 1989. „Barnsfe run og ei at kur   17.  ld.“ *N  saga* 3, bls. 34–46.
- N na Bj rk Elf sson, 1980. „Eru sagnadansar kvennat nlist?“ *Konur skrifa til hei urs  nmu Sigur ard ttur*. S guf lag, Reykjav k, 143–154.
-  lafur Davi sson, 1898.  slenzkar þulur og þj  kv  i. * slenzkar g tur, skemt nir, vikivakar og þulur* IV. Hi  islenzka b kmentaf lag, Kaupmannah fn, 1898–1903.
-  lafur Halld rsson, 1978. *Gr nland í mi aldaritum*. S guf lag, Reykjav k.
- Sigf s Sigf sson, 1991. * slenzkar þj ds gur og sagnir* X. Gr mur M. Helgason og Helgi Gr msson bjuggu til prentunar. B ka tg fan Þj dsaga, Reykjav k.
- Thompson, Stith, 1934. Motif-Index of Folk-Literature, vol. 3, F-H. *FF Communications* No. 108. Academia Scientiarum Fennica, Helsinki.


- The Types of the Scandinavian Medieval Ballad. Rítstj. Bengt R. Jonsson, Svale Solheim og Eva Danielson. *Skrifter utgivna av svenskt visarkiv* 5. Stokkhólmi 1978.
- Vésteinn Ólason, 1982. The Traditional Ballads of Iceland. *Rit* 22. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Porgeir Kjartansson, 1982. „Stóridómur: Nokkur orð um siðferðishugsjónir Páls Stígssonar.“ *Sagnir* 3, 2–12.
- Pormóður Torfason, 1705. Formáli í *Historia Hrolfi krakii*, útg. á latínu af Thormodum Torfæum. Kaupmannahöfn.
- Þorvaldur Thoroddsen, 1898. *Landfræðissaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar* II. Hið íslenska bókmentafjelag, Kaupmannahöfn.

SUMMARY IN ENGLISH

„Kötludraumur: Literary Motif or Social Reality?“

In the eddic meter but with the content of a ballad, the poem *Kötludraumur* (The Dream of Katla) relates the story of a married woman Katla who became pregnant during her husband's absence at the Althing. In a deep sleep she dreamt that Alvör, a woman whose name suggests „the hidden people“, led her to her son Kár, an elf, with whom Katla spent four days. Describing Katla's dream and her husband's and brothers' reaction, *Kötludraumur* exists in several versions and is preserved in about 80 MSS dating from the 17th to the 19th centuries.

Claiming that the poem was old and well-known in all quarters of Iceland, an early 17th century source identifies the married couple as belonging among the early settlers of the tenth century mentioned in the *Book of Settlements* (compiled in the 12th and 13th centuries). Nonetheless, the preserved versions of the poem stem from a period when the death penalty was meted out to people who committed the crime of which Katla was guilty. This harsh treatment was introduced in 1564 with the so-called *Stóridómur* and not repealed until 1838. The article examines the various versions of *Kötludraumur* and suggests the possibility that the poem reflects a burning social issue in 17th century Iceland: how to deal with a wife's extramarital pregnancy. Focusing on the wish of Katla's husband and brothers to conceal the pregnancy and accept the child as legitimate, the poem is in stark contrast to the official policy of prosecution in such cases promulgated by ecclesiastical and secular officials. The article concludes by suggesting that stories and poetry from older times be analyzed separately from clerical literature and law codes since the latter do not necessarily reflect the system of values dominant among ordinary people.



ÓLAFUR HALLDÓRSSON

Christian Westergård-Nielsen,
prófessor dr. phil.
24. 11. 1910 – 26. 8. 1994

ÞVÍ HEFUR löngum verið við brugðið að danski málvísindamaðurinn Rasmus Kristian Rask hafi talað íslensku svo vel að þeir sem ekki vissu betur hafi ekki heyrt annað á máli hans en að hann væri Íslendingur. Það var einsdæmi um danskan mann á þeirri tíð. En á þessari öld telst það ekki til tíðinda að danskir málvísindamenn tali íslensku eins og innfæddir, og sumir raunar betur. Einn af þeim var Christian Westergård-Nielsen.

Christian Westergård-Nielsen var fæddur í Kaupmannahöfn 24. nóvember 1910 og ólst þar upp. Foreldrar hans voru Marius Theodor Nielsen, sóknarprestur, og kona hans, Julie Marie Westergaard. Hann var settur til náms í einn virðulegasta og strangasta menntaskóla Kaupmannahafnar, Metropolitan-skólann, og lauk þaðan stúdentsprófi 1929. Eftir stúdentspróf innritaðist hann í Hafnarháskóla og lagði stund á norræn fræði (nordisk filologi) og var lengi við nám, enda mun hann hafa sett markið hátt. Hann vann til gullmedalú háskólans 1937 með ritgerð um tökuorð í prentuðum íslenskum bókum frá 16. öld og lauk magistersprófi 1938. Ritgerðina, sem hann hafði unnið að frá áramótum 1935, endursamdi hann síðan og jók að miklum mun við erfiðar aðstæður á stríðsárunum og gerði úr henni mikla bók, samtals á sjötta hundrað blaðsíður: *Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur*, sem kom út á vegum Árnaneftndar (Den Arnemagnæanske Kommission) í Kaupmannahöfn 1946, sjötta bindið í ritröðinni *Bibliotheca Arnemagnæana*. Við samningu þessarar bókar naut Chr.W-N þess hve vel hann var að sér í íslensku og íslenskri málsögu, en einnig er augljóst að til að semja slíka bók þurfti staðgóða kunnáttu í norrænum málum, svo og í miðlágþýsku og miðháþýsku. Það er með öðrum orðum augljóst að bókin er samin af vel lærðum málfræðingi. Bókin skiptist í skrár og inngang á 107 blaðsíðum og tökuorðabók á 406 blað-

síðum. Í inngangi er gerð grein fyrir tökuorðum í íslensku á 16. öld og úr hvaða málum þau muni ættuð. Í orðabókinni eru við hvert uppsláttarorð tilfærð dæmi um notkun orðsins í þeim sextánda aldar bókum íslenskum sem voru orðteknar og öll dæmi tekin stafrétt eftir heimildunum, en dæmi látin fylgja um samsvarandi orð í því tungumáli sem var lánveitandinn, oftast þýska eða danska, og þau dæmi tekin úr þeim prentuðu bókum sem telja má öruggt eða líklegt að íslenskir þýðendur hafi notað.

Með þessari bók leysti Chr.W-N óhemju mikið og erfitt verk af hendi, í fyrsta lagi að orðtaka öll heimildaritnin og skera úr um hvað væru tökuorð og hversu gömul þau væru í málinu, hver þessara tökuorða væru tekin af þýðendum beint úr erlendum bókum og hver væru líkleg til að hafa borist í málið eftir öðrum leiðum, sem er raunar meiri hluti orðaforðans í bókinni; í öðru lagi að fara vandlega yfir allt efnið og gaumgæfa að allt væri orðrétt og stafrétt tekið upp eftir heimildunum, en þar var hann undir ströngum aga Jóns Helgasonar prófessors sem reyndist honum betri en enginn við prófarkalestur og leiðbeiningar. Þessi bók er brautryðjanda verk, ómissandi handbók þeirra sem fást við íslenska málsögu, einkum málsögu fyrstu áratuganna eftir siðaskipti, enda hefur oft verið til hennar vitnað síðan hún kom út.

Vinna Chr.W-N's við þessa bók mun hafa orðið til þess að hann fékk áhuga á að kanna betur og gefa út rit íslenskra siðaskiptamanna. Að þessu viku hann í inngangi að doktorsritgerð sinni: *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering*, sem vikið er að hér á eftir:

For den, der har prøvet at arbejde med et enkelt område af det 16. århundredes nordiske sproghistoriske udvikling, må det stå som en ganske særlig attraktiv opgave at undersøge en nordisk bibels tilblivelseshistorie, og her er da igen biskop *Guðbrandur Þorlákssons* udgave af den hele bibel på islandsk sprog, Hólar 1584, sammen med de forskellige problemer omkring dens tilblivelse kommet til at virke særlig tiltrækkende – og det af flere grunde. (Bls. XIV.)

Skömmu eftir að *Låneordene* kom út tók hann til við að undirbúa útgáfu á þýðingu Gissurar biskups Einarssonar á Jesú Síraks bók (*Ecclesiasticus*) og Orðskviðum Salómons. Þessi rit höfðu bæði verið gefin út á prent af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni á Hólum 1580, og aftur var textinn prentaður 1584 í Guðbrandsbiblíu. Af Hólaprentinu



frá 1580 eru þrjú óheil eintök varðveitt af Jesú Síraks bók (í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, Háskólabókasafni í Uppsöllum og Advocates' Library í Edinborg) og tvö af Orðskviðum Salómons (í

Konungsbókhöðu í Kaupmannahöfn og Háskólabókasafni í Uppsölum), annað þeirra heilt (Uppsala eintakið). Frumrit Gissurar Einarssonar er glatað, en Hólaútgáfan gerð eftir heldur lélegu handriti, Sth. perg. 10 4to. Þessi rit gaf Chr.W-N út í Bibl. Arn. XV, Kaupmannahöfn 1955. Textann prentaði hann stafrétt eftir Sth. perg. 10 4to og tók lagfæringar eftir öðrum handritum þar sem þess var þörf. Undir texta eru prentuð lesbrigði eftir þremur skinnbókum og sex brotum úr skinnbókum, en öll þessi handrit hafa verið skrifuð áður en ritin voru prentuð á Hólum 1580. Neðst á blaðsíðunum er svo prentaður texti lágþýskrar biblíu sem Chr.W-N sýndi fram á að hefði verið það forrit sem Gissur Einarsson þýddi eftir. Sú biblía var prentuð í Wittenberg 1541. Um þessi rit fjallar síðan doktorsrit Chr.W-N's: *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering*. En filologisk studie over Ecclesiasticus og Prouerbia Salomonis i det 16. århundrede. Bibliotheca Arnamagnæana. Vol. XVI. Kaupmannahöfn 1957. Í þessari bók er í upphafi greinargerð fyrir tilgangi ritsins, síðan stutt yfirlit yfir elstu biblíuþýðingar, en í meginhluta bókarinnar eru lýsingar á handritunum, kafli um þýðinguna og varðveislu hennar, þar sem meðal annars er fjallað um Gissur Einarsson, ævi hans og störf, en að lokum kafli um eldri útgáfur.

Þessar bækur voru lengi í smíðum, enda ekkert áhlaupaverk að leita í öllum þeim biblíum sem höfðu verið gefnar út í Þýskalandi fyrir 1545 hver þeirra mundi hafa verið það forrit sem Gissur þýddi eftir, en þetta forrit tókst Chr.W-N að finna.

Þessar þrjár bækur sem nú hafa verið nefndar eru höfuðrit Chr.W-N's og þau verk sem oft mun verða leitað til meðan íslensk fræði eru stunduð. Fyrir þessi verk og þann þekkingarauka sem í þeim er að finna mega Íslendingar vera honum þakklátir.

Í formála fyrir *To bibelske visdomsbøger* tekur Chr.W-N fram að ritgerðin 'bygger på resultater af syv års arbejde' og að 'Fremstillingen undgår næppe helt at bære præg af hovedsagelig at være blevet til i sene nattetimer.' (Bls. IX.) Næturvinnan stafaði að vísu ekki einvörðungu af því að honum gæfist ekki tími til að vinna við ritgerðina á daginn vegna annarra starfa. Maðurinn var að ýmsu leyti sérstæður, og eitt af sérkennum hans var að sitja við vinnu fram yfir miðnætti og ganga ekki til náða fyrir en langt var liðið á nótt.

Chr.W-N var ráðinn stundakennari (undervisningsassistent) í norænu við Hafnarháskóla 1947 og síðar lektor árin 1955-57. Hann var

ráðinn umsjónarmaður á stúdentagarðinum Nordisk Kollegium 1946 og viceefor 1949–56. Ég minnst þess, þegar ég fékk inni á Nordisk Kollegium á árunum 1954–56, að þá sat Chr.W-N löngum stundum, einkum síðla dags, yfir próförkum á skrifstofu sinni og hafði stúdenta sér til aðstoðar við samanburð og könnun heimilda, en sat oft og einatt sjálfur við vinnu langt fram yfir miðnætti. Það háði honum nokkuð sem útgefanda, að hann réð ekki auðveldlega við þá smásmugulegu nákvæmni sem til þarf, að taka texta stafrétt eftir handritum eða gömlum prentuðum bókum og meðal annars þess vegna mun hann hafa fengið sér aðstoðarmenn til að tryggja að frágangur væri í lagi. Ef svo vildi til að ég kæmi á Kollegíð um tvöleytið að næturlagi og liti inn í setustofu átti ég á hættu að rekast þar á Chr.W-N, en það gat kostað klukkutíma samtál, og yfirleitt var það ekki hann sem sleit samtalinu. Bæði var, að maðurinn var forvitinn og þurfti margs að spyrja, enda vissi hann ótrúlega mikið um menn og málefni á Íslandi, og sjálfur hafði hann frá mörgu að segja og sagði vel frá, enda sögumaður með ágætum. Satt að segja var freistandi að líta inn í setustofuna áður en gengið var til náða og athuga hvort kostur væri á skemmtilegum samræðum, enda þótt það kæmi niður á næturhvíldinni.

Christian Westergård-Nielsen kom í fyrsta skipti til Íslands tvítugur stúdent árið 1930 og var þá í hópi danskra stúdenta sem komu á alþingishátíðina á Þingvöllum; hann var aftur hér á landi árin 1932–33, en þau ár gegndi hann herþjónustu og var þá til aðstoðar dönskum landmælingamönnum og ferðaðist víða um landið, mest á hestum, og enn var hann hér á landi árið 1937. Undirstöðu að íslenskunámi hafði hann fengið í menntaskóla. Á þeim árum var sú grein hluti af móðurmálskennslu í dönskum menntaskólum sem Danir nefndu oldnordisk. Þeir sem það nám stunduðu lásu *Oldnordisk læsebog* eftir Ludvig F.A. Wimmer og fengu dágóða undirstöðu í norrænni málfræði. Sú undirstaða kom Chr.W-N að góðu gagni, og á ferðum sínum á Íslandi náði hann því valdi á málinu að enginn gat heyrt annað en að íslenska væri hans móðurmál. Ég hef séð löng bréf sem hann skrifaði vini sínum eftir seinna stríð, prýðisvel stíluð á lýtalausri íslensku.

Eftir ferðir sínar til Íslands hygg ég ekki ofmælt að segja að Chr.W-N hafi tekið ástfóstri við landið, og í Kaupmannahöfn leitaðist hann við að hafa samband við Íslendinga. Hann var ritari félagsins Dansk-Íslandsk Samfund árin 1940–57, sá um árbók félagsins 1946–52 og var í stjórn þess til 1959. Hann hafði mikinn áhuga á menningarleg-

um samskiptum Dana og Íslendinga og ritaði fjölda greina í dönsk blöð um Ísland og íslensk málefni á stríðsárunum og fyrstu árunum eftir stríð. 'Islandsk Sommer' birtist í *Berlingske Aftenavis* á stríðsárunum, rómantísk lýsing á íslensku sumri, skrifuð af mikilli hlýju. Þegar Íslendingar ákváðu að slíta sambandinu við Danmörk og stofna lýðveldi var því að sjálfsögðu ekki vel tekið af Dönum, en þá gerðist Chr.W-N málsvari Íslendinga og skýrði fyrir löndum sínum sögulegar og tilfinningalegar ástæður Íslendinga fyrir því að taka öll sín mál í eigin hendur og stofna lýðveldi. Að þessu vikur hann í lokum greinar í *Gads danske Magazin* 1943: 'Det frie og selvstændige Island. 1918 – 1. December – 1943.' Í *Berlingske Aftenavis* 6. mars 1944 er greinin: 'Islands Vej', þar sem málstaður Íslendinga er túlkaður af vinsemd og skilningi, og um sama efni er grein í *Nationaltidende* 16. júní 1945: 'Danmark og Island'. Þessu vinarbragði eiga Íslendingar ekki að gleyma. Því skal heldur ekki gleymt að fyrir tilstilli Chr.W-N's fengu fleiri íslenskir stúdentar inni á Nordisk Kollegium en ef hans hefði ekki notið við.

En svo kom handritamálið.

Ellefta desember 1952 birtist kjallaragrein (króníka) eftir Chr.W-N í *Berlingske Aftenavis*: 'Haandskrift-Striden – et Forslag'. Meginhluti þessarar greinar er tiltölulega hlutlaus umfjöllun um handritamálið, um hvað það snúist og hvað liggja að baki kröfum Íslendinga um að fá íslensk handrit aftur heim. Að vísu er öllu meira fjallað um það sem höfundurinn kallar 'at Debatten fra islandsk Side har skudt visse Vildskud.' Meðal annars getur hann þess að háskólamaður einn ('En enkelt Akademiker') hafi haldið því fram að Ísland ætti af sögulegum ástæðum ekki einungis að krefjast þess að handritunum væri skilað, heldur einnig Grænlandi, hlut Íslands í gimsteinum krúnunnar ('Kronjuveler') og hluta af andvirði dönsku Vesturheimseyjanna sem voru seldar undan konungsríkinu án þess að Íslendingar væru spurðir. Ekki veit ég hver þessi háskólamaður var – og vil ekki vita það. Ef vilji hefði verið fyrir hendi hefði verið auðvelt að nefna álíka vitlaus skrif eftir danska háskólamenn, en því sleppti Chr.W-N. Að öðru leyti er naumast hægt að segja annað en að Chr.W-N hafi í þessari grein fjallað um handritamálið af sanngirni, og þetta hefði verið þörf grein ef höfundurinn hefði ekki hlaupið út undan sér. Undir lok greinarinnar stendur þetta:

Naar Realiteterne synes at overmande et Menneske, føler man sig undertiden tilskyndet til at tage sin Tilflugt til Drømmenes Verden. Og det maa vist her til Slut være tilladt at fremsætte en saadan Drøm:

Og draumurinn var að skipta í helminga öllum þeim handritum í Árnasafni og í Konungsbókhlöðu sem um var deilt, þannig að annar helmingurinn færi til Reykjavíkur, en hinn yrði eftir í Höfn. Skiptunum skyldi hagað þannig, að handrit með jöfnum tölum í safnnúmeri færu til Íslands ásamt ljósmyndum af þeim sem yrðu eftir í Höfn, en handrit með ójöfnum tölum í númeri yrðu eftir ásamt ljósmyndum af þeim sem færu til Íslands. Þetta var ekki hægt að taka alvarlega; hugmyndin um skiptinguna og hvernig að henni skyldi staðið fór alveg með þessa til-
tölulega meinlausu grein, og Íslendingar urðu höfundinum reiðari en efni stóðu til. En þótt hugmyndin um aðferð við skiptingu handritanna væri vitlaus er vert að taka upp þessa klausu úr greininni:

Og det ideelle Indhold i Drømmen er, at der skabes bedre Vilkaar for Udøvelsen af islandsk Filologi. Denne Videnskabsgren bliver nu ikke afhængig af Konjunkturerne i et enkelt Land. Det ene Lands Resultater vil uvægerligt opmuntre til øget Indsats i det andet Land, og derved vilde man unægtelig varetage de omstridte Haandskrifters Tarv bedst. Og det er jo – bortset fra alle nationale Prestigehensyn – Haandskrifternes Fremtid, Sagen drejer sig om.

Ætli sá tími sé ekki kominn að við getum tekið undir þetta?

Mér er ekki kunnugt um hvað fór á milli háttsettra Íslendinga og Chr.W-N's eftir að þessi grein birtist, en hitt veit ég, að eftir þetta sneri hann algerlega við blaðinu og gerðist einn ákveðnasti andstæðingur Íslendinga í handritamálinu. Hann var skipaður formaður Árnaneftdar 1962 og átti sinn þátt í því, eftir að lögin um afhendingu handritanna voru endanlega samþykkt í danska þinginu 1965, að mál var höfðað til að hnekkja þeirri samþykkt þingsins, og þegar það vannst ekki var höfðað annað mál og krafist bóta fyrir þau handrit sem færu til Íslands. Þessum málaferlum lauk með dómi hæstaréttar Danmerkur 19. mars 1971, sem féll þinginu í vil.

Árið 1971 var skipuð fjögurra manna nefnd til að gera tillögur um skiptingu íslenskra handrita í Árnasafni og Konungsbókhlöðu milli Ís-

